



Alþjóðalyfjaeftirlitið

# **Alþjóðlegar reglur um lyfjapróf**

Janúar 2009

## Alþjóðlegar reglur um lyfjapróf

Alþjóðlegar reglur um lyfjapróf voru fyrst samþykktar 2003 og tóku gildi 2004. Þessi útgáfa inniheldur breytingar á alþjóðlegum reglum um lyfjapróf sem voru samþykktar af framkvæmdanefnd alþjóðalyfjaeftirlitsins 10. maí, 2008. Endurskoðaða útgáfan af alþjóðlegu reglunum um lyfjapróf tekur gildi 1. janúar, 2008.

Birting 16. maí, 2008:

World Anti-Doping Agency  
Stock Exchange Tower  
800 Place Victoria (Suite 1700)  
PO Box 120  
Montreal, Quebec,  
Canada H4Z 1B7

Netslóð: [www.wada-ama.org](http://www.wada-ama.org)

Sími: +1 514 904 9232  
Símbref: +1 514 904 8650  
Netfang: [code@wada-ama.org](mailto:code@wada-ama.org)

## FORMÁLI

Alþjóðlegar reglur alþjóða *lyfjaeftirlitsins* um lyfjapróf eru lögboðnar alþjóðlegar reglur eru (2. stigs) þróaðar sem hluti af starfsemi alþjóðalyfja *lyfjaeftirlitsins*.

Útgáfa 3.0 af alþjóðlegum reglum um lyfjapróf var samþykkt af stjórn WADA 7. júní, 2003. Í samræmi við endurskoðun á lyfjareglunum 2003, hófust viðræður við undirritunaraðila til að endurskoðuna alþjóðlegu reglurnar um lyfjapróf. Útgáfa 1.0 af endurskoðuðu alþjóðlegu reglunum um lyfjapróf var send til undirritunaraðila og stjórnvalda til skoðunar og athugasemda í ágúst 2006. Útgáfa 2.0 (2007), 3.0 (2007) og 4.0 (2008) voru einnig gerðar eftir athugasemdir og tillögur frá undirritunaraðilum og stjórnvöldum meðan á viðræðuferlinu stóð. Alþjóðlegu reglurnar um lyfjapróf (janúar 2009) voru samþykktar af stjórn WADA í maí 2008.

Hinn opinberi texti alþjóðareglna fyrir undanþágur vegna lækninga er í umsjón **WADA** og skal birtur á ensku eða frönsku. Ef kemur til misræmis milli ensku og frönsku útgáfunnar, skal enska útgáfan ráða.

## **Efnisyfirlit**

## 1. hluti: Inngangur

### Lyfjareglur Ákvæði og skilgreiningar

#### 1.0 Inngangur og gildissvið

Megintilgangur alþjóðlegum reglnanna um lyfjapróf er að skipuleggja skilvirk próf, bæði í keppni og utan keppni, og að varðveita heilindi og auðkenni sýnanna, allt frá tilkynningu til íþróttamanns til flutnings sýnanna á rannsóknarstofu til greiningar.

Alþjóðlegu reglurnar um lyfjapróf fela í sér reglur um skipulag á dreifingu prófa, tilkynningar til íþróttamanna, undirbúning og umsjón með sýnatöku, öryggisgæslu og umsjón tekinnna sýna og flutning þeirra.

Að auki eru í kafla 11.0 í Alþjóðlegum reglum um lyfjapróf, skylduákvæði sem alþjóðasambönd og landslyfjæftirlit verða að uppfylla (og einnig viðurkennd af öðrum lyfjæftirlitum) varðandi kröfur um dvalarstað íþróttamanna í skráðum lyfjaprófunarhópum. Þrjú tilvik á átján mánaða tímabili þar sem slíkar kröfur eru ekki uppfylltar, teljast brot á lyfjareglum samkvæmt grein 2.4 í lyfjareglunum.

Alþjóðlegu reglurnar um lyfjapróf ásamt öllum viðaukum eru lögboðin fyrir alla undirritunaraðila lyfjareglanna.

Alþjóða lyfjæftirlitið nær til allra þátta sem þarf til að tryggja sem besta samræmingu og fyrirmyndarstarfsvenjur í alþjóðlegu og landslegu lyfjæftirliti.

Helstu þættirnir eru:

Lyfjareglurnar (Stig 1)

Alþjóðareglur (Stig 2)

og Bestu starfsvenjur (Stig 3).

Í inngangi lyfjareglanna er tilgangur alþjóðlegum reglnanna og framkvæmd þeirra dreginn saman sem hér segir:

“Alþjóðlegar reglur um mismunandi tækni-og framkvæmdahluta lyfjæftirlitsins verða þróaðar í samráði við undirritunaraðila og stjórnvöld og samþykkt af WADA. Tilgangur alþjóðlegu reglnanna er samræmi milli lyfjæftirlita sem bera ábyrgð á sértækum tækni-og framkvæmdahlutum áætlana gegn ólöglegri lyfjanotkun. Fylgni við alþjóðlegu reglurnar er lögboðin til að hlíta reglunum. Alþjóðlegu reglunum má breyta hverju sinni af framkvæmdaráði WADA að undangengnu sanngjörnu samráði við undirritunaraðila og stjórnvöld. Ef ekki er kveðið á um annað í reglunum, taka alþjóðlegu reglurnar og allar breytingar á þeim gildi á þeim degi sem er tiltekinn í alþjóðlegu reglunum eða breytingum.”

Skilgreiningar í lyfjareglunum eru skálettraðar. Aðrar skilgreiningar sem tilheyra sérstaklega alþjóðlegu reglunum um lyfjapróf eru undirstrikaðar.

#### 2.0 Ákvæði lyfjareglanna

Eftirfarandi greinar í lyfjareglunum 2009 eiga við um *alþjóðareglur um lyfjapróf*:

### **Lyfjareglurnar - grein 2 Brot á lyfjareglum**

**2.3** Að neita eða láta hjá líða, án óyggjandi réttlætningar, að mæta til sýnistöku eftir boðun eins og heimilað er í viðeigandi reglum um lyfjanotkun eða á annan hátt komast hjá að veita sýni.

*[Athugasemd við grein 2.3: Að láta hjá líða eða neita að mæta til sýnistöku eftir boðun var bannað í nær öllum fyrri reglum um lyfjanotkun. Þessi grein útvíkkar hina dæmigerðu reglu að innifela “eða á annan hátt komast hjá að veita sýni” sem bannað framferði. Þannig væri það til dæmis brot á reglum um lyfjanotkun ef sýnt væri fram á að íþróttamaður feldi sig fyrir lyfjaeftirlitsmanni sem reyndi að láta fara fram lyfjapróf. Brot á “Að neita eða láta hjá líða, án óyggjandi réttlætningar, að mæta til sýnistöku” má byggja á annað hvort ásetningi íþróttamanns eða hirðuleysi en að “forðast” sýnisveitingu telst ásetningur af hálfu íþróttamanns]*

**2.4** **Brot á gildandi kröfum hvað varðar aðgengi íþróttamanns til prófana utan keppni** ná einnig til vanrækslu á því að veita tilskildar upplýsingar um dvalarstað og missi af prófum sem eru tilkynnt samkvæmt alþjóðlegum reglum um lyfjapróf. Missi íþróttamaður af þremur prófum og/eða tilkynnir ekki dvalarstað sinn á átján mánaða tímabili skv. ákvörðun lyfjaeftirlitsins sem hefur lögsögu yfir íþróttamanninum, telst það brot á reglum um lyfjanotkun.

*[Athugasemd við grein 2.4: Vanræksla um tilkynningu á dvalarstað og tilkynnt skróp í prófum samkvæmt reglum Alþjóðasambands íþróttamannsins eða einhvers lyfjaeftirlits með vald til að tilkynna vanrækslu um tilkynningu á dvalarstað og skróp í prófum í samræmi við alþjóðlegar reglur um lyfjapróf, skulu sameinast í þessari grein. Við ákveðnar aðstæður getur skróp í prófum eða vanræksla um tilkynningu á dvalarstað einnig talist brot á lyfjareglum samkvæmt grein 2.3 eða grein 2.5...]*

**2.5** **Fölsun eða tilraun til fölsunar á lyfjaeftirliti** *[Athugasemd við grein 2.5: Þessi grein bannar framferði sem grefur undan lyfjaeftirliti en er ekki að öðru leyti lýst í skilgreiningu á bönnuðum aðferðum. Til dæmis, að breyta kennitölum á lyfjaeftirlitseyðublaðivið prófun eða brjóta B-flöskuna við greiningu á B-sýni eða gefa villandi upplýsingar til lyfjaeftirlitsins.]*

**2.8** **Gjöf eða tilraun til að gefa íþróttamanni í keppni** bannað efni eða beita bannaðri aðferð, eða gjöf eða tilraun til að gefa íþróttamanni utan keppni bannað efni eða bannaða aðferð sem er bannað utan keppni, eða aðstoð, hvatning, hjálp, stuðningur, yfirhýlming eða annars konar samsekt sem felur í sér brot á reglum um lyfjanotkun eða tilraun til brots á lyfjareglum.

*[Athugasemd við grein 2: Lyfjareglurnar gera það ekki að broti á lyfjareglum fyrir íþróttamann eða annan einstakling að vinna með eða aðstoða aðstoðarfólk íþróttamanns sem tekur út bann. Þó getur íþróttasamband sett sínar eigin reglur sem banna slíkt framferði...]*

### **Lyfjareglurnar - grein 3 Sönnun um lyfjanotkun**

**3.2.2** Frávik frá alþjóðlegum viðmiðum um lyfjapróf eða öðrum lyfjareglum eða stefnu, sem leiddi ekki til rangra greiningarniðurstæðna eða annars brots á lyfjareglum, skal ekki ógilda slíkar niðurstöðu. Ef íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur sýnir fram á að frávik frá alþjóðlegu viðmiðunum eða öðrum lyfjareglum eða stefnum, sem gætu með réttu hafa valdið röngum greiningarniðurstöðum eða að annað brot á lyfjareglum hafi átt sér stað, þá ber

framkvæmdaaðila lyfjaeftirlits að sýna fram á að viðkomandi frávík höfðu ekki áhrif á niðurstöðurnar eða þá staðreynd að brot á reglum um lyfjanotkun hafi átt sér stað

## **Lyfjareglurnar - grein 5 LYFJAPRÓF**

### **5.1 Skipulag á dreifingu prófa**

Með fyrirvara um takmörkun laga á prófunum í keppni samkvæmt grein 15.1, skal lyfjaeftirlit hvers lands hafa prófunarlögsögu yfir öllum íþróttamönnum sem eru staddir í land viðkomandi lyfjaeftirlits eða sem eru innfæddir þar, íbúar, leyfishafar eða tilheyra íþróttafélagi viðkomandi lands. Sérhvert alþjóðasamband skal hafa prófunarlögsögu yfir öllum íþróttamönnum sem eru meðlimir landssambanda eða taka þátt í mótum þeirra. Allir íþróttamenn skulu hlíta beiðni um prófun lyfjaeftirlits í viðkomandi lögsögu. Í samstarfi við önnur lyfjaeftirlit sem gera prófanir á sömu íþróttamönnunum og í samræmi við alþjóðareglur um lyfjapróf, skal sérhvert lyfjaeftirlit:

5.1.1 Skipuleggja og framkvæma skilvirkan fjölda prófa í keppni og utan keppni á íþróttamönnum sem heyra undir lögsögu lyfjaeftirlitsins, sem nær til en takmarkast ekki við íþróttamenn í viðkomandi skráðum prófunarhópum. Hvert alþjóðasamband skal koma á skráðum prófunarhópi íþróttamanna á alþjóðlegu stigi í sinni íþrótt og hver framkvæmdaaðili lyfjaeftirlits skal koma á skráðum prófunarhópi íþróttamanna á landsstigi í sínu land eða sem eru innfæddir þar, íbúar, leyfishafar eða tilheyra íþróttafélagi viðkomandi lands. Í samræmi við grein 14.3, skulu allir íþróttamenn í skráðum prófunarhópi hlíta kröfum um tilkynningar á dvalarstað eins og kveðið er á um í alþjóðareglum um lyfjapróf.

5.1.2 Prófun utan keppni skal ætíð vera fyrirvaralaus nema í sérstökum aðstæðum.

5.1.3 Afmörkuð prófun skal hafa forgang.

5.1.4 Prófið þá íþróttamenn sem eru í keppnisbanni eða í tímabundnum brottrekstri.

[Athugasemd við grein 5.1.3: Afmörkuð prófun er tilgreind þar sem slembiprófun eða jafnvel vegin slembiprófun, tryggir ekki að allir viðeigandi íþróttamenn verði prófaðir. (Til dæmis: Heimsklassaíþróttamenn, íþróttamenn sem hafa tekið stórfelldum framförum á stuttum tíma, íþróttamenn með þjálfara sem hafa þjálfað íþróttamenn sem hafa mælst jákvæðir á prófi, o.sv.frv.)

Augljóslega má ekki nota afmarkaða prófun til annars en lögmæts lyfjaeftirlits. Lyfjareglurnar kveða skýrt á um að íþróttamenn hafi engan rétt til að vænta þess að þeir séu eingöngu prófaðir af handahófi. Á sama hátt eru afmörkuð próf enginn grundvöllur til grunsemda eða sektar.)

5.2 **Reglur fyrir próf** Framkvæmdaaðili lyfjaeftirlits sem sér um prófið skal gera það í samræmi við alþjóðlegar reglur um lyfjapróf.

### **5.3 Íþróttamenn sem snúa aftur til keppni**

Sérhvert lyfjaeftirlit skal setja reglur um keppniskröfur fyrir íþróttamenn sem eru ekki í keppnisbanni og hætta keppni í íþrótt þar sem þeir voru í skráðum prófunarhópi og vilja síðan snúa aftur til virkrar þátttöku í íþróttum.

## **Lyfjareglurnar - grein 7 MEÐFERÐ NIÐURSTAÐNA**

**7.1 Frumendurskoðun hvað varðar óeðlilega niðurstöðu** Við móttöku á óeðlilegu sýni skal framkvæmdaaðili *lyfjaeftirlits* sem er ábyrgt fyrir meðferð niðurstaðna standa fyrir endurskoðun til að úrskurða hvort: (a) gild undanþága vegna notkunar til lækninga hafi verið veitt, eða (b) hvort vikið hafi verið frá alþjóðlegum reglum um lyfjapróf eða rannsóknarstofugreiningu sem olli óeðlilegu niðurstaðna.

**7.2 Tilkynning eftir frumendurskoðun varðandi óeðlilega niðurstöður** Ef frumendurskoðun á óeðlilegri niðurstöðu samkvæmt grein 7.1 sýnir ekki gildandi undanþágu vegna notkunar til lækninga eða rétt á undanþágu vegna notkunar til lækninga samkvæmt alþjóðareglum um undanþágur vegna lækninga, eða frávik sem orsakaði óeðlilegu niðurstöðuna, skal framkvæmdaaðili *lyfjaeftirlits* tilkynna *íþróttamanninum* tafarlaust samkvæmt reglum sínum, um: (a) óeðlilegu niðurstöðuna; (b) regluna um lyfjanotkun sem var brotin, (c) rétt *íþróttamannsins* til að krefjast tafarlausrar greiningu á B-sýni eða, ef slík beiðni kemur ekki fram, að B-sýnið megi telja afsalað; (d) dagsetningu, tíma og stað fyrir greiningu á B sýninu, (e) tækifæri *íþróttamannsins* og/eða fulltrúa hans til að vera við opnun B-sýnisins og greiningu þess á hinum tilgreinda tíma sem er kveðið á um í alþjóðareglum um rannsóknarstofur ef farið er fram á slíka greiningu, og (f) rétt *íþróttamannsins* til að krefjast afrita af gögnum rannsóknarstofunnar um A- og B-sýnin sem innihalda upplýsingar samkvæmt alþjóðlegum reglum um rannsóknarstofur. Lyfjareftirlitið skal einnig tilkynna öðrum *lyfjaeftirlitum* sem tiltekin eru í grein 14.1.2. Ef *lyfjaeftirlitið* ákveður að leggja ekki fram hina óeðlilegu niðurstöðu sem brot á lyfjareglum, skal það tilkynna *íþróttamanninum* það sem og þeim *lyfjaeftirlitum* sem tiltekin eru í grein 14.1.2..

### 7.3 Endurskoðun á ódæmigerðum niðurstöðum

Eins og kveðið er á um í alþjóðareglum, er rannsóknarstofum í sumum aðstæðum fyrirskipað að tilkynna tilvist bannaðra efna, sem einnig geta orðið til í likamanum, sem ódæmigerðar niðurstöður með fyrirvara um frekari rannsókn. Við móttöku á ódæmigerðu A sýni, skal viðkomandi *lyfjaeftirlit* sem sér um niðurstöðurnar, láta fara fram endurskoðun til að ákveða hvort: (a) gildandi undanþága vegna notkunar til lækninga hafi verið veitt, eða (b) hvort séu greinileg frávik frá alþjóðlegum reglum um prófanir eða alþjóðlegum reglum um rannsóknarstofur sem ollu þessum ódæmigerðu niðurstöðum. Ef þessi endurskoðun leiðir ekki í ljós gildandi undanþágu vegna notkunar í lækningaskyni eða frávik sem olli ódæmigerðu niðurstöðunum, skal *lyfjaeftirlitið* gera umbeðna rannsókn. Að rannsókn lokinni skal *íþróttamanninum* og öðrum *lyfjaeftirlitum* sem tiltekin eru í grein 14.1.2. tilkynnt hvort hinar ódæmigerðu niðurstöður verði lagðar fram sem óeðlilegar niðurstöður. *Íþróttamanninum* skal tilkynnt um þetta samkvæmt ákvæðum greinar 7.2.

**7.3.1** *Lyfjaeftirlitið* tilkynnir ekki ódæmigerðar niðurstöður fyrr en að rannsókn lokinni og ákveðið hefur verið hvort ódæmigerðu niðurstöðurnar verði lagðar fram sem óeðlilegar niðurstöður, nema einar af eftirtöldum aðstæðum séu fyrir hendi:

- (a) Ef *lyfjaeftirlitið* úrskurðar að B sýnið skuli greint fyrir niðurstöður rannsóknar samkvæmt grein 7.3, má *lyfjaeftirlitið* láta greina B sýnið eftir að hafa tilkynnt *íþróttamanninum* það og skal sú tilkynning innihalda lýsingu á ódæmigerðu niðurstöðunum og upplýsingarnar sem lýst er í grein 7.2 (b) – (f).

(b) Ef lyfjæftirlitið fær beiðni, annað hvort frá stórmótshaldara skömmu fyrir alþjóðlegt mót, eða beiðni frá íþróttasambandi sem þarf að velja keppendur á alþjóðamót innan ákveðins tíma, að upplýsa hvort einhver *íþróttamaður* á lista stórmótshaldara eða íþróttasambands hafi fengið ódæmigerða niðurstöðu, skal lyfjæftirlitið tilgreina viðkomandi íþróttamann að undangenginni tilkynningu um ódæmigerðu niðurstöðuna til hans.

*[Athugasemd við grein 7.3.1(b): Við þær aðstæður sem lýst er í grein 7.3.1 (b) er það val stórmótshaldara eða íþróttasambands að grípa til aðgerða í samræmi við reglur sínar..]*

#### 7.4 Endurskoðun á öðrum brotum á lyfjareglum sem greinar 7.1 – 7.3 ná ekki til.

Lyfjæftirlitið eða aðrir endurskoðunaraðilar sem framkvæmdaaðili lyfjæftirlits kemur á fót skulu framkvæma allar frekari rannsóknir á hugsanlegu broti á lyfjareglum eins og kann að vera krafist í gildandi stefnum um lyfjanotkun og reglum samkvæmt reglunum eða sem framkvæmdaaðili lyfjæftirlits telur viðeigandi. Telji lyfjæftirlitið að brot á lyfjareglum hafi átt sér stað, skal það tilkynna *íþróttamanninum* eða öðrum einstaklingi sem sætt gæti viðurlögum, tilkynningu samkvæmt reglum lyfjæftirlitsins um brotnu regluna og grundvöll brotsins. Önnur lyfjæftirlit skulu fá tilkynningu um þetta samkvæmt grein 14.1.2.

#### 7.6 Keppni hætt í íþrótt

Ef *íþróttamaður* eða annar einstaklingur hættir keppni meðan meðferð niðurstaðna stendur yfir, hefur viðkomandi lyfjæftirlit enn lögsögu til að ljúka niðurstöðuferlinu. Ef *íþróttamaður* eða annar einstaklingur hættir keppni áður en meðferð niðurstaðna er hafin, þá hefur viðkomandi lyfjæftirlit, sem hefði haft lögsögu yfir *íþróttamanninum* eða öðrum einstaklingi á þeim tíma sem *íþróttamaðurinn* eða annar einstaklingur braut lyfjareglu, rétt til að láta vinna úr niðurstöðunum.

*[Athugasemd við grein 7.6: Framferði íþróttamann eða annars einstaklings áður en íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur varð háður lögsögu einhvers lyfjæftirlits telst ekki brot á lyfjareglum, en gæti verið lögmæt ástæða til að neita íþróttamanninum eða öðrum einstaklingi um aðild að íþróttasambandi..]*

**Lyfjareglurnar - grein 10 Refsiaðgerðir gagnvart einstaklingum**

**10.3.3** Fyrir brot á grein 2.4 (Ekki tilkynnt um dvalarstað og ekki mætt í lyfjapróf) skal keppnisbann vera að lágmarki eitt (1) ár og mest tvö (2) ár, á grundvelli sektarstigs íþróttamannsins.

*[Athugasemd við grein 10.3.3: Refsingar fyrir brot á grein 10.3.3 skulu vera tvö ár þar sem öll þrjú tilkynningabrotin eða skróp í lyfjaprófi eru óafsakanleg. Að öðrum kosti skal meta brotið á bilinu tvö ár til eins árs á grundvelli málsatvika..]*

**10.11 Endurinntökupróf**

Sem skilyrði fyrir endurheimt keppnisleyfis að loknu keppnisbanni, verður *íþróttamaðurinn* hvenær sem er á tímabili tímabundins brottreksturs eða *í keppnisbanninu* að vera tiltækur fyrir próf utan keppni í lögsögu viðkomandi framkvæmdaaðila *lyfjæftirlits* og verður, ef þess er krafist, að veita nákvæmar upplýsingar um dvalarstað sinn hverju sinni. Ef *íþróttamaður* í keppnisbanni hættir í íþróttinni og er afskráður úr prófunarhópi utan keppni og leitar síðar eftir inntöku, er hann ekki tækur til inntöku fyrr en hann hefur tilkynnt viðkomandi framkvæmdaaðila *lyfjæftirlits* það og sætt utankeppnisprófum í ákveðinn tíma sem jafngildir því sem eftir var af keppnisbanninu þegar hann hætti þátttöku.

**Lyfjareglurnar - grein 14 Trúnaður og tilkynningar:**

**14.3 Upplýsingar um dvalarstað íþróttamanns**

Í alþjóðlegum reglum um lyfjapróf er nánar kveðið á um að *íþróttamenn* sem alþjóða samband eða landslyfjæftirlit hefur sett í prófunarhóp utan keppni skulu veita nákvæmar upplýsingar um dvalarstað hverju sinni. Alþjóða sambönd og landslyfjæftirlit skulu samræma kennsl íþróttamannanna og samantekt á upplýsingum um dvalarstað og veita WADA þær. Þessar upplýsingar verða aðgengilega gegnum ADAMS, þar sem það þykir æskilegt og geta önnur *lyfjæftirlit* nálgast þær, sem hafa lögsögu til að prófa *íþróttamanninn* eins og kveðið er á um í grein 15. Þessum upplýsingum skal ætíð halda leyndum og nota þær eingöngu til að skipuleggja, stjórna og framkvæma lyfjapróf og skal eyða þeim þegar þeirra er ekki lengur þörf í þessum tilgangi

**14.5 Lyfjæftirlitsupplýsingamiðstöð**

WADA skal vera miðstöð fyrir gögn *lyfjæftirlits* og niðurstöður hvað varðar *íþróttamenn* á alþjóðastigi og *íþróttamenn* á landsstigi sem tilheyra skráðum lyfjaprófunarhópi landslyfjæftirlits. Til að greiða fyrir samræmdri dreifingu lyfjaprófa og forðast óþarfa tvítekningar á prófum ýmissa framkvæmda aðila *lyfjæftirlits*, skal hver framkvæmdaaðili *lyfjæftirlits* tilkynna öll próf í keppni og utan keppni á þessum íþróttamönnum eins fljótt og auðið er að prófunum loknum til upplýsingamiðstöðvar WADA. WADA skal gera þessar upplýsingar aðgengilegar fyrir *íþróttamanninn*, landssamband íþróttamannsins, Ólympíunefnd lands hans eða Ólympíuhreyfingu fatlaðra í landinu, *lyfjæftirlit* landsins, alþjóðasambandið og Alþjóða Ólympíunefndina eða Ólympíuhreyfingu fatlaðra.

Til að WADA geti verið upplýsingamiðstöð fyrir niðurstöður lyfjaprófa hefur gagnagrunnurinn ADAMS verið þróaður, sem endurspeglar auknar kröfur um trúnaðarreglur í meðferð gagna. WADA þróaði ADAMS til að vera í samræmi við ákvæði og venjur um upplýsingatrúnað sem

gilda hjá WADA og öðrum stofnunum sem nota ADAMS. Trúnaðarupplýsingar um íþróttamann, aðstoðarfólk íþróttamanns, eða aðra sem tengjast baráttu gegn lyfjanotkun skal vera viðhaldið af WADA undir eftirliti kanadískra persónuverndaryfirvalda, í fyllsta trúnaði og í samræmi við alþjóðareglur um gagnavernd. WADA skal minnst árlega birta staðtölur um fengnar upplýsingar, tryggja ætíð að trúnaðar við *íþróttamenn* sé gætt og gefa kost á viðræðum við landsstofnanir og svæðisyfirvöld á sviði gagnaverndar.

#### 14.6 Gagnavernd

Við skyldustörf sín samkvæmt lyfjareglunum má *lyfjaeftirlitið* safna, varðveita, vinna eða upplýsa persónulegar upplýsingar um *íþróttamenn* og þriðju aðila. Hvert *lyfjaeftirlit* skal tryggja að það fari eftir gildandi lögum um gagnavernd og verndun trúnaðarupplýsingar í meðferð þessara upplýsinga, sem og alþjóðareglum um virðingu trúnaðar sem WADA skal taka upp til að tryggja að *íþróttamenn* og aðrir séu fyllilega upplýstir um og ef þörf krefur, samþykkja meðferð á persónuupplýsingum sínum í tengslum við baráttu gegn lyfjanotkun samkvæmt lyfjareglunum.

### *Lyfjareglurnar - grein 15 Skýringar á ábyrgð lyfjaeftirlits:*

#### 15.1 *Lyfjapróf á mótum*

Taka sýna vegna *lyfjaeftirlits* á og ætti að eiga sér stað bæði á alþjóða mótum og landsmótum. Hins vegar, skal aðeins einn aðili hafa frumkvæði að og umsjón með lyfjaprófum á mótum. Á alþjóðamótum skal sýnataka vera að frumkvæði og undir stjórn framkvæmda aðila *lyfjaeftirlits* viðkomandi alþjóðasambands sem ræður yfir mótinu (t.d. Alþjóðaólympíunefndin fyrir Ólympíuleikana, alþjóða samband fyrir heimsmeistaramót og PASO fyrir Mið-Ameríkuleikana). Á landsmótum skal *lyfjaeftirlit* viðkomandi lands hafa frumkvæði að og sjá um lyfjapróf.

15.1.1 Ef *lyfjaeftirlit* sem ber ekki ábyrgð á framkvæmd prófa á mótum vill engu að síður prófa *íþróttamenn* sérstaklega á þessu mótum meðan á keppni stendur, skal *lyfjaeftirlitið* fyrst fá leyfi hjá mótisstjórn til að gera og samræma þessi aukalyfjapróf. Ef *lyfjaeftirlitið* er ekki sátt við svör mótisstjórnar, má *lyfjaeftirlitið* sækjast eftir leyfi hjá WADA til að framkvæma aukalyfjapróf. WADA skal ekki veita leyfi til slíkra prófa án samráðs við mótisstjórnina og upplýsinga.

[Athugasemd við grein 15.1.1: Áður en *lyfjaeftirlit* lands fær heimild til að framkvæma lyfjapróf við alþjóðamót skal WADA ræða við alþjóðasambandið sem sér um mótið. Áður en alþjóðasamband fær heimild til að framkvæma lyfjapróf á landsmóti, skal WADA ræða við *lyfjaeftirlit* viðkomandi land. *Lyfjaeftirlitið* “sem sér um lyfjaprófin” má gera samninga við aðrar stofnanir um sýnatöku og aðra þætti *lyfjaeftirlitsins*..]

]

#### 15.2 *Lyfjapróf utan keppni*

Prófun utan keppni er og á að vera að frumkvæði og stjórnað af bæði alþjóðasamböndum og landssamböndum. Prófun utan keppni má vera að frumkvæði og lúta stjórn: (a) WADA; (b) Alþjóðaólympíunefndarinnar eða Ólympíuhreyfingu fatlaðra í tengslum við Ólympíuleika eða Ólympíuleika fatlaðra; (c) alþjóðasambands íþróttamannsins; eða (d) *lyfjaeftirlitsins* sem hefur prófunarlögsögu yfir viðkomandi *íþróttamanni* samkvæmt grein 5.1.(*Dreifing prófa*). Prófun

utan keppni á að samræma með ADAMS til að hámarka skilvirkni prófana og til að forðast óþarfa ítrekuð próf á einstökum íþróttamönnum

*[Athugasemd við grein 15.2: Aukið vald til að framkvæma prófun má heimila með tvíhliða eða marghliða samkomulagi undirritunaraðila og stjórnvalda.]*

#### **15.4.1 Gagnkvæm viðurkenning.**

Með fyrirvara um áfrýjunarrétt samkvæmt grein 13, skulu undanþágur vegna lækninga og niðurstöður skýrslugjafar eða annar lokaúrskurður sérhvers undirritunaraðila samkvæmt lyfjareglunum og er innan valdsviðs viðkomandi undirritunaraðila, vera viðurkenndar og virtar af öðrum undirritunaraðilum.

*[Athugasemd við grein 15.4.1: Borið hefur á misræmi í túlkun á þessari grein varðandi undanþágur vegna lækninga. Ef ekki er kveðið á um annað í reglum alþjóðasambands eða í samningi við alþjóðasambönd, hafa lyfjaeftirlit ekki “vald” til að veita íþróttamönnum á alþjóðlegu stigi, undanþágu vegna lækninga..]*

15.4.2 Undirritunaraðilar skulu viðurkenna sömu aðgerðir annarra aðila sem hafa ekki samþykkt lyfjareglurnar ef reglur viðkomandi aðila eru að öðru leyti í samræmi við lyfjareglurnar

*[Athugasemd við grein 15.4.2: Þar sem úrskurður aðila sem hefur ekki samþykkt lyfjareglurnar, er að sumu leyti í samræmi við lyfjareglurnar og að sumu leyti ekki í samræmi við þær, skulu undirritunaraðilar reyna að láta úrskurðinn gilda í samræmi við meginreglur lyfjareglanna. Dæmi: Ef aðili, sem er ekki undirritunaraðili, kemst að þeirri niðurstöðu í ferli sem er í samræmi við lyfjareglurnar, að íþróttamaður hafi brotið lyfjareglurnar vegna tilvistar bannaðs efnis í líkama hans, en lengd keppnisbannsins er styttra en kveðið er á um í lyfjareglunum, þá skulu allir undirritunaraðilar viðurkenna brotið á lyfjareglunum og landslyfjaeftirlit íþróttamannsins skal standa fyrir skýrslugjöf í samræmi við grein 8 til að ákveða hvort beita skuli lengra keppnisbani eins og kveðið er á um í lyfjareglunum..]*

### 3.0 Hugtök, skilgreiningar og túlkun

#### 3.1 Skilgreind hugtök í lyfjareglunum 2009

ADAMS: Umsjónarkerfi *lyfjaeftirlits* er vefgagnagrunnur fyrir gagnafærslur, geymslu, miðlun og skýrslugjöf, hannað til að aðstoða hagsmunaaðila og WADA í baráttu gegn ólöglegri lyfjanotkun í tengslum við lög um gagnavernd.

Óeðlilegar niðurstöður: Skýrsla frá rannsóknarstofu eða öðrum viðurkenndum prófunaraðila sem WADA hefur samþykkt, sem greinir í sýni tilvist bannaðs efnis eða myndefni þess eða leiðarmerki (þar á meðal aukið magn innrænna efna) eða vísbendingu um notkun bannaðrar aðferðar, í samræmi við alþjóðareglur fyrir rannsóknarstofur og tengd tækniskjöl.

Lyfjaeftirlit: Undirritunaraðili sem ber ábyrgð á samþykkt reglna til að hafa frumkvæði að, framkvæma eða framfylgja einhverjum hluta *lyfjaeftirlits* ferilsins. Þetta nær til Alþjóða Ólympíunefndarinnar, Alþjóða Ólympíuhreyfingar fatlaðra, annarra stórmótshaldara sem hafa lyfjapróf á mótum sínum, WADA, alþjóðasambanda og *lyfjaeftirlita* landa.

Íþróttamaður: Sérhver einstaklingur sem tekur þátt í íþrótt á alþjóðlegu stigi (eins og hvert alþjóðasamband skilgreinir hana) eða landsstigi (eins og *lyfjaeftirlit* landsins skilgreinir hana, nær til en takmarkast ekki við einstaklinga í lyfjaprófunarhópi) sem og allir aðrir keppendur í íþrótt sem er að öðru leyti undir valdsviði undirritunaraðila eða íþróttasambands sem hefur samþykkt lyfjareglurnar. Öll ákvæði lyfjareglanna, þar á meðal prófun og undanþága vegna lækninga, verða að gilda um keppendur á alþjóðastigi og landsstigi. Sum *lyfjaeftirlit* geta kosið að prófa og beita reglum um ólöglega lyfjanotkun á tómstundastigi eða í *keppni* öldunga sem eru ekki núverandi eða hugsanlegir keppendur á landsvísu. Lyfjaeftirlit landa þurfa þó ekki að láta öll ákvæði lyfjareglanna gilda um slíka einstaklinga. Setja má sérstakar landsreglur um lyfjapróf fyrir keppendur utan alþjóðastigs eða landsstigs án þess að það stríði gegn lyfjareglunum. Þannig getur land kosið að prófa tómstundakeppendur en ekki gera kröfur um undanþágur vegna lækninga eða tilkynningaskyldu um dvalarstað. Á sama hátt má mótshaldari sem heldur mót eingöngu fyrir öldunga, kjósa að prófa keppendur en ekki fara fram á undanþágur vegna lækninga eða upplýsingar um dvalarstað. Að því er varðar grein 2.8 (Gjöf eða tilraun til gjafar og upplýsingar um lyfjanotkun og fræðslu, telst sérhver einstaklingur *íþróttamaður* sem tekur þátt í íþrótt sem heyrir undir valdsviði undirritunaraðila, stjórnvalda eða annarra íþróttastofnana sem samþykkja lyfjareglurnar

Áthugasemd: Þessi skilgreining tekur af öll tvímæli um að allir *íþróttamenn* á alþjóðastigi og landsstigi eru háðir ákvæðum lyfjareglanna um lyfjanotkun, með nákvæmum skilgreiningum á alþjóðastigi og landsstigi sem verða settar fram í lyfjareglum alþjóðasambanda og *lyfjaeftirliti* landa. Á landsstigi gilda reglur um lyfjanotkun samkvæmt lyfjareglunum að lágmarki um alla í landsliðum og alla einstaklinga sem eru hæfir til *keppni* í meistaramóti á landsstigi í einhverri íþrótt. Þetta þýðir þó ekki að allir slíkir *íþróttamenn* skuli vera í skráðum prófunarhópi *lyfjaeftirlits* viðkomandi lands. Þessi skilgreining gerir *lyfjaeftirliti* lands einnig kleift, ef það kys svo, að láta *lyfjaeftirlit* sitt einnig ná til *íþróttamanna* á lægri keppnisstigum en landsstigi. Keppendur á öllum stigum *keppni* ættu að njóta upplýsinga og fræðslu um lyfjanotkun.]

Ódæmigerð niðurstaða: Skýrsla frá rannsóknarstofu eða öðrum aðila sem WADA hefur samþykkt og krefst frekari rannsóknar eins og kveðið er á um í alþjóðareglum fyrir rannsóknarstofur eða tengd tækniskjöl, fyrir úrskurð um óeðlilegar niðurstöður.

Lyfjareglurnar: Alþjóðalyfjareglurnar.

Keppni: Kapphlaup, viðureign, leikur eða einstök íþróttakeppni. Til dæmis, körfuboltaleikur eða úrslit í 100 metra hlaupi á Ólympíuleikunum. Fyrir hlutakeppnir og aðrar íþróttakeppnir þar sem verðlaun eru veitt á daglegum grundvelli eða öðrum millibilsgrundvelli gildir aðgreiningin milli *keppni* og *móts* eins og reglur viðkomandi alþjóðasambands kveða á um.

Afleiðingar brots á lyfjareglum: Brot íþróttamanns eða annars einstaklings á lyfjareglu getur haft eina eða fleiri eftirfarandi afleiðingu: (a) *Brottvísun* þýðir að árangur íþróttamannsins í einstakri keppni eða móti er ógiltur með öllum fylgjandi afleiðingum svo sem sviptingu verðlaunapeninga, stiga og verðlauna; (b) *Keppnisbann* þýðir að *íþróttamaðurinn* eða annar einstaklingur er í banni í tilgreindan tíma frá þátttöku í öllum keppnum eða annarri starfsemi eða fjárveitingum eins og kveðið er á um í grein 10.9; og (c) *Bráðabirgða brottrekstur* þýðir að *íþróttamanninum* eða öðrum einstaklingi er bannað tímabundið að taka þátt í *keppni* þar til lokaákvörðun hefur verið tekin við skýrslugjöf samkvæmt grein 8 (Réttur á sanngjarnri skýrslugjöf).

Lyfjaeftirlit: Öll skref og ferli, allt frá skipulagningu á dreifingu prófa til lokaúrskurðar um áfrýjun, sem felur í sér öll skref og ferla þar á milli, svo sem ákvæðið um upplýsinga á dvalarstað, sýnatöku og meðhöndlun, greiningu á rannsóknarstofu, undanþágur vegna lækninga, umsjón með niðurstöðum og skýrslugjöf.

Mót: Margar keppnir saman undir stjórn eins aðila (t.d. Ólympíuleikarnir, HM í sundi eða Mið-Ameríkuleikarnir).

*Í keppni:* Ef ekki er kveðið á um annað í reglum alþjóðasambands eða lyfjaeftirlits, táknar “Í keppni” tímabilið sem hefst tólf stundum fyrir keppni þar sem *íþróttamaðurinn* er skráður til leiks, þar til keppninni lýkur og sýnatökufarli sem tengist keppninni.

Óháð eftirlit: Hópur eftirlitsmanna, undir umsjón WADA, sem fylgist með lyfjaeftirliti á ákveðnum mótum og getur veitt leiðsögn um lyfjaeftirlit og gefur skýrslu um það.

Keppnisbann: Sjá *Afleiðingar brots á lyfjareglum* hér að ofan.

Alþjóðamót: Mót þar sem Alþjóða Ólympíunefndin, Alþjóða Ólympíuhreyfing fatlaðra, alþjóðasamband, stórmótshaldari, eða önnur alþjóðleg íþróttastofnun er hinn ráðandi aðili yfir mótinu eða skipar tæknistjóra fyrir mótið.

Íþróttamaður á alþjóðlegu stigi: *Íþróttamenn* sem eitt eða fleiri alþjóðasambönd hafa skipað í skráðan lyfjaprófunarhóp á vegum alþjóðasambands.

Alþjóðlegar reglur: Viðmið WADA til stuðnings reglunum. Fylgi við alþjóðleg viðmið (frekar en önnur viðmið, venjur eða verklag) skal vera nægilegt til að telja meggi að verklag samkvæmt alþjóðlegum reglum hafi verið með réttum hætti. Alþjóðlegar reglur skulu ná yfir öll tækniskjöl gefin út samkvæmt alþjóðlegu reglunum.

Ólöggráða einstaklingur: Einstaklingur sem hefur ekki náð fullorðinsaldri eins og gildandi lög viðkomandi búsetulands kveða á um.

Lyfjæftirlit lands: Sá aðili landsins sem hefur grundvallarvald og ábyrgð til að samþykkja og framkvæma lyfjareglur, stjórna sýnatöku, meðferð niðurstaðna og umsjón skýrslugjafar, á landsgrundvelli. Þetta getur verið aðili sem margar þjóðir hafa skipað sem svæðislyfjæftirlit fyrir viðkomandi þjóðir. Ef til þess bært yfirvald hefur ekki tilnefnt þennan aðila, skal hann vera Ólympíunefnd viðkomandi lands eða fulltrúi hennar.

Landsólympíunefnd: Stofnun sem Alþjóða Ólympíunefndin viðurkennir. Hugtakið landsólympíunefnd nær einnig til íþróttabandalags í þeim löndum þar sem íþróttabandalagið axlar ábyrgð Ólympíunefndar á sviði lyfjæftirlits.

Án fyrirvara: Lyfjæftirlit sem á sér stað án fyrirvara gagnvart íþróttamanninum og þar sem fylgst er með íþróttamanninum frá tilkynningu þar til hann hefur veitt sýni.

Utan keppni: Allt lyfjæftirlit sem er ekki í keppni.

Bannlisti: Listi yfir bönnuð efni og bannaðar aðferðir.

Bráðabirgða brottrekstur: Sjá Afleiðingar að ofan.

Skráður lyfjaprófunarhópur: Hópur íþróttamanna í fremstu röð sem hvert alþjóðasamband og landslyfjæftirlit skráir sérstaklega og sætir lyfjaprófum bæði í keppni og utan keppni samkvæmt lyfjaprófunarskipulagi alþjóðasambandsins eða lyfjæftirlitsins. Sérhvert alþjóðasamband skal birta lista yfir þessa íþróttamenn í lyfjaprófunarhópi, sem tilgreinir nöfn þeirra eða auðkennir þá með skýrum, tilgreindum aðferðum.

Sýni: Sérhvert lífefni sem er tekið vegna lyfjæftirlits.

*[Athugasemd: Stundum hefur verið fullyrt að taka blóðsýna brjóti réttindi ákveðinna trúar-eða menningarhópa. Úrskurðað hefur verið að enginn grundvöllur er fyrir slíkri fullyrðingu.]*

Undirritunaraðilar: Þeir aðilar sem undirrita lyfjareglurnar og samþykkja að fylgja lyfjareglunum, þar á meðal Alþjóða Ólympíunefndin, alþjóðasambönd, Alþjóða Ólympíuhreyfing fatlaðra, Ólympíunefndir landa, Ólympíuhreyfing fatlaðra í einstökum löndum, stórmótshaldarar, landslyfjæftirlit og WADA.

Fölsun: Breytingar í óviðeigandi tilgangi eða á óviðeigandi hátt; hafa óviðeigandi áhrif; óviðeigandi afskipti til að breyta niðurstöðum eða hindra eðlilegt verklag eða taka þátt í sviksamlegu framferði til að breyta niðurstöðum eða hindra eðlilegan framgang verklagsreglna eða að veita lyfjæftirliti rangar upplýsingar.

Afmörkuð prófun: Val íþróttamanna í lyfjapróf þar sem ákveðnir íþróttamenn eða hópur íþróttamanna er valinn án slembiaðferðar til prófunar á ákveðnum tíma.

Liðaiþrótt: Íþrótt þar sem innáskiptingar íþróttamanna eru heimilar í keppni.

Prófun: Þeir hlutar lyfjæftirlits sem fela í sér skipulag á dreifingu prófa, sýnistöku, meðferð sýnis og flutning á sýni til rannsóknarstofu.

WADA: Alþjóða lyfjæftirlitið.

### 3.2 Skilgreind hugtök í alþjóðareglum um lyfjapróf

Blóðtökustarfsmaður: Starfsmaður sem er hæfur til og hefur fengið heimild framkvæmdaaðila lyfjæftirlits til að taka blóðsýni úr íþróttamanni.

Varðveislukeðja: Sú röð einstaklinga eða stofnana sem bera ábyrgð á sýni frá töku sýnis til móttöku þess til greiningar.

Fylgdarmaður: Starfsmaður sem er þjálfaður og hefur heimild lyfjæftirlits til að sinna ákveðnum skyldum þar á meðal að tilkynna íþróttamanni sem er valinn til sýnisveitingar, fylgja honum og fylgjast með honum þar til komið er að lyfjæftirlitsstöð og/eða vera vitni að og sannreyna veitingu sýnisins þar sem þjálfun hans gerir hann hæfan til þess.

Lyfjæftirlitsfulltrúi: Starfsmaður sem er hæfur til og hefur fengið heimild framkvæmdaaðila lyfjæftirlits með tilheyrandi ábyrgð að stjórna sýnisveitingum á staðnum.

Lyfjæftirlitsstöð: Staður þar sem sýnisveitingar fara fram.

Að láta hjá líða: Hugtak notað til að lýsa brotum á lyfjareglum í greinum 2.3, 2.4, 2.5 og 2.8 í lyfjareglunum.

Tilkynningavanræksla: Íþróttamaður vanrækir (eða þriðji aðili sem íþróttamaðurinn hefur falið þetta verk, í samræmi við grein 11.3.6 eða 11.5.4) að leggja fram skýra og ítarlega tilkynningu um dvalarstað í samræmi við grein 11.3 eða 11.5.6.

Alþjóðasamband (IF): Alþjóðleg óháð stofnun sem hefur umsjón með einni eða fleiri íþróttum á alþjóðastigi.

Misst af lyfjaprófi: Íþróttamaðurinn er ekki tiltækur fyrir lyfjapróf á stað og stund sem tilgreind var á 60 mínútna tímabilinu í tilkynningu hans um dvalarstað viðkomandi dag, í samræmi við grein 11.4 eða 11.5.6.

Landssamband: Óháð stofnun lands, sem hefur umsjón með einni eða fleirum íþróttum á landsstigi.

Slembival: Val íþróttamanna fyrir lyfjapróf, sem er ekki afmörkuð prófun. Slembival getur verið: Algert slembival (þar sem engin skilyrði eru lögð til grundvallar og íþróttamenn valdir af handahófi af lista eða úr hópi íþróttamanna) eða vegið slembival (þar sem íþróttamenn eru flokkaðir samkvæmt fyrirfram ákveðnum skilyrðum til að auka eða minnka líkur á vali).

Ábyrga lyfjæftirlitið: Lyfjæftirlitið sem ber ábyrgð á tilteknu máli, eins og kveðið er á um í grein 11.5

**Sýnistökubúnaður:** Ílát eða tæki til að láta í eða geyma sýni íþróttamanns hverju sinni við töku sýnisins. Sýnistökubúnaður skal að lágmarki vera:

- Fyrir þvagsýni:
  - Ílát sem tekur við þvagini um leið og það yfirgefur líkama íþróttamannsins.;
  - Innsiglanlegar og fölsunargreinanlegar flöskur og lok til að ganga tryggilega frá sýninu;
  - Hlutasamstæða fyrir sýni;
- Fyrir blóðsýnistöku:
  - Nálar fyrir töku blóðsýnis;
  - Blóðhylki með innsiglanlegum og fölsunargreinanlegum búnaði til að geyma blóðsýnið.

**Sýnistökustarfsfólk:** Safnheiti fyrir löggilta starfsmenn sem hafa heimild ábyrga *lyfjaeftirlitsins*, sem mega sjá um eða aðstoða við sýnistöku.

**Sýnistaka:** Allar aðgerðir sem tengjast *íþróttamanninum* beint, frá boðun þar til *íþróttamaðurinn* yfirgefur *lyfjaeftirlitsstöðina* eftir að hafa veitt sýni.

**Hæfileg eðlisþyngd fyrir greiningu:** Eðlisþyngd mæld 1.005 eða hærri með ljósbrotsmæli, eða 1.010 eða hærri með mælipinum.

**Hæfilegt þvagnmagn fyrir greiningu:** Minnst 90 mL fyrir fulla eða hlutagreiningu.

**Liðsathafnir:** Sjá ákvæði 11.5.3.

**Dreifing prófa:** Sjá ákvæði 4.2.1.

**Skýrsla um árangurslausa eða misheppnaða tilraun:** Ítarleg skýrsla um árangurslausa tilraun til lyfjaprófs, eins og nánar er lýst í ákvæði 11.6.3(a).

**Hunsun á tilkynningu um dvalarstað:** Tilkynningavanræksla eða Misst af lyfjaprófi.

**Tilkynning um dvalarstað:** Upplýsingar veittar af *íþróttamanni* í skráðum prófunarhópi, eða fyrir hönd hans, sem tilgreina dvalarstað íþróttamanns á eftirfarandi tíma, í samræmi við ákvæði 11.3(eða ákvæði 11.5, ef um liðsíþrótt er að ræða.

### 3.3 Túlkun á alþjóðlegum reglum um lyfjapróf

3.3.1 Tilvísanir til ákvæða í þessu skjali vísa til ákvæða í þessum alþjóðlegu reglum um lyfjapróf, nema annað sé tekið fram.

3.3.2 Athugasemdir með ýmsum ákvæðum *alþjóðlegu reglnanna fyrir lyfjapróf* eiga að aðstoða við skilning og túlkun á *alþjóðlegu reglunum*.

## 2. kafli: Reglur um lyfjapróf

### 4.0 Skipulagning

#### 4.1 Markmið

Markmiðið er þróun dreifinga prófa sem eru sértæk fyrir viðkomandi íþrótt (ef um IF er að ræða), eða viðkomandi þjóð (ef um landslyfjaeftirlit) er að ræða. Sameiginlegt markmið í báðum tilvikum er að skipuleggja og framkvæma skilvirka dreifingu á sýnatöku, bæði í keppni og utan keppni hjá hverri þjóð, íþrótt eða grein innan íþróttar (eins og við á), sem leiðir til skilvirkar greiningar, stöðvunar og hindrunar á lyfjatöku í viðkomandi íþrótt/grein/þjóð.

#### 4.2 Almenn

4.2.1 Sérhvert lyfjaeftirlit með prófanaðald verður að þróa skipulag fyrir skilvirka og árangursríka nýtingu á prófunarúrræðum sínum í öllum íþróttum undir lögsögu sinni (ef um landslyfjaeftirlit er að ræða), í öllum löndum undir lögsögu sinni (ef um alþjóðasamband er að ræða) og í öllum greinum íþróttar undir lögsögu sinni (ef um Alþjóðasamband og landslyfjaeftirlit er að ræða). Slíkt skipulag, sem sætir eftirliti, breytingum, mati og uppfærslum eftir þörfum, nefnist í þessum alþjóðlegu reglum: “Dreifing prófa”.

*[4.2 athugasemd: Öll önnur lyfjaeftirlit (eins og landslyfjaeftirlit) sem hafa vald til að lyfjaprófa í umtalsverðum fjölda ótengdra íþrótta (.t.d. stórmótshaldari) skulu teljast í þessum alþjóðlegu reglum eins og landslyfjaeftirlit í skipulagi á dreifingu prófa og skiptingu á prófunarúrræðum milli ólíkra íþrótta. (Sjá ákvæði 4.3.1, 4.3.6 og 4.4.4).]*

4.2.2 Undirbúningur hefst með söfnun upplýsinga (t.d. um fjölda viðkomandi íþróttamanna í tiltekinni íþrótt/grein/þjóð, sem og grunngerð keppnistíðarinnar í viðkomandi íþrótt/grein, þar á meðal keppnissskrár fyrir hverja íþrótt/grein); meta hugsanlega hættu á lyfjanotkun og hugsanlegt lyfjanotkunarmynstur fyrir hverja íþrótt og síðan er skipulögð *Dreifing prófa*, sem nýtir tiltæk úrræði á skilvirkan og árangursríkan hátt til að bregðast við þessum hættum.

4.2.3 Aðalverkefnið eru því upplýsingasöfnun, eftirlit og eftirfylgni, áhættumat; og þróun, eftirlit, ma, breytingar og uppfærsla á dreifingu prófa.

4.2.4 *Lyfjaeftirlitið* skal tryggja að aðstoðarfolk íþróttamanna og/eða annar einstaklingur með hagsmunaárekstra tengist ekki skipulagi á dreifingu prófa fyrir *íþróttamenn* sína eða að vali þeirra íþróttamanna sem verða prófaðir.

#### 4.3 Kröfur um skipulag á dreifingu prófa

4.3.1 Grundvöllur fyrir skipulagi á dreifingu prófa verður að vera yfirvegað mat á lyfjanotkunarhættu og hugsanlegu lyfjanotkunarmynstri í viðkomandi íþrótt/grein/þjóð. Ef um alþjóðasamband er að ræða, skal ásamt hættumati fyrir hverja grein innan íþróttarinnar, einnig taka mið af styrk landslyfjaeftirlits hvers þjóðar undir lögsögu alþjóðasambandsins til að tryggja rétta samræmingu og skilvirkni í beitingu prófunarúrræða. Ef um landslyfjaeftirlit er að ræða, getur það gert hættumat fyrir hverja íþrótt/grein undir lögsögu sinni, og einnig taka mið af hlutfallslegri hættu á

lyfjanotkun í greinum undir lögsögu sinni, ásamt landsstefnu fyrir ólöglega lyfjanotkun og þau forgangsatriði sem kann að vera fylgt í mismunandi íþróttum.

[4.3.1 Athugasemd: Þess er vænst að hvert landslyfjaeftirlit hafi sína landsstefnu og forgangsatriði. Dæmi: Eitt landslyfjaeftirlit getur haft lögmætar ástæður fyrir því að forgangsraða (sumum eða öllum) ólympíuþróttum en annað getur haft lögmætar ástæður, vegna ólíkra einkenna viðkomandi íþróttapjóðar, að forgangsraða (til dæmis) ákveðnum atvinnumannaíþróttum. Þessi áhersluatriði í landsstefnum skipta máli fyrir skipulag landslyfjaeftirlita á dreifingu prófa, ásamt mati landslyfjaeftirlita á hlutfallslegri áhættu á lyfjanotkun í ólíkum íþróttagreinum undir lögsögu þeirra. Þetta getur til dæmis leitt til úrskurðar landslyfjaeftirlits í skipulagi á dreifingu prófa á ákveðnum tíma, (1) ekki að prófa í einni eða fleiri íþróttum undir sinni lögsögu; og/eða /2) að ákveða lyfjapróf í ákveðinni íþrótt í skipulagi á dreifingu prófa en ekki að hafa neina íþróttamenn úr viðkomandi íþrótt í skráðum lyfjaprófunarhópi landsins til að virkja dvalarstaðarkröfur kafla 11 í þessum alþjóðlegu reglum. (Sjá nánar í ákvæði 4.4.4(b). Slíkar ákvarðanir skulu endurskoðaðar reglulega.: Sjá ákvæði 4.3.11.]

4.3.2 Landslyfjaeftirlit skal að lágmarki meta hugsanlega hættu á lyfjanotkun og mögulegu lyfjanotkunarmynstri í hverri íþrótt og/eða grein á eftirfarandi grundvelli:

- a) Líkamlegar kröfur í íþróttinni og/eða greininni og hugsanlegar árangursbætur sem lyfjanotkun gæti leitt til;
- b) Tiltækar greiningartölur um lyfjanotkun;
- c) Tiltækar rannsóknir á lyfjanotkunarhneigðum;
- d) Saga lyfjanotkunar í íþróttinni og /eða greininni;
- e) Þjálfunartímabil og keppnisdagskrá; og
- f) Upplýsingar um mögulega lyfjanotkun.

4.3.3 Lyfjaeftirlitið skal þróa og skrá skipulag á Dreifingu prófa byggt á upplýsingum sem vísað er til í ákvæði 4.3.2; fjölda íþróttamanna í viðkomandi íþrótt/grein; keppnisráð; aðgerðir annarra lyfjaeftirlita gegn ólöglegri lyfjanotkun, sem eru ábyrg fyrir lyfjaprófum í íþróttinni/greininni; mat á fyrri dreifingu prófa; (ef Alþjóðasamband) styrkur lyfjaáætlunar hverrar þjóðar; og (ef Landssamband) helstu atriði lyfjaáætlunar landsins sem vísað er til í ákvæði 4.3.1.

4.3.4 Lyfjaeftirlitið skal skipta fjölda sýnistaka sem er til umráða fyrir hverja íþrótt/grein/þjóð (eins og við á), milli prófana á þvagi og blóði og milli prófana utan keppni og í keppni. Skiptingin milli prófana á þvagi og blóði og milli utan keppni og í keppni, skal taka mið af hlutfallslegri hættu á lyfjanotkun á slíkum tímabilum í hverri íþrótt/grein sem er metin.

4.3.5 Sérhvert alþjóðasamband skal meta hlutfallslega kosti prófana utan keppni og í keppni í sinni íþrótt og í greinum innan íþróttarinnar. Í íþróttum og/eða greinum þar sem mikil hættu er á lyfjanotkun utan keppni, skulu lyfjapróf utan keppni hafa forgang og umtalsverður hluti lyfjaprófa gerður utan keppni. Þó skal enn prófa að nokkru leyti í keppni. Í íþróttum og/eða greinum þar sem lítil hættu er á lyfjanotkun utan keppni, skulu lyfjapróf í keppni hafa forgang og umtalsverður fjöldi lyfjaprófa tekinn í keppni. Þó skal enn prófa að nokkru leyti utan keppni.

4.3.6 Sérhvert landslyfjaeftirlit skal fyrst ákveða hvernig það vill skipta sýnatökum milli íþróttagreina í sinni lögsögu, á grundvelli greiningar á hlutfallslegri hættu á lyfjanotkun í viðkomandi greinum, sem og stefnu landsins varðandi ólöglega lyfjanotkun eins og vísað er til í ákvæði 4.3.1. Þegar

forgangsiþróttir hafa verið ákveðnar með þessum hætti, þar sem nýta á lyfjaprófin, skal landslyfjaeftirlitið meta hlutfallslega kosti á prófunum *í keppni* og utan keppni í þessum íþróttum. Í þessum íþróttum og/eða greinum þar sem metin er mikil hætta á lyfjanotkun utan keppni, skal landslyfjaeftirlitið tryggja að prófanir utan keppni hafi forgang og að umtalsverður hluti árlegra prófa sé gerður utan keppni. Þó skal enn prófa að nokkru leyti *í keppni*. Í þessum íþróttum og/eða greinum þar sem landslyfjaeftirlitið metur að lítil hætta sé á lyfjanotkun utan keppni, skulu lyfjapróf *í keppni* hafa forgang og umtalsverður fjöldi lyfjaprófa tekinn *í keppni*. Þó skal enn prófa að nokkru leyti utan keppni.

4.3.7 Til að þróa skipulag á dreifingu prófa sem tekur samræmt tillit til lyfjaprófa annarra lyfjaeftirlita:

- a) *Lyfjaeftirlit* skulu samræma lyfjapróf til að forðast tvíprófun. Skýrt samkomulag um hlutverk og ábyrgðarsvið í lyfjaprófum á móti skal gert fyrirfram í samræmi við *Lyfjareglunar –grein 15.1*.
- b) *Lyfjaeftirlit* skulu, án óþarfa tafa, deila upplýsingum um lyfjapróf sín með öðrum lyfjaeftirlitum, helst gegnum ADAMS eða annan miðlægan gagnagrunn með svipaða virkni og öryggi, í samræmi við *Lyfjareglunar - grein 14.5*.

4.3.8 Sem þátt í skipulagi á *Dreifing prófa*, skal lyfjaeftirlitið skipta eins og við á, prófum milli þvag-og blóðsýna, á grundvelli greiningar á hættu á lyfjanotkun í viðkomandi íþrótt/grein, eins og útskýrt er í ákvæði 4.3.4.

4.3.9 *Lyfjaeftirlitið* skal tryggja að tímasetning lyfjaprófs tryggi hámarksstöðvun og greiningu á lyfjanotkun.

4.3.10 Öll lyfjapróf skulu vera án fyrirvara nema í sérstökum og réttlætanlegum aðstæðum:

- a) Fyrir lyfjapróf *í keppni* getur sætaprófun verið þekkt fyrirfram. En slembival á íþróttamönnum/sætum skal ekki upplýst *íþróttamanni* fyrr en við tilkynningu.
- b) Öll lyfjapróf utan keppni skulu vera án fyrirvara nema í einstökum og réttlætanlegum kringumstæðum.

4.3.11 *Lyfjaeftirlitið* skal skrá skipulag sitt á dreifingu prófa og koma á kerfi þar sem *dreifing prófa* er endurskoðuð og ef nauðsyn krefur, uppfærð reglulega til að fella inn nýjar upplýsingar og taka mið af sýnatöku annarra lyfjaeftirlita. Slík gögn skulu notuð til aðstoðar við að ákveða hvenær þarf að breyta skipulaginu.

#### 4.4 Kröfur um val íþróttamanna í lyfjapróf

4.4.1 Við skipulag á Dreifingu prófa, skal *Lyfjaeftirlitið* velja *íþróttamenn* fyrir sýnagjöf með afmörkuðum prófum og slembivali.

4.4.2 *Lyfjaeftirlit* skulu tryggja að umtalsverður fjöldi prófa sem er gerður samkvæmt skipulagi um dreifinga prófa, séu afmörkuð próf, byggð á yfirveguðu mati á lyfjanotkunarhættu og skilvirkustu notkun úrræða til að tryggja hámarksgreiningu og hindrun. Þættir sem skipta máli við að ákveða hverjir

verða teknir í afmörkuð próf, eru breytilegir milli íþrótta en gætu verið (án takmarkana) sumir eða allir eftirfarandi atriða:

- a) Óeðlilegar líffræðilegar breytur (blóðbreytur, sterabreytur, o.sv.frv.)
- b) Meiðsli;
- c) Afturköllun þátttöku eða fjarvera í væntanlegri keppni;
- d) Á leið að hætta keppni eða hefja keppni á ný;
- e) Atferli bendir til lyfjamisnotkunar;
- f) Skyndilegar miklar bætingar á árangri;
- g) Ítrekuð vanræksla á Tilkynningu um dvalarstaðs;
- h) Breyttar upplýsingar íþróttamanns um dvalarstað sem geta bent til hugsanlegrar áhættu á lyfjamisnotkun, þar á meðal flutningur á afskekktan stað;
- i) Árangurssaga íþróttamanns;
- j) Aldur íþróttamanns, t.d. á leið að hætta keppni, á leið frá unglingaflokki í fullorðinsflokk;
- k) Niðurstöður í fyrri lyfjaprófum íþróttamanns;
- l) Endurkoma eftir keppnisbann;
- m) Fjárhagslegur hvati til að bæta frammistöðu, svo sem verðlaunafé eða tækifæri á stuðningi bakhjarla;
- n) Samband íþróttamanns við þriðja aðila, svo sem þjálfara eða lækni sem hefur komið við sögu í ólöglegri lyfjanotkun; og
- o) *Áreiðanlegar upplýsingar frá þriðja aðila.*

4.4.3 Lyfjapróf sem eru ekki afmörkuð próf, skulu ákveðin með slembivali, sem skal fara fram með skráðu kerfi fyrir slíkt val. Vegið slembival skal fara fram eftir skýrum forsendum og má taka mið af þáttum þeim sem tilgreindir eru í ákvæði 4.4.2 (eins og við á) til að tryggja að fleiri *íþróttamenn* sem eru “í hættu” séu valdir.

4.4.4 Eins og lýst er í ákvæði 11.2:

- a. Ásamt því að þróa skipulag á dreifingu prófa sem er sérstaklega fyrir sína íþrótt, verður alþjóðasamband að skilgreina forsendur fyrir því að hafa ákveðna *Íþróttamenn* í íþrótt sinni í alþjóðlegum *Skráðum lyfjaprófunarhópi*, sem um gilda tilkynningakröfur um dvalarstað samkvæmt kafla 11 í þessum alþjóðlegu reglum. Til að taka af allan vafa, verður skipulag alþjóðasambands á dreifingu prófa að ná til allra viðkomandi *Íþróttamanna*, ekki bara *Íþróttamanna* í alþjóðlegum *Skráðum lyfjaprófunarhópi*, og að sama skapi skal alþjóðasamband velja *Íþróttamenn* til lyfjaprófunar (einnig fyrir *Lyfjapróf utan keppni*) sem eru ekki í alþjóðlegum *Skráðum lyfjaprófunarhópi*. Þó verður að gera hæfilegan fjölda prófa utan keppni eins og kveðið er á um í skipulagi á dreifingu prófa utan keppni á íþróttamönnum í alþjóðlegum skráðum lyfjaprófunarhópi.
- b. Ásamt því að skipuleggja dreifingu prófa sem skiptir lyfjaprófum milli sumra eða allra íþrótta innan lögsögu sinnar, skal landslyfjæftirlit tilgreina forsendur fyrir skráningu ákveðinna íþróttamanna úr sumum eða öllum þessum íþróttum í skráðan lyfjaprófunarhóp landsins, sem ákvæði kafla 11 í þessum alþjóðlegu reglum, um tilkynningu um dvalarstað, munu gilda. Til að taka af allan vafa, verður skipulag landslyfjæftirlits á dreifingu prófa að ná til allra viðkomandi *Íþróttamanna* í viðkomandi grein, ekki bara *Íþróttamanna* í *Skráðum lyfjaprófunarhópi* landsins, og að sama skapi skal landslyfjæftirlit velja *Íþróttamenn* til lyfjaprófunar (einnig fyrir *Lyfjapróf utan keppni*) sem eru ekki í *Skráðum lyfjaprófunarhópi*

landsins. Þar sem íþróttamenn í ákveðinni íþrótt hafa verið settir í skráðan lyfjaprófunarhóp landsins verður að gera hæfilegan fjölda prófa utan keppni eins og kveðið er á um í skipulagi á dreifingu prófa utan keppni á íþróttamönnum í skráðum lyfjaprófunarhópi landsins.

*[4.4.4 Athugasemd: Eins og nánar er skýrt í kafla 11 í þessum alþjóðlegu reglum, er aðaltilgangurinn með skráðum lyfjaprófunarhópi að tilgreina þá íþróttamenn frá viðkomandi íþrótt (um) sem ættu að sæta kröfum um tilkynningaskyldu í kafla 11 í þessum alþjóðlegu reglum. Sú ákvörðun veltur einkum á mati á áhættu á lyfjanotkun utan keppni í viðkomandi íþrótt (um) eða grein (um): Því meiri sem áhættan er, því stærri skal skráður lyfjaprófunarhópur vera; þeim mun minni sem áhættan er, því minni getur skráður lyfjaprófunarhópur verið. Að sama skapi getur fjöldi íþróttamanna í skráðum lyfjaprófunarhópi verið mjög breytilegur milli íþrótta. Í samræmi við ákvæði 11.2, eru ákveðnar lágmarkskröfur um mönnun skráðra lyfjaprófunarhópa og samkvæmt ákvæði 4.4.4 verður að gera ákveðinn fjölda prófa utan keppni sem er tilgreindur í skipulagi á dreifingu prófa, á íþróttamönnum í skráðum lyfjaprófunarhópi.]*

*Þegar landslyfjæftirlit á í hlut, skulu viðkomandi íþróttir samkvæmt ákvæði 4.4.4(b) vera þær íþróttir innan lögsögu þess sem það ákveður, á grundvelli landsstefnu og forgangspátta sem vísað er til í ákvæði 4.3.1, sem og hætumati og öðrum þáttum sem vísað er til í ákvæði 4.3.3, sem varða “forgangs”íþróttir, hvað varðar lyfjapróf utan keppni. Á grundvelli þessara þátta getur landslyfjæftirlit ákveðið að hafa enga íþróttamenn úr ákveðinni íþrótt eða íþróttum í skráðum lyfjaprófunarhópi landsins. Sú ákvörðun skal endurskoðuð reglulega í samræmi við ákvæði 4.3.11. Hins vegar, þar sem landslyfjæftirlitið ákveður að hafa íþróttamenn í ákveðinni íþrótt í skráðum lyfjaprófunarhópi landsins, verður viðeigandi fjöldi lyfjaprófa utan keppni sem ætlaður er í skipulagi á dreifingu prófa að fara fram á þessum íþróttamönnum..]*

4.4.5 Þar sem landslyfjæftirlitið felur lyfjæftirlitsmanni að velja íþróttamenn til sýnatöku, skal landslyfjæftirlitið leggja fram valforsendur fyrir lyfjæftirlitsmanninn í samræmi við dreifingu prófa.

4.4.6 Eftir val á íþróttamanni til sýnistöku og fyrir tilkynningu til íþróttamannsins, skal landslyfjæftirlitið og/eða lyfjæftirlitsmaður tryggja að valákvarðanir íþróttamannsins séu einungis upplýstar þeim sem þurfa að vita, til að tryggja að íþróttamaðurinn geti verið boðaður og prófaður án fyrirvara.

## 5.0 Boðun Íþróttamanna

### 5.1 Markmið

Markmiðið er að tryggja að réttmætar tilraunir séu gerðar til að hafa uppi á íþróttamanninum, að valinn íþróttamaður fái tilkynningu eins og segir í ákvæði 5.4.1, réttindi íþróttamannsins séu virt, engin tækifæri séu til að eiga við sýnið og að tilkynningin sé skráð.

*[5.1 Athugasemd: WADA mun útbúa leiðbeiningar til aðstoðar lyfjæftirlitum við að ákveða hvað teljast réttmætar tilraunir til að hafa uppi á íþróttamanni samkvæmt efni kafla 11.(Dvalarstaður).*

### 5.2 Almenn

Boðun íþróttamanna hefst þegar lyfjæftirlitið hefur frumkvæði að boðun valinna íþróttamanna og endar þegar íþróttamaðurinn kemur til lyfjæftirlitsstöðvar eða þegar athygli lyfjæftirlits er vakin á því að íþróttamaðurinn sinnir hugsanlega ekki boðinu.

Helstu aðgerðir eru:

Skipun lyfjæftirlitsmanna, varða og annars starfsfólks við sýnatökuna;

Hafa uppi á íþróttamanninum og staðfesta hver hann er;

Upplýsa íþróttamanninn um að hann hafi verið valinn til að veita sýni og um réttindi hans og ábyrgð

Í fyrirvaralausri sýnatöku skal íþróttamanninum fylgt stöðugt eftir frá boðun að komu á lyfjæftirlitsstöð; og

Boðunin er skráð eða tilraun til boðunar.

### 5.3 Kröfur fyrir boðun Íþróttamanna

5.3.1 Nota skal boðun án fyrirvara fyrir sýnatöku utan keppni þegar það er mögulegt

5.3.2 Til að sjá um eða aðstoða við sýnatöku skal framkvæmdaaðili lyfjæftirlits skipa og löggilda sýnistökustarfsfólk sem hefur verið þjálfað til starfa, sem hefur engra hagsmuna að gæta hvað varðar niðurstöður lyfjaprófsins og er lögráða.

5.3.3 Sýnatökustarfsfólk skal hafa formleg heimildarskjöl sem framkvæmdaaðili lyfjæftirlits útvegar og hefur umsjón með. Sýnatökustarfsfólk skal tilgreint með nafni og einnig hafa skilríki með nafni og ljósmynd (þ.e. lyfjæftirlitsskírteini, ökuskírteini, sjúkrasamlagsskírteini, vegabréf eða álíka skilríki) og gildistíma skilríkja.

*[5.3.3 Athugasemd: Fylgdarmenn þurfa ekki að bera skilríki með mynd eða ljósmynd. Þeim nægir að framvísa formlegri skriflegri heimild frá lyfjæftirliti, svo sem fyrirmæli eða heimildarbréf.]*

5.3.4 *Lyfjæftirlitið* skal ákveða forsendur til að sannreyna kennsl íþróttamanns sem er valinn til að veita sýni. Þetta tryggir að hinn valdi *íþróttamaður* sé sá sem er boðaður. Auðkennisaðferðin skal skráð í gögn *lyfjæftirlitsins*.

5.3.5 *Lyfjæftirlitið*, *lyfjæftirlitsmaður* eða fylgdarmaður, eftir því sem við á, skal staðfesta dvalarstað hins valda íþróttamanns og skipuleggja aðkomu og tímasetningu boðunar með tilliti til aðstæðna í viðkomandi íþrótt/keppni/æfingu og almennra aðstæðna.

5.3.6 *Lyfjæftirlitið* skal koma á kerfi fyrir ítarlega skráningu á boðunartilraunum íþróttamanna og niðurstöðum þeirra.

5.3.7 *Íþróttamaðurinn* skal vera sá fyrsti sem tilkynnt er að hann hafi verið valinn til sýnatöku nema þar sem fyrst þarf að hafa samband við þriðja aðila, eins og kveðið er á um í ákvæði 5.3.8.

5.3.8 *Lyfjæftirlitið*, *lyfjæftirlitsmaður* eða fylgdarmaður, eftir því sem við á, skal meta hvort tilkynna þurfi þriðja aðila áður en *íþróttamanni* er tilkynnt um sýnistöku, þegar *íþróttamaðurinn* er ólöggráða (eins og kveðið er á um í viðauka C. –Breytingar fyrir ólöggráða *íþróttamenn*), eða þar sem fötlun íþróttamannsins krefst þess (eins og kveðið er á um í viðauka B - breytingar fyrir fatlaða *íþróttamenn*), eða í aðstæður þar sem þarf túlk og hann er tiltækur fyrir boðunina.

*[5.3.8 Athugasemd: Við lyfjapróf í keppni er heimilt að tilkynna þriðju aðilum að lyfjapróf fari fram, þar sem þess þarf til að hjálpa sýnistökustarfsfólki að bera kennsl á íþróttamanninn/mennina sem á að prófa og til að tilkynna þeim að hann þurfi að gefa sýni. Þó er ekki skylt að tilkynna neinum þriðja aðila (t.d. liðslækni) um lyfjapróf þar sem slíkrar aðstoðar er ekki þörf]*

## 5.4 Kröfur fyrir boðun íþróttamanna

5.4.1 Þegar fyrsta samband er haft, skal framkvæmdaaðili *lyfjæftirlits*, *lyfjæftirlitsmaður* eða fylgdarmaður, eins og við á hverju sinni, tryggja að *íþróttamaðurinn* og/eða þriðji aðili (ef þess er þörf samkvæmt ákvæði 5.3.8), sé upplýstur um eftirfarandi:

- a) Að *íþróttamaðurinn* þurfi að veita sýni;
- b) Um forráðaaðila sýnatöku;
- c) Tegund sýnis og þau skilyrði sem þarf að uppfylla fyrir sýnistöku
- d) Um réttindi íþróttamannsins, þar á meðal réttinn til að:
  - i. Hafa fulltrúa og túlk ef hann er tiltækur
  - ii. Biðja um viðbótarupplýsingar um sýnistökuferlið;
  - iii. Krefjast seinkunar á mætingu til *lyfjæftirlitsstöðvar* af gildum ástæðum; og
  - iv. Krefjast breytinga eins og kveðið er á um í Viðauka B-Breytingar vegna fatlaðra íþróttamanna.
- e) Um ábyrgð íþróttamannsins, þar á meðal kröfur um að:
  - i. Vera ætíð í augnsýn *lyfjæftirlitsmanns*/fylgdarmanns frá fyrstu stundu boðunar af hálfu *lyfjæftirlitsmanns*/fylgdarmanns þar til sýnistökuferlinu er lokið;
  - ii. Framvísa skilríkjum samkvæmt ákvæði 5.3.;

- iii. Sæta sýnistöku (og upplýsa skal íþróttamann um hugsanlegar afleiðingar þess að hunsa hana); og
- iv. Mæta tafarlaust til lyfjaprófs, nema gildar ástæður séu fyrir töfum, eins og kveðið er á um í ákvæði 5.4.4.
- f) Staðsetningu lyfjæftirlitsstöðvar.
- g) Ef *íþróttamaðurinn* kys að neyta matar eða vökva fyrir sýnistöku, er það á hans ábyrgð, og ætti ætíð að forðast mikinn vökvaskort, hafandi í huga kröfur um að veita sýni með hæfilega eðlisþyngd fyrir greiningu.
- h) Sýnið sem *íþróttamaðurinn* veitir sýnistökustarfsfólkinu skal vera fyrsta þvagið sem hann lætur frá sér eftir boðun, þ.e. hann skal ekki hafa þvaglát í sturtu eða á annan hátt áður en hann veitir sýnið.

5.4.2 Þegar sambandi er náð skal *lyfjæftirlitsmaður*-/fylgdarmaður:

- a) Frá boðun og þar til *íþróttamaðurinn* yfirgefur *lyfjæftirlitsstöðina* eftir sýnatöku, skal hann hafa vakandi auga með honum.
- b) Kynna sig fyrir *íþróttamanninum* með skilríkjum sem vitnað er til í ákvæði 5.3.3.
- c) Staðfesta kennsl *íþróttamanns* samkvæmt forsendum ákvæðis 5.3.4. Staðfesting á kennslum *íþróttamanns* með öðrum aðferðum eða ef auðkenni eru ekki staðfest, skal skráð og tilkynnt *lyfjæftirlitinu*.
- d) Þar sem ekki er hægt að staðfesta kennsl *íþróttamanns* samkvæmt forsendum ákvæðis 5.3.4, skal *lyfjæftirlitið* ákveða hvort sé viðeigandi að fylgja því eftir í samræmi við viðauka A.-Rannsaka hugsanlega hunsun.

5.4.3 */Lyfjæftirlitsmaðurinn* skal síðan láta *íþróttamanninn* undirrita viðeigandi eyðublað til að staðfesta boðunina og viðtöku hennar. Ef *íþróttamaðurinn* neitar að skrifa undir að hann hafi fengið boðun eða forðast boðunina, skal *Fylgdarmaðurinn/Lyfjæftirlitsmaðurinn* upplýsa *íþróttamanninn* um afleiðingar þess að hunsa boðunina ef það er hægt og *Fylgdarmaðurinn* (ef ekki *Lyfjæftirlitsmaðurinn*) skal tafarlaust tilkynna *lyfjæftirlitsmanninum* allt sem máli skiptir. Þegar því verður við komið skal *Lyfjæftirlitsmaðurinn* halda áfram að taka sýni. *Lyfjæftirlitsmaðurinn* skal skrá allar staðreyndir málsins og tilkynna *lyfjæftirlitinu* um það. *Lyfjæftirlitið* skal síðan fylgja skrefunum er lýst er í viðauka A-Rannsókn á hugsanlegri hunsun.

5.4.4 *Fylgdarmaðurinn/Lyfjæftirlitsmaðurinn* skal meta allar sanngjarnar beiðnir *íþróttamannsins* að seinka mætingu á *lyfjæftirlitsstöð* frá staðfestingu og móttöku boðunar og/eða yfirgefa *lyfjæftirlitsstöðina* tímabundið eftir komu, og má samþykkja slíkar beiðnir ef hægt er að fylgjast stöðugt með *íþróttamanninum* á meðan og ef beiðnin tengist eftirfarandi:

Lyfjapróf í keppni:

- a) Þátttaka í verðlaunaafhendingu;
- b) Uppfylling skuldbindingar við fjölmiðla;
- c) Keppni í fleiri greinum;
- d) Liðkun eftir keppni;

- e) Nauðsynleg aðhlynning hjá lækni;
- f) Útvegun fulltrúa og/eða tólks.
- g) Útvega myndaskilríki; eða
- h) Allar aðrar sérstakar aðstæður sem hægt er að réttlæta og skulu þær skráðar.

Lyfjapróf utan keppni:

- a) Finna fulltrúa;
- b) Ljúka æfingu;
- c) Nauðsynleg aðhlynning hjá lækni;
- d) Útvega myndaskilríki;
- e) Allar aðrar sérstakar aðstæður sem hægt er að réttlæta og skulu þær skráðar.

5.4.5 *Lyfjæftirlitsmaðurinn* eða annað löggilt sýnistökustarfsfólk skal skrá ástæður á töfum á mætingu á *lyfjæftirlitsstöðina* og/eða ástæður fyrir að fara þaðan sem kann að þurfa frekari rannsóknar við af hálfu *lyfjæftirlitsins*. Einnig skal skrá öll tilvik þar sem *íþróttamaðurinn* er ekki stöðugt undir eftirliti.

5.4.6 *Lyfjæftirlitsmaður/fylgdarmaður* skal hafna beiðni um seinkun íþróttamanns ef ekki verður hægt að fylgjast stöðugt með *íþróttamanninum*.

5.4.7 Ef *íþróttamaðurinn* seinkar komu á *lyfjæftirlitsstöð* af öðrum ástæðum en tilgreindar eru í ákvæði 5.4.4 en kemur áður en *Lyfjæftirlitsmaðurinn* fer, skal *Lyfjæftirlitsmaðurinn* ákveða hvort eigi að hefja hunsunarferli. Ef því verður við komið skal *Lyfjæftirlitsmaðurinn* taka sýni og skrá töfina í skýrslu um komu íþróttamannsins á *lyfjæftirlitsstöðina*.

5.4.8 Ef starfsfólk *lyfjæftirlitsstöðvar* sem fylgist með *íþróttamanni*, tekur eftir einhverju sem kynni að spilla lyfjaprófinu skal tilkynna viðkomandi aðstæður til framkvæmdaaðila *lyfjæftirlitsins* og skrá þær. Ef *lyfjæftirlitsmaður* telur viðeigandi, skal hann fara eftir kröfum í viðauka A-Rannsókn á hugsanlegri hunsun, og/eða meta hvort sé viðeigandi að fá annað sýni hjá *íþróttamanninum*.

## 6.0 Undirbúningur sýnistöku

### 6.1 Markmið

Undirbúa sýnistöku þannig að hún fari vel og skilmerkilega fram.

### 6.2 Almenn

Undirbúningur fyrir sýnistöku hefst með því að ákveða kerfi til að fá tilheyrandi upplýsingar fyrir skilvirka framkvæmd sýnistökunnar og endar þegar staðfest er að sýnistökubúnaður uppfylli eftirfarandi skilyrði:

Helstu atriðin eru:

- Ákveða kerfi fyrir söfnun upplýsinga varðandi sýnistökuna;
- Ákveða skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi í sýnistökunni;
- Tryggja að *lyfjaeftirlitsstöðin* uppfylli lágmarkskröfur samkvæmt ákvæði 6.3.2.
- Tryggja að sýnistökubúnaður sem *lyfjaeftirlitið* notar uppfylli lágmarkskröfur samkvæmt ákvæði 6.3.4.

### 6.3 Kröfur fyrir undirbúning sýnistöku

6.3.1 *Lyfjaeftirlitið* skal koma á kerfi til að safna öllum nauðsynlegum upplýsingum til að tryggja að sýnistakan verði skilvirk, þar á meðal sérstakar kröfur varðandi þarfir fatlaðra íþróttamanna eins og lýst er í viðauka B-Breytingar fyrir fatlaða *íþróttamenn*, sem og þarfir ólögráða íþróttamanna (eins og kveðið er á um í viðauka C. –Breytingar fyrir ólögráða *íþróttamenn*.)

6.3.2 *Lyfjaeftirlitsmaður* skal nota *lyfjaeftirlitsstöð* sem tryggir *íþróttamanninum* næði og er eingöngu notuð sem *lyfjaeftirlitsstöð* meðan á sýnistöku stendur. *Lyfjaeftirlitsmaður* skal skrá öll frávik frá þessum skilyrðum

6.3.3 *Lyfjaeftirlitið* skal setja skilyrði um hverjir mega vera viðstaddir sýnistöku fyrir utan starfsfólk *lyfjaeftirlits*. Að lágmarki skulu þessi skilyrði innifela þessi atriði:

- Réttur íþróttamanns að hafa með sér fulltrúa og/eða tulk við sýnistökuna nema þegar *íþróttamaðurinn* veitir þvagsýni.
- Réttur ólögráða íþróttamanns (eins og kveðið er á um í viðauka C. –Breytingar fyrir ólögráða *íþróttamenn*) og réttur viðkomandi *lyfjaeftirlitsmanns/fylgdarmanns* að hafa fulltrúa sem fylgist með fylgdarmanninum þegar hinn ólögráða *íþróttamaður* veitir þvagsýni en án þess að viðkomandi fulltrúi fylgist beint með veitingu þvagsýnisins nema hinn ólögráða *íþróttamaður* fari fram á það;
- Réttur fatlaðs íþróttamanns að hafa fulltrúa með sér eins og lýst er í viðauka B-Breytingar fyrir fatlaða *íþróttamenn*;
- Óháður eftirlitsmaður WADA þar sem það á við samkvæmt ákvæði um óháð eftirlit. Óháður eftirlitsmaður WADA skal ekki fylgjast beint með veitingu þvagsýnis.

6.3.4 *Lyfjæftirlitið* skal aðeins nota sýnistökubúnað sem að lágmarki uppfyllir þessi skilyrði:

- a) Sérstakt númer innfellt í hverja flösku, ílát, rör eða annað sem er notað til að loka sýninu;
- b) Innsiglið sem sýnir hvort hafi verið átt við það;
- c) Tryggt skal að nafn íþróttamannsins sjáist ekki á búnaðinum;
- d) Tryggt skal að allur búnaður sé hreinn og innsiglaður áður en *íþróttamaðurinn* notar hann.

6.3.5 *Landslyfjæftirlitið* skal þróa kerfi fyrir skráningu á skilmerktri leið fyrir sýni og sýnistökugögn sem innifelur staðfestingu á bæði sýnin og sýnisgögnin hafi komið á ætlaðan áfangastað.

*[6.3.5 Athugasemd: Upplýsingar um hvernig sýni er geymt fyrir brottför frá lyfjæftirlitsstöð má skrá (til dæmis) á uppgjörsskýrslu. Þegar sýni er tekið frá lyfjæftirlitsstöð, skal skrá hverja umsjónarfærslu sýnis frá einum einstaklings til annars, t.d. frá lyfjæftirlitsmanni til sendiboða, eða frá lyfjæftirlitsmanni til rannsóknarstofu, þar til sýnið kemur á ætlaðan áfangastað. ]*

## 7.0 Sýnistaka

### 7.1 Markmið

Að sjá um sýnistöku á þann hátt að heilindi, öryggi og kennsl sýnisins séu virt, sem og einkalíf íþróttamannsins.

### 7.2 Almenn

Sýnistakan hefst við skilgreiningu á alhliða ábyrgð sem fylgir umsjón með sýnistöku og lýkur þegar skráningu á sýnistöku er lokið.

Helstu atriðin eru:

- a) Undirbúningur fyrir sýnistöku;
- b) Taka sýnisins; og
- c) Skráning á sýnistöku.

### 7.3 Kröfur fyrir sýnistöku

7.3.1 *Lyfjæftirlitið* ber ábyrgð á umsjón með sýnistökunni í heild og þeirri sérstöku ábyrgð sem falin er *lyfjæftirlitsmanni*.

7.3.2 *Lyfjæftirlitsmaðurinn* skal tryggja að *íþróttamaðurinn* sé upplýstur um réttindi sín og ábyrgð eins og kveðið er á um í ákvæði 5.4.1.

7.3.3 *Lyfjæftirlitsmaðurinn* skal gefa *íþróttamanninum* möguleika á vökvainntöku. *Íþróttamaðurinn* skal forðast mikla vökvapurð, hafandi í huga kröfur um að veita sýni með hæfilega eðlisþyngd fyrir greiningu.

7.3.4 *Íþróttamaðurinn* má aðeins fara frá *lyfjæftirlitsstöð* undir stöðugu eftirliti *lyfjæftirlitsmanns/fylgdarmanns* og með samþykki *lyfjæftirlitsmanns*. *Lyfjæftirlitsmaður* skal meta sanngjarna kröfu *íþróttamanns* að fara frá *lyfjæftirlitsstöð* eins og kveðið er á um í 5.4.5 og 5.4.6 þar til *íþróttamaðurinn* getur veitt sýnið.

7.3.5 Ef *lyfjæftirlitsmaðurinn* heimilar *íþróttamanninum* að fara frá *lyfjæftirlitsstöðinni* skal *lyfjæftirlitsmaðurinn* staðfesta með *íþróttamanninum* eftirfarandi skilyrði fyrir brottför:

- a) Tilgangur *íþróttamanns* með brottför frá *lyfjæftirlitsstöð*; og
- b) Endurkomutími (eða koma að loknu samþykktu atferli); og
- c) *Íþróttamaðurinn* skal allan tímann sæta eftirliti; og
- d) *Íþróttamaðurinn* skal ekki hafa þváglat fyrir en hann kemur aftur á *lyfjæftirlitsstöðina*; og

*Lyfjæftirlitsmaðurinn* skal skrá rauntíma brottfarar og komu *íþróttamannsins*.

## 7.4 Kröfur fyrir sýnistöku

7.4.1 *Lyfjæftirlitsmaðurinn* skal taka sýni íþróttamannsins samkvæmt eftirfarandi reglum um viðkomandi sýnistöku:

- a) Viðauki C: Veiting þvagsýnis
- b) Viðauki D. Taka blóðsýnis

7.4.2 Allt atferli íþróttamanns og/eða fólks sem tengist honum eða frávik sem gætu spillt sýnistöku, skal *lyfjæftirlitsmaður* skrá. Ef við á, skal *lyfjæftirlitið* hefja viðauka A-Rannsókn á hugsanlegri hunsun

7.4.3 Ef vafi leikur á uppruna eða áreiðanleika sýnisins skal *íþróttamaðurinn* beðinn um að veita annað sýni. Ef *íþróttamaðurinn* neitar að veita annað sýni skal *lyfjæftirlitsmaðurinn* skrá aðstæður varðandi neitunina og *lyfjæftirlitið* skal hefja aðgerðir samkvæmt viðauka A-Rannsókn á hugsanlegri hunsun.

7.4.4 *Lyfjæftirlitsmaðurinn* skal gefa *íþróttamanninum* færi á að skrá allar efasemdir sem hann kann að hafa um framkvæmd sýnistökunnar.

7.4.5 Við sýnistökuna skal skrá að lágmarki eftirfarandi upplýsingar:

- a) Dagsetning, tími og tegund boðunar (Án fyrirvara, með fyrirvara, í keppni eða utan keppni);
- b) Komutími á *lyfjæftirlitsstöð*;
- c) Dagsetning og tími sýnisveitingar;
- d) Heiti íþróttamanns;
- e) Fæðingardagur og ár íþróttamanns;
- f) Kyn íþróttamanns;
- g) Heimilisfang íþróttamannsins og símanúmer;
- h) Íþrótt og grein íþróttamanns;
- i) Heiti þjálfara og læknis íþróttamanns;
- j) Kóðanúmer sýnis;
- k) Nafn og undirskrift fylgdarmannsins sem var vitni að veitingu þvagsýnis;
- l) Nafn og undirskrift blóðtökustarfsmanns sem tók blóðsýnið, þar sem það á við;
- m) Tilskildar upplýsingar á sýni fyrir rannsóknarstofu;
- n) Lyf og bætiefni sem *íþróttamaður* notar og upplýsingar um nýlega blóðgjöf ef þess er þörf, innan tilgreindra tímamarka rannsóknarstofunnar eins og *íþróttamaðurinn* upplýsir;
- o) Alla óreglu við framkvæmdina;
- p) Athugasemdir íþróttamanns eða efasemdir hvað varðar framkvæmd sýnistökunnar ef framlagðar;
- q) Samþykki íþróttamanns fyrir skráningu gagna í ADAMS;
- r) Samþykki íþróttamanns eða annað fyrir notkun sýnisins í rannsóknarskyni;
- s) ) Nafn og undirskrift fulltrúa íþróttamannsins ef þess er þörf, sbr. ákvæði 7.4.6;
- t) Nafn og undirskrift íþróttamannsins; og
- q) Nafn og undirskrift *lyfjæftirlitsmannsins*.

7.4.6 *Íþróttamaðurinn* og *lyfjæftirlitsmaðurinn* undirrita viðeigandi skjöl til að staðfesta að skjölin upplýsi nákvæmlega öll atriði hvað varðar sýnistöku íþróttamannsins, þar á meðal allar efasemdir skráðar af hálfu íþróttamannsins. Fulltrúi íþróttamannsins og *íþróttamaðurinn* skrifa báðir undir ef *íþróttamaðurinn* er ólöggráða. Aðrir einstaklingar sem gegndu formlegu hlutverki við sýnistökuna mega skrifa undir gögnin sem vitni.

7.4.7 *Lyfjæftirlitsmaðurinn* lætur *íþróttamanninum* í té afrit af skráðum gögnum um sýnistökuna sem hann hefur undirritað.

## 8.0 Öryggi/meðferð eftir lyfjapróf

### 8.1 Markmið

Að tryggja að öll sýni sem tekin eru á *lyfjæftirlitsstöð* og gögn varðandi sýnið séu í öruggri geymslu áður en þau fara frá *lyfjæftirlitsstöðinni*.

### 8.2 Almenn

Meðferð eftir sýnistöku hefst þegar *íþróttamaðurinn* hefur yfirgefið *lyfjæftirlitsstöðina* eftir að hafa veitt sýni og endar með frágangi allra sýna og gagna fyrir flutning

### 8.3 Kröfur um öryggi/meðferð eftir lyfjapróf

8.3.1 *Lyfjæftirlitið* skal tilgreina skilyrði sem tryggja að innsiglað sýni verði geymt þannig að heilindi, kennsl og öryggi þess verði virt fyrir flutning frá *lyfjæftirlitsstöðinni*. *Lyfjæftirlitsmaðurinn* skal tryggja að öll innsigluð sýni séu geymd samkvæmt þessum kröfum

8.3.2 *Lyfjæftirlitið/lyfjæftirlitsmaður* skal þróa kerfi til að tryggja að skráðar upplýsingar með hverju sýni séu útbúnaðar og meðhöndlaðar af öryggi.

8.3.3 *Landslyfjæftirlitið* skal þróa kerfi til að tryggja að þar sem þörf krefur, fyrirmæli um greiningu séu veitt löggiltir rannsóknarstofu WADA eða rannsóknarstofu sem WADA hefur á annan hátt samþykkt.

## 9.0 Flutningur sýna og gagna

### 9.1 Markmið

- a) Að tryggja að sýni og tengd gögn komi til samþykkrar rannsóknarstofu WADA eða rannsóknarstofu sem WADA hefur annars samþykkt, í réttu ástandi til nauðsynlegrar greiningar, og
- b) Að tryggja að gögn með sýnistöku séu send frá *lyfjæftirlitsmanni* til *lyfjæftirlits* í tæka tíð og á öruggan hátt.

### 9.2 Almenn

Flutningur hefst þegar innsigluð sýni og gögn fara frá *lyfjæftirlitsstöðinni* og endar með staðfestri kvittun fyrir móttöku sýnanna og gagnanna á áfangastað.

Helstu verkefnið eru að sjá um öruggan flutning sýna og tengdra gagna til samþykkrar rannsóknarstofu WADA eða eins og WADA hefur annars samþykkt, og að sjá um öruggan flutning sýnistökugagna til lyfjæftirlits.

### 9.3 Kröfur um flutning á sýnum og gögnum

9.3.1 Lyfjæftirlitið skal sjá fyrir flutningskerfi sem tryggir að sýnin og gögnin verði flutt þannig að heilindi, kennsl og öryggi þeirra verði virt

9.3.2 Sýni skulu alltaf flutt til löggiltrar rannsóknarstofu WADA(eða sem WADA hefur samþykkt með öðrum hætti) með heimilaðri flutningaaðferð lyfjæftirlitsins, um leið og því verður við komið eftir sýnistöku. Sýni skulu flutt þannig að sem minnstar líkur séu á rýrnun sýnisins vegna tafa eða mikilla hitasveiflna.

*[9.3.2 Athugasemd: Lyfjæftirlit skulu ræða flutningskröfur í tilteknum verkefnum við rannsóknarstofuna sem greina á sýnin, til að staðfesta hvað er nauðsynlegt (t.d. hvort kæling eða frysting sýna sé nauðsynleg) miðað við sérstakar aðstæður í viðkomandi verkefni.*

9.3.3 Gögn sem sýna hver íþróttamaðurinn er skulu ekki fylgja sýnunum eða gögnum sem send eru til samþykkrar rannsóknarstofunnar eða sem WADA hefur annars samþykkt.

9.3.4 Lyfjæftirlitsmaðurinn skal senda öll tilheyrandi gögn um sýnistökuna til lyfjæftirlitsins með flutningaleið lyfjæftirlitsins eins fljótt og hagkvæmt telst að lokinni sýnistöku.

9.3.5 Varðveislukeðja skal könnuð af lyfjæftirliti ef kvittun um komu sýnanna ásamt meðfylgjandi gögnum eða sýnistökugagnanna á áfangastað er ekki staðfest eða ef heilindum eða kennslum sýnanna kynni að hafa verið spillt meðan á flutningi stóð. Í því tilfalli skal lyfjæftirlitið meta hvort ógilda skuli sýnið.

9.3.6 Gögn tengd sýnistöku og/eða broti á lyfjareglum skal lyfjæftirlitið varðveita í minnst 8 ár eða eins og kveðið er á um í lyfjareglunum –grein 17.

## 10.0 Eignarhald sýna

- 10.1** *Lyfjæftirlitið sem á frumkvæði að lyfjaprófum, á sýnin sem tekin eru hjá íþróttamanninum.*
- 10.2** *Lyfjæftirlitið sem á frumkvæði að lyfjaprófum á íþróttamanninum má færa eignarhald sýnanna til þess lyfjæftirlits sem hefur umsjón með niðurstöðum slíkra lyfjaprófa.*

## 11.0 Kröfur um dvalarstað íþróttamanns

### 11.1 Markmið/almennar reglur

11.1.1 Viðurkennt er og viðtekið að (a) Lyfjapróf án fyrirvara utan keppni séu kjarni skilvirks lyfjæftirlits; og (b) án nákvæmra upplýsinga um dvalarstað íþróttamannsins séu slík lyfjapróf áhrifalítill og oft óframkvæmanleg.

*[11.1.1 Athugasemd: Þessi viðurkenning er grundvöllur lyfjareglanna – grein 2.4 og þessa kafla 11 í alþjóðareglum um lyfjapróf.]*

11.1.2 Ásamt því að skipuleggja dreifingu prófa í samræmi við kafla 4 í þessum alþjóðlegu reglum, skal hvert alþjóðasamband og landslyfjæftirlit stofna skráðan lyfjaprófunarhóp íþróttamanna sem uppfyllir skilyrði alþjóðasambandsins/landslyfjæftirlitsins (eftir því hvað á við): sjá ákvæði 11.2 og, hvað varðar liðaiþróttir, ákvæði 11.5. Íþróttamenn í skráðum lyfjaprófunarhópi verða að hlíta kröfum um dvalarstaðartilkynningu sem lýst er í þessum kafla 11: sjá lyfjareglurnar – grein 14.3.

11.1.3 Íþróttamaður í skráðum lyfjaprófunarhóp skal ársfjórðungslega leggja fram tilkynningu um dvalarstað sem veitir ítarlegar og nákvæmar upplýsingar um dvalarstað íþróttamannsins á næsta ársfjórðungi, tilgreina hvar hann muni búa, æfa og keppa á þessum ársfjórðungi, svo að hægt sé að hafa uppi á honum til lyfjaprófa hvenær sem er á þessum ársfjórðungi: sjá ákvæði 11.3. Ef þetta er ekki gert jafngildir það tilkynningavanrækslu og þar með hunsun á dvalarstaðartilkynningu, samkvæmt lyfjareglunum grein 2.4.

11.1.4 Íþróttamaður í skráðum lyfjaprófunarhópi þarf einnig að tilgreina í tilkynningu sinni um dvalarstað, fyrir hvern dag á næsta ársfjórðungi, einn tiltekinn klukkutíma þar sem hann verður tiltækur á tilgreindum stað fyrir lyfjapróf; sjá ákvæði 11.4. Þetta takmarkar ekki á neinn hátt skyldu íþróttamannsins að vera tiltækur til lyfjaprófs, hvar og hvenær sem er. Ekki heldur takmarkar þetta skyldu íþróttamannsins að upplýsa dvalarstað sinn utan þessa 60 mínútna tímabils. Ef íþróttamaðurinn er ekki tiltækur til lyfjaprófs á slíkum stað á þessu 60 mínútna tímabili á viðkomandi degi sem tiltekið er í tilkynningu um dvalarstað og hafi ekki breytt upplýsingum í tilkynningu um dvalarstað um viðkomandi 60 mínútna tímabil og gerið upp annan tíma og stað fyrir viðkomandi dag, telst hann hafa misst af lyfjaprófi og þar með telst þetta hunsun á dvalarstaðartilkynningu hvað varðar lyfjareglurnar – grein 2.4.

*[11.1.4 Athugasemd: Tilgangurinn með 60 mínútna tímabilinu er að finna jafnvægi milli þeirrar þarfar að staðsetja íþróttamanninn fyrir lyfjapróf og því óhagræði og ósannngirni að gera íþróttamenn hugsanlega ábyrga á að hafa misst af lyfjaprófi í hvert sinn sem þeir víkja frá áður yfirlýstri dagskrá sinni. Lyfjæftirlit*

sem tóku upp dvalarstaðarkerfið fyrir 2008 endurspegluðu þessa spennu á mismunandi vegu. Sum kröfðust upplýsinga um dvalarstað allan sólarhringinn en úrskurðuðu ekki að íþróttamaður hefði misst af lyfjaprófi ef hann var ekki þar sem hann hafði sagst ætla að vera nema (a) hann gat samt ekki mætt til lyfjaprófs þrátt fyrir boðun með síma; eða (b) daginn eftir var íþróttamaðurinn heldur ekki þar sem hann hafði sagst ætla að vera. Aðrir fóru fram á upplýsingar um dvalarstað íþróttamannsins á aðeins einni klukkustund á dag, en létu íþróttamanninn bera fulla ábyrgð á þeim tíma, sem gaf báðum aðilum öryggi en takmarkaði möguleika lyfjaeftirlits að prófa íþróttamanninn utan þessarar klukkustundar. Eftir miklar viðræður við hagsmunaaðila með umtalsverða reynslu í þessum efnum, var ákveðið að besta leiðin til að hámarka líkurnar á að finna íþróttamanninn hvenær sem er og finna um leið sanngjarna málamiðlun á sólarhringskröfunni; þ.e. krefjast upplýsinga um dvalarstað allan sólarhringinn en takmarka hættuna á að missa af lyfjaprófi við 60 mínútna tímabil. (Nánar um hvernig þetta er í framkvæmd er í athugasemd við ákvæði 11.4.1.)

11.1.5 Fleiri en eitt lyfjaeftirlit getur haft lögsögu til að prófa íþróttamann í skráðum lyfjaprófunarhópi (sjá lyfjareglurnar –grein 15) og því (þar sem tilraun til að prófa íþróttamann tekst ekki og kröfur ákvæðis 11.5.3. eru uppfylltar) að skrá að viðkomandi íþróttamaður hafi misst af lyfjaprófi. Þessi missir á lyfjaprófi skal viðurkenndur af öðrum lyfjaeftirlitum í samræmi við lyfjareglurnar – grein 15.4.

11.1.6 Íþróttamaður í skráðum lyfjaprófunarhópi telst hafa brotið lyfjareglurnar samkvæmt grein 2.4 ef hann á 18 mánaða tímabili missir þrisvar af lyfjaprófi og/eða tilkynninir ekki um dvalarstað sinn, án tillits til þess hvaða lyfjaeftirlit hafa úrskurðað um hunsun á dvalarstaðartilkynningu.

[11.1.6 Athugasemd: Þótt eitt tilvik um hunsun á dvalarstaðartilkynningu sé ekki brot á lyfjareglunum samkvæmt grein 2.4 í lyfjareglunum, getur þó, ef aðstæður eru sérlega grófar, þetta talist brot á lyfjareglum samkvæmt lyfjareglunum – grein 2.3 (Komist hjá sýnatöku og/eða lyfjareglunum – grein 2.5 (Fölsun eða tilraun til fölsunar á lyfjaeftirliti). Ekkert í þessum alþjóðlegu reglunum er ætlað til að hindra lyfjaeftirlit í að fara með hunsun á dvalarstaðartilkynningu sem brot á lyfjareglum samkvæmt annarri eða báðum greinunum þar sem kringumstæður gefa tilefni til þess (án fyrirvara um að geta treyst á það síðar sem hunsun á dvalarstaðartilkynningu samkvæmt lyfjareglunum – grein 2.4).

Aðeins íþróttamenn sem hafa verið skráðir í lyfjaprófunarhóp samkvæmt lyfjareglunum –grein 14.3, eru bundnir af kröfum um dvalarstaðartilkynningu eins og lýst er í kafla 11. Aðrir íþróttamenn þurfa ekki að sæta slíkum kröfum. En ekkert í þessum alþjóðlegu reglum kemur í veg fyrir að lyfjaeftirlit setji aðrar kröfur um tilkynningaskyldu fyrir íþróttamenn utan skráða prófunarhópsins. Dæmi:

- Þar sem aðstæður heimila, getur lyfjaeftirlit auðkennt ákveðna áhættuþróttamenn í lögsögu sinni sem ættu að sæta strangari tilkynningakröfum, (svo sem lengra tímabil á degi þar sem íþróttamaður telst hafa misst af lyfjaprófi ef hann er ekki tiltækur til prófunar, t.d. til að ná til fastra æfinga); og/eða
- lyfjaeftirlit má tilgreina hóp íþróttamanna (t.d. þá sem voru stærri lyfjaprófunarhópnum fyrir upptöku ARL útg. 4.0) sem minni kröfur um dvalarstaðarupplýsingar eru gerðar (t.d. að skrá aðsetur og fastar æfingar, keppni og annað reglulegt athæfi, en engar kröfur um 60 mínútna tímabil).

Á þennan hátt getur lyfjaeftirlit skipulagt mismunandi prófunarhópa og gert mismunandi tilkynningakröfur til hvers. Sérhver hunsun á slíkum kröfum getur talist hunsun á dvalarstaðartilkynningu hvað varðar lyfjareglurnar –grein 2.4.

Áreksstrar verða þegar þarf að sameina hunsun á dvalarstaðartilkynningu samkvæmt mismunandi reglum. Þar sem íþróttamaður er í skráðum lyfjaprófunarhópi, mega aðeins hunsanir á dvalarstaðartilkynningu hvað hann varðar byggjast á reglum í samræmi við þennan kafla 11 sameinast hvað varðar lyfjareglurnar – grein 2.4. Þar sem íþróttamaðurinn er í öðrum prófunarhópi þar sem aðrar tilkynningakröfur gilda um dvalarstað,

þá gilda reglur lyfjaeftirlitsins sem setti hann í þennan hóp um að hvaða marki hunsanir á dvalarstaðartilkynningu af hálfu íþróttamannsins skuli sameinast hunsunum á dvalarstaðartilkynningum samkvæmt reglum viðkomandi lyfjaeftirlits hvað varðar lyfjareglurnar – grein 2.4.

11.1.7 18 mánaða tímabilið sem vísað er til í ákvæði 11.1.6 hefst daginn sem *íþróttamaður* hunsar tilkynningu um dvalarstað. Heppnuð sýnistaka hjá viðkomandi *íþróttamanni* á þessu 18 mánaða tímabili hefur ekki áhrif á það, þ.e. ef þrjú tilvik um hunsun á dvalarstaðartilkynningu verða á þessu 18 mánaða tímabili en þá telst það brot á lyfjareglunum – grein 2.4., þrátt fyrir sýni tekin hjá *íþróttamanninum* á 18 mánaða tímabilinu. Hinsvegar, ef *íþróttamaður* sem hefur hunsað einu sinni að tilkynna dvalarstað en gerir það ekki á næstu 18 mánuðum, telst fyrsta brotið útrunnið hvað varðar ákvæði 11.1.6.

[11.1.7 Athugasemd: Ef *íþróttamaður* hunsar tvívegis að tilkynna dvalarstað en verður ekki á þriðja brotið innan 18 mánaða frá því fyrsta, telst fyrsta brot hans fyrnt og nýtt 18 mánaða tímabil byrjar frá dagsetningu seinna brotsins.

Um úrskurð á hvort hunsun á tilkynningu um dvalarstað hafi átt sér stað á því 18 mánaða tímabili sem vísað er til í ákvæði 11.1.6:

- a. a Tilkynningavannræksla telst eiga sér stað á fyrsta degi ársfjórðungsins sem *íþróttamaður* gerir ekki umbeðna tilkynningu, eða (ef um aðrar tilkynningavannrækslur er að ræða á sama ársfjórðungi) daginn sem skilafresti lauk, í samræmi við ákvæði 11.3.8; og
- b. a Misst af lyfjaprófi telst hafa átt sér stað daginn sem reynt var en ekki tókst að taka sýni.

#### 11.1.8 Bráðabirgðafyrirkomulag:

- a. Þessi útgáfa af alþjóðlegu reglunum um lyfjapróf, janúar 2009, ásamt (án takmarkana) ákvæði um sameininingu hunsana á dvalarstaðartilkynningu einstakra lyfjaeftirlita hvað varðar lyfjareglurnar –grein 2.4, skal gilda að fullu um allar hunsanir á dvalarstaðartilkynningum eftir 1. janúar, 2009.

[11.1.8(a) Athugasemd: Ekkert í þessum reglum hindrar lyfjaeftirlit í því, fyrir 1. janúar 2009, að skipa skráðan lyfjaprófunarhóp sinn samkvæmt kafla 11, tilkynna íþróttamönnum að þeir séu í hópnum og fá tilkynningar um dvalarstaði þeirra fyrir ársfjórðunginn sem hefst 1. janúar, 2009.]

- b. Þar sem *íþróttamaður* hefur ekki uppfyllt kröfur um tilkynningu á dvalarstað samkvæmt þágildandi reglum landslyfjaeftirlits á 18 mánaða tímabilinu fram að 1. janúar, 2009, skal úrskurðað um vafaatriði varðandi það hvort slíkar hunsanir megji sameina og/eða með hunsunum eftir 1. janúar, 2009, hvað varðar lyfjareglurnar –grein 2.4, samkvæmt lyfjareglunum –grein 2.5.

[11.1.8(b) Athugasemd: Ekkert í þessum reglum kemur í veg fyrir að landslyfjaeftirlit kveði á um í sínum reglum að það viðurkenni brot á tilkynningaskyldu sem annað landslyfjaeftirlit tilkynnir, fyrir 1. janúar, 2009, þar sem slíkt brot er opinberað af hálfu viðkomandi lyfjaeftirlits. Enn fremur má lyfjaeftirlit tilkynna *íþróttamanni* að slík hunsun á tilkynningu um dvalarstað eftir tilkynninguna en fyrir 1. janúar, 2009, verði sameinuð hunsunum á tilkynningum um dvalarstað sem eiga sér stað eftir 1. janúar, 2009, hvað varðar lyfjareglurnar – grein 2.4.]

## 11.2 Kröfur fyrir ákvörðun á Skráðum lyfjaprófunarhópi

11.2.1 Sérhvert alþjóðasamband skal skilgreina forsendur fyrir *íþróttamenn* sem skráðir verða í alþjóðlegan lyfjaprófunarhóp í sinni íþrótt og skal birta þessar forsendur, ásamt listanum yfir þá *íþróttamenn* sem uppfylla forsendurnar (og eru þar með í alþjóðlega skráða lyfjaprófunarhópnum) fyrir viðkomandi tímabil. Forsendurnar skulu endurspegla mat alþjóðasambandsins á hættu á lyfjanotkun utan keppni í viðkomandi íþrótt, sjá ákvæði 4.2. Slíkar forsendur (og fjöldi íþróttamanna í skráðum lyfjaprófunarhópi) geta verið mismunandi milli íþróttar og alþjóðasamband verður að geta sýnt fram á að það hafi metið viðkomandi áhættuþætti og lagt fram viðeigandi forsendur á grundvelli matsins.

*[11.2.1 Athugasemd: Almenna reglan er sú að þess er vænst að í alþjóðlegum skráðum lyfjaprófunarhópi séu íþróttamenn sem keppa reglulega í fremstu röð alþjóðakeppna (.t.d. mögulegir verðlaunahafar á ÓL, Ólympíuleikum fatlaðra og heimsmeistaramótum) miðað við styrkleikaflokkun eða álíka forsendur. Í samræmi við ákvæði 4.4.4, verður viðeigandi hluti lyfjaprófa utan keppni sem skipulag á dreifingu prófa hjá viðkomandi alþjóðasambandi kveður á um, að fara fram á íþróttamönnum í alþjóðlegum skráðum lyfjaprófunarhópi.*

*Hvað varðar þá kosti að fastsetja skráðan lyfjaprófunarhóp í liðaiþrótt, visast til ákvæðis 11.5.1.]*

11.2.2 Sérhvert landslyfjæftirlit skal skilgreina forsendur fyrir *íþróttamenn* sem skráðir verða í landslyfjaprófunarhóp í í þeim íþróttum sem eru með í skipulagi á dreifingu prófa og skal birta þessar forsendur, ásamt listanum yfir þá *íþróttamenn* sem uppfylla forsendurnar (og eru þar með í landslyfjaprófunarhópnum) fyrir viðkomandi tímabil. Forsendurnar skulu endurspegla mat landslyfjæftirlitsins á hættu á lyfjanotkun utan keppni í viðkomandi íþróttum, (sjá ákvæði 4.3) ásamt landsreglum um lyfjæftirlit sem vísað er til í ákvæði 4.3.1. Slíkar forsendur geta verið mismunandi milli þjóða og landslyfjæftirlit verður að geta sýnt fram á að það hafi metið viðkomandi áhættuþætti og lagt fram viðeigandi forsendur á grundvelli matsins.

*[11.2.2 Athugasemd: Almenna reglan er sú að þess er vænst, nema gild ástæða sé til að gera það ekki, að í landslyfjaprófunarhópi séu:*

*(i) íþróttamenn sem landslyfjæftirlitið hefur lögsögu yfir og eru í alþjóðlegum skráðum lyfjaprófunarhópi; (ii) íþróttamenn í landsliði fyrir Ólympíuleika, ÓL fatlaðra eða aðrar íþróttir sem hafa mikinn forgang í viðkomandi landi (eða gætu verið valdir í slík lið); og (iii) íþróttamenn sem æfa sjálfstætt en keppa á ÓL/ÓL fataðra eða heimsmeistaramótum og gætu verið valdir til keppni á slíkum mótum.*

*Dæmi um ástæðu fyrir því að tiltekinn íþróttamaður í einum af þessum flokkum er ekki skráður í landslyfjaprófunarhóp, gæti verið sú að það er ekki í samræmi við áhersluþætti í lyfjareglum viðkomandi landslyfjæftirlits, eins og vísað er til í ákvæði 4.3.1.*

*Í samræmi við ákvæði 4.4.4 þar sem íþróttamenn í tiltekinni íþrótt eru í landslyfjaprófunarhópi, skal viðeigandi fjöldi lyfjaprófa utan keppni sem viðkomandi íþrótt er áætlaður í skipulagi landslyfjæftirlits á dreifingu prófa, fara fram á slíkum íþróttamönnum.)*

11.2.3 Lyfjæftirlitið skal hafa í skráðum lyfjaprófunarhópi sínum (a) þá *íþróttamenn* sem það hefur lögsögu yfir og taka út keppnisbann (sjá lyfjareglurnar –grein 10.11); og (b) þá *íþróttamenn* sem það hefur lögsögu yfir og hættu keppni þegar þeir voru í skráðum lyfjaprófunarhópi og vilja hefja aftur virka þátttöku í íþróttinni (sjá lyfjareglurnar – grein 5.4). Lyfjæftirlitið má einnig hafa í skráðum lyfjaprófunarhópi þá *íþróttamenn* sem það hefur lögsögu yfir og vill gera á afmörkuð próf.

11.2.4 *Lyfjæftirlitið* skal reglulega endurskoða og uppfæra eftir þörfum forsendur fyrir skráningu íþróttamanna í skráðan lyfjaprófunarhóp. Að auki skal *lyfjæftirlitið* endurskoða reglulega birtan lista yfir *íþróttamenn* í skráðum lyfjaprófunarhópi til að tryggja að allir skráðir *íþróttamenn* uppfylli forsendurnar. *Íþróttamenn* sem uppfylla ekki lengur forsendurnar skulu teknir úr skráðum lyfjaprófunarhópi og *íþróttamönnum*, sem uppfylla forsendurnar, skal bætt í skráða lyfjaprófunarhópinn. *Lyfjæftirlitið* skal tilkynna þessum *íþróttamönnum* um breytta stöðu þeirra og birta nýjan lista yfir *íþróttamenn* í skráðum lyfjaprófunarhópi, án tafa.

[11.2.4 Athugasemd: Sjá ákvæði 11.5.2 fyrir umræður um beitingu þessa ákvæðis 11.2.4 þegar skráður lyfjaprófunarhópur er skilgreindur með tilvísun til liða..]

11.2.5 *Íþróttamaður* í *Skráðum lyfjaprófunarhópi* skal halda áfram að vera háður tilkynningaskyldu um dvalarstað eins og lýst er í kafla 11, nema og þar til:

- a. hann hefur fengið skriflega tilkynningu frá hinu ábyrga *lyfjæftirliti* að hann er ekki lengur í *Skráðum lyfjaprófunarhópi*; eða
- b. hann hættir keppni í viðkomandi íþrótt í samræmi við gildandi reglur og tilkynnir alþjóðasambandi sínu eða landslyfjæftirlit eða báðum (eftir því hvað við á) um það.

[11.2.5(a) Athugasemd: Gildandi reglur geta einnig kveðið á um að *íþróttamaður* tilkynni landssambandi sínu að hann sé hættur keppni.

Þar sem *íþróttamaður* hættir keppni en snýr síðan aftur í íþróttina, skal ekki tekið mið af hættutíma/ótiltækileika fyrir lyfjapróf utan keppni þegar átján mánaða tímabilið er reiknað eins og vísað er til í lyfjareglunum – grein 2.4 og ákvæði 11.1.5. Þar með getur hunsun *íþróttamannsins* á tilkynningu um dvalarstað sem á sér stað áður en hann hættir keppni, verið sameinuð hunsunum á tilkynningum á dvalarstað af hálfu *íþróttamannsins* vegna lyfjaprófa utan keppni, eftir að hann snýr aftur til keppni og verður tiltækur til prófa. Dæmi: Ef *íþróttamaður* hunsaði tvisvar á tólf mánuðum að tilkynna dvalarstað sinn, áður hann hann hætti keppni, og hunsar það einu sinni á fyrstu sex mánuðunum eftir að hann snýr aftur til keppni og verður tiltækur til lyfjaprófa utan keppni, telst þetta brot á lyfjareglunum – grein 2.4..]

11.2.6 Vegna samræmingar skal *lyfjæftirlitið* kynna öðrum *lyfjæftirlitum* og WADA forsendur sínar fyrir skráningu íþróttamanna í skráðan lyfjaprófunarhóp, núverandi lista yfir *íþróttamenn* í skráða lyfjaprófunarhópnum og uppfæra eftir þörfum: sjá lyfjareglurnar – grein 14.3.

### 11.3 Kröfur um tilkynningu um dvalarstað

[11.3 Athugasemd: *Lyfjæftirlit* eru hvött til að nota ADAMS-kerfið til að auðvelda miðlun upplýsinga sem þessi kafli 11 kveður á um.

Sjá ákvæði 11.5.5 fyrir umræður um beitingu þessa ákvæðis 11.3 fyrir liðaíþróttir.

11.3.1 Á degi sem hið ábyrga *lyfjæftirlit* tiltekur sem er fyrir fyrsta dag hvers ársfjórðungs (þ.e. 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október) verður *íþróttamaður* í skráðum lyfjaprófunarhópi að leggja fram tilkynningu um dvalarstað hjá alþjóðasambandi sínu (ef *íþróttamaðurinn* er í alþjóðlegum skráðum lyfjaprófunarhópi sambandsins) eða hjá landslyfjæftirliti sínu (ef *íþróttamaðurinn* er í skráðum lyfjaprófunarhópi landsins) sem inniheldur að lágmarki þessar upplýsingar:

[11.3.1 Athugasemd: Ef íþróttamaður er bæði í alþjóðlegum skráðum lyfjaprófunarhópi og skráðum lyfjaprófunarhópi lands síns, þá ætti alþjóðasamband hans og landslyfjæftirlit að semja um hver ber ábyrgð á að taka á móti tilkynningu íþróttamannsins um dvalarstað og tilkynna íþróttamanninum það. Ef slíkt samkomulag er ekki fyrir hendi, skal WADA ákveða hvort alþjóðasambandið eða landslyfjæftirlitið er ábyrgt. Íþróttamaðurinn skal leggja fram tilkynningu um dvalarstað sinn aðeins hjá hinu ábyrga lyfjæftirliti sem síðan miðlar þeim upplýsingum til alþjóðasambands/landslyfjæftirlits íþróttamannsins (eins og við á) og annarra lyfjæftirlita sem hafa vald til að prófa íþróttamanninn, í samræmi við ákvæði 11.7.3 ©. Í slíkum tilfellum er samt nauðsynlegt fyrir alþjóðasambandið/landslyfjæftirlitið (eins og við á) sem er ekki hið ábyrga lyfjæftirlit, að tilkynna íþróttamanninum að hann sé einnig í skráðum lyfjaprófunarhópi þess í samræmi við ákvæði 11.7.1 (b).

- a. fullt póstfang sem senda má íþróttamanninum bréf vegna formlegra tilkynninga. Tilkynningar eða annað sem er póstsent á þetta póstfang telst mótttekið af hálfu íþróttamannsins fimm virkum dögum eftir að það var póstlagt;

[11.3.1(a) Athugasemd: Vegna þessa skal íþróttamaðurinn tilgreina heimilisfang þar sem hann býr eða veit annars að móttækinn póstur berst honum tafarlaust. Lyfjæftirlit er einnig hvatt til að hafa í reglum sínum, ásamt þessu grunnákvæði, önnur ákvæði og/eða ákvæði um “skoðaða tilkynningu” (t.d. að heimila notkun símbréfs, tölvupósts, SMS-skilaboða eða annarra leiða til að tilkynna; heimila sönnun um raunverulega móttöku í stað skoðaðrar móttöku; heimila að tilkynning verði sendi til landssambands íþróttamannsins, ef tilkynning kemur endursendur frá póstfanginu sem íþróttamaðurinn gaf upp). Tilgangur slíkra ákvæða ætti að vera að stytta tímamörk umsjónaraðila niðurstaðna eins og lýst er í ákvæði 11.6.]

- b. upplýsingar um fötlun íþróttamanns sem gæti haft áhrif á verklagsreglur við sýnistöku;
- c. sérstök staðfesting á leyfi íþróttamannsins til miðlunar á tilkynningu hans um dvalarstað til annarra lyfjæftirlita sem hafa vald til að prófa hann: sjá lyfjareglurnar – grein 14.6;
- d. fullt aðsetur íþróttamannsins fyrir hvern dag á næsta ársfjórðungi (t.d. heimili, tímabundið aðsetur, leiguhúsnæði, hótél, o.s.v.frv.);
- e. nafn og heimilisfang fyrir hvern dag á næsta ársfjórðungi á hverjum þeim stað þar sem íþróttamaðurinn mun þjálfa, starfa eða stunda annað reglulegt athæfi (t.d. skóli) sem og tímaramma fyrir viðkomandi atferli; og

[11.3.1(e) Athugasemd: Þessar kröfur gilda einungis um reglubundið atferli, þ.e. það sem tilheyrir daglegu atferli íþróttamannsins. Dæmi: Ef íþróttamaðurinn æfir reglulega í þreksal, laug og á frjálsíþróttavelli og fer reglulega til sjúkraþjálfara, skal íþróttamaðurinn gefa upp nafn og staðsetningu þreksalarins, vallarins, laugarinnar og sjúkraþjálfarans í tilkynningu sinni um dvalarstað og lýsa venjulegri dagskrá sinni. T.d.” Mánudagar: 9-11 þreksalur, 13-17 þreksalur; þriðjudagar: 9-11 þreksalur, 16-18 þreksalur; miðvikudagar: 9-11 þreksalur, 3-5 sjúkraþjálfari; fimmtudagar: 9-12 þreksalur, 16-18 völlurinn; föstudagar: 9-11 sundlaug, 3-5 sjúkraþjálfari; laugardagar: 9-12 völlurinn, 13-15 laugin; sunnudagar: 9-11 völlurinn, 13-15 sundlaug”.

Ef íþróttamaðurinn er ekki að æfa, skal hann tilgreina það í tilkynningu sinni um dvalarstað og lýsa öllum föstum liðum á næsta skráningartímabili, þ.e. vinnu eða skóla, sjúkraþjálfun eða öðru og tilgreina nafn og heimilisfang hvers staðar þar sem hann er reglulega og tímaramma fyrir hvert atferli..]

- f. keppnisráðgjafi íþróttamannsins fyrir næsta ársfjórðung, ásamt nafni og heimilisfangi fyrir hvern stað þar sem íþróttamaðurinn er skráður til keppni á ársfjórðungnum og viðkomandi dagsetningar keppnanna.

11.3.2 Tilkynning um dvalarstað verður einnig að innihalda, fyrir hvern dag ársfjórðungsins, eitt 60 mínútna tímabil milli 6 að morgni og 11 að kvöldi á hverjum degi þar sem íþróttamaðurinn verður tiltækur til lyfjaprófunar á ákveðnum stað.

*[11.3.2 Athugasemd: Íþróttamaðurinn getur valið staðinn sem hann tiltekur fyrir þetta 60 mínútna tímabil. Það getur verið aðsetur íþróttamannsins, æfingarsvæði eða keppni, eða annar staður, t.d. vinnustaður eða skóli. Ef íþróttamaður er ekki tiltækur til lyfjaprófs á þessum tilgreinda stað á þessu tímabili telst hann hafa misst af lyfjaprófi, í samræmi við ákvæði 11.6.3.]*

11.3.3 Í Tilkynningu um dvalarstað, ber íþróttamaðurinn ábyrgð á að tryggja að hann veiti allar upplýsingar, nákvæmlega og ítarlega, til að gera hverju lyfjaeftirliti kleift að hafa uppi á honum til lyfjaprófs á hverjum degi á ársfjórðungnum, þar á meðal en takmarkast ekki við, þetta 60 mínútna tímabil sem tiltekið er fyrir viðkomandi dag í Tilkynningu um dvalarstað.

*[11.3.3 Athugasemd: Hið ábyrga lyfjaeftirlit skal gera ADAMS (eða annan miðlægan gagnagrunn með svipaða virkni og öryggi) aðgengilegan fyrir íþróttamanninn eða annars útvega önnur rafræn eyðublöð eða pappírseyðublöð til að nota í tilkynningu um dvalarstað. WADA mun útbúa grunneyðublað fyrir lyfjaeftirlit til notkunar og breytinga.]*

Þar sem íþróttamaðurinn veit ekki nákvæmlega hvar hann verður hverjum stundum á komandi ársfjórðungi, verður hann að upplýsa það eftir bestu getu, miðað við hvar hann býst við að vera á viðkomandi tímum og uppfæra þessar upplýsingar eftir þörfum í samræmi við ákvæði 11.4.2. Lyfjaeftirlit skulu sjá fyrir viðeigandi kostum (t.d. síma, faxi, Neti, netfangi, SMS) til að auðvelda skráningu uppfærslna.

Þegar íþróttamaðurinn tiltekur stað í tilkynningu sinni um dvalarstað (hvort sem það er í frumtilkynningu eða uppfærslu) verður hann að veita nægilegar upplýsingar til að Lyfjaeftirlitsmaðurinn geti fundið staðinn, fengið aðgang að staðnum og fundið íþróttamanninn þar. Dæmi: Upplýsingar á borð við “skokka í Svartaskógi” eru ófullnægjandi og líklegar til að valda hunsun á tilkynningu um dvalarstað. Ef tiltekinn er staður sem Lyfjaeftirlitsmaðurinn fær ekki aðgang að (t.d. bygging með aðgangshömlum eða svæði) leiðir það líklega til að ekki tekst að prófa íþróttamanninn og þar með hunsun á tilkynningu um dvalarstað.

Við slíkar aðstæður eru margir möguleikar:

- a. Þar sem lyfjaeftirlitið getur úrskurðað að upplýsingar í tilkynningu um dvalarstað eru ófullnægjandi, skal lyfjaeftirlitið líta á það sem greinilega tilkynningavanrækslu í samræmi við ákvæði 11.6.2
- b. Þar sem Lyfjaeftirlitið uppgötvar hve upplýsingarnar eru ófullnægjandi þegar reynt er að prófa íþróttamanninn og ekki tekst að hafa uppi á honum:
  - i. Ef hinar ófullnægjandi upplýsingar tengjast 60 mínútna tímabilinu, skal lyfjaeftirlitið líta svo á að íþróttamaðurinn hafi misst af lyfjaprófi, í samræmi við ákvæði 11.6.3, og/eða (ef aðstæður gefa tilefni til) hafi komið sér hjá sýnistöku samkvæmt lyfjareglunum –grein 2.3 og/eða Fölsun eða tilraun til fölsunar á lyfjaeftirliti samkvæmt lyfjareglunum –grein 2.5; og
  - ii. Ef hinar ófullnægjandi upplýsingar tengjast öðrum tímabilum en 60 mínútna tímabilinu, skal lyfjaeftirlitið líta á það sem tilkynningavanrækslu í samræmi við ákvæði 11.6.4, og/eða (þar sem aðstæður heimila) sem viðkomandi hafi komið sér undan sýnistöku samkvæmt lyfjareglunum –grein 2.3 og/eða Fölsun eða tilraun til fölsunar á lyfjaeftirliti samkvæmt lyfjareglunum –grein 2.5)

11.3.4 Íþróttamaður sem gefur rangar upplýsingar í tilkynningu um dvalarstað, hvort sem það er varðandi staðsetningu á hinu tiltekna 60 mínútna tímabili eða varðandi staðsetningu hans utan þessa tímaramma, eða að öðru leyti, er brotlegur samkvæmt lyfjareglunum –grein 2.3(Komast hjá sýnatöku) og/eða lyfjareglunum –grein 2.5.(Fölsun eða tilraun til fölsunar á lyfjaeftirliti).

[11.3.4 Athugasemd: Sérhver ákvörðun að líta á tilvik sem verið sé að komast hjá sýnatöku samkvæmt lyfjareglunum –grein 2.3 og/eða sem fölsun eða tilraun til fölsunar samkvæmt lyfjareglunum –grein 2.5 hefur ekki áhrif á vald lyfjaeftirlitsins til að líta á sama atvik sem hunsun á tilkynningu um dvalarstað, samkvæmt lyfjareglunum –grein 2.4; og öfugt.]

11.3.5 Íþróttamaður má aðeins teljast hafa vanrækt tilkynningaskyldu þar sem hið ábyrga lyfjaeftirlit, eftir verklag á umsjón á niðurstöðum eins og lýst er í ákvæði 11.6.2, getur staðfest allt eftirfarandi:

- a. Að íþróttamanninum var sannarlega tilkynnt (i) að hann væri í skráðum lyfjaprófunarhópi, (ii)um kröfur um tilkynningu um dvalarstaða; og (iii) um afleiðingar þess að uppfylla ekki þá kröfu;
- b. Að íþróttamaðurinn uppfyllti ekki þessa kröfu fyrir viðeigandi skilafrest;

[11.3.5(a) Athugasemd: Íþróttamaður hunsar kröfuna um tilkynningu á dvalarstöðum við eftirfarandi aðstæður:

- i. þegar hann leggur ekki fram tilkynningu; eða
- ii. þar sem hann leggur fram tilkynningu (þ.e. upprunalega ársfjórðungstilkynningu eða uppfærslu) en tilgreinir ekki allar nauðsynlegar upplýsingar (þ.e. hann tilgreinir ekki staðinn þar sem hann mun dveljast á hverjum degi á næsta ársfjórðungi, eða fyrir hvern dag sem uppfærslan nær til, eða lætur vera að tilgreina reglulegt atferli sem hann mun stunda á þessum ársfjórðungi, eða á því tímabili sem uppfærslan nær til); eða
- iii. Þar sem hann tilgreinir upplýsingar (í frumtilkynningu fyrir ársfjórðunginn eða uppfærslu) sem eru ónákvæmar (t.d. heimilisfang sem er ekki til) eða ófullnægjandi til að lyfjaeftirlitið geti haft uppi á honum fyrir lyfjapróf (t.d. “skokk í Svartaskógi”). Eins og getið er um í athugasemd við ákvæði 11.3.3, ef ónákvæmar eða ófullnægjandi upplýsingar eiga við 60 mínútna tímabilið og uppgötvast þá og því aðeins að tilraun er gerð til að prófa íþróttamanninn á þessu tímabili, má líta svo á að hann hafi misst af lyfjaprófi. Við aðrar aðstæður, svo sem ónákvæmar og ófullnægjandi upplýsingar má líta svo að þetta sé tilkynningavandræksla.
- c. (ef um er að ræða annað eða þriðja dæmið um Tilkynningavandrækslu á sama ársfjórðungi) Að hann hafi fengið tilkynningu um fyrri tilvik tilkynningavandrækslu í samræmi við ákvæði 11.6.2(a) og bætti ekki úr viðkomandi tilkynningavandrækslu fyrir tilgreindar frest í viðkomandi tilkynningu; og

[11.3.5(c) Athugasemd: Tilgangur þessarar kröfu er að gæta sanngirnis gagnvart íþróttamanninum. Í tilkynningu um fyrstu tilkynningavandrækslu sem hið ábyrga lyfjaeftirlit sendir íþróttamanninum í samræmi við ákvæði 11.6.2(a), verður hið ábyrga lyfjaeftirlit að upplýsa íþróttamanninn um að til að forðast frekari tilkynningavandrækslu, verði hann að leggja fram tilkynningu um dvalarstað fyrir þann tíma sem tilgreindur er í tilkynningunni. Lyfjaeftirlitið má ákveða þennan tíma en hann verður að vera minnst 24 stundum eftir móttöku tilkynningarinnar og ekki síðar en í lok mánaðarins sem tilkynningin er móttækin..]

- d. Að hunsun íþróttamannsins var í það minnsta hirðuleysi. Telst þá *íþróttamaðurinn* hafa hunsað af hirðuleysi sé sannað að honum var tilkynnt um kröfuna en hann hunsaði hana engu að síður. Þessu getur *íþróttamaðurinn* einn hafnað með því að staðfesta að engin vanræksla af hans hálfu átti þátt í hunsuninni.

*[11.3.5(d) Athugasemd: Ef brot á lyfjareglunum –grein 2.4 er staðfest, telst sektarstig íþróttamannsins (þ.e. vanræksla eða meira) eiga við matið samkvæmt lyfjareglunum –grein 10.3.3, á lengd álagðs keppnisbanns.*

11.3.6 *Íþróttamaður* í *Skráðum lyfjaprófunarhópi* getur kosið að fela þriðja aðila að sjá um sumar eða allar tilkynningar sínar um dvalarstaði sem krafist er í ákvæðum 11.3.1 og 11.3.2 (og/eða uppfærslur á tilkynningum á dvalarstöðum samkvæmt ákvæði 11.4.3), svo sem (til dæmis, og háð reglum hins ábyrga lyfjaeftirlits) þjálfara, umboðsmanni eða landssambandi, svo fremi að þriðji aðilinn fallist á það.

*[11.3.6 Athugasemd: Sjá ákvæði 11.5.4 fyrir umræður um beitingu þessa ákvæðis 11.3.6 varðandi liðaíþrótt. Til að taka af vafa, getur íþróttamaðurinn í íþrótt sem er ekki liðaíþrótt, einnig falið þriðja aðila að sjá um tilkynningar sínar um dvalarstaði fyrir sum eða öll viðkomandi tímabili, svo fremi að þessi þriðji aðili fallist á það.*

*Hið ábyrga lyfjaeftirlit getur krafist skriflegrar tilkynningar um allt samkomulag um verkaskiptingu samkvæmt ákvæði 11.3.6, sem viðkomandi íþróttamaður og þriðji aðili undirrita báðir..]*

11.3.7 Þó gildir í öllum tilfellum *liðaíþrótt* eftirfarandi:

- Sérhver *íþróttamaður* í skráðum lyfjaprófunarhópi ber alltaf endanlega ábyrgð á því að tilkynna nákvæmlega og ítarlega um dvalarstað sinn eins og ákvæði 11.3 kveður á um, hvort sem hann leggur sjálfur fram hverja tilkynningu eða felur það þriðja aðila (eða blanda af þessu tvennu). Það telst ekki vörn um meinta tilkynningavanrækslu samkvæmt lyfjareglunum –grein 2.4 að *íþróttamaðurinn* fól þriðja aðila þessa ábyrgð og að sá þriðji aðili hunsaði að uppfylla gildandi kröfur; og
- Slíkur *íþróttamaður* er alltaf persónulega ábyrgur fyrir að tryggja að hann sé tiltækur til lyfjaprófs á þeim stað sem hann tiltók í tilkynningu um dvalarstaði, hvort sem hann gerði það sjálfur eða fól það þriðja aðila (eða blanda af þessu tvennu). Það telst ekki vörn í meintu tilfelli um misst af lyfjaprófi samkvæmt lyfjareglunum –grein 2.4 að *íþróttamaðurinn* fól þriðja aðila að skrá upplýsingar um dvalarstað sinn á viðkomandi tímabili og sá þriðji aðili lagði ekki fram réttar upplýsingar eða uppfærði ekki áður skráðar upplýsingar til að tryggja að upplýsingar um dvalarstað í tilkynningu um dvalarstað fyrir viðkomandi dag væru uppfærðar og nákvæmar.

## 11.4 Tiltækileiki fyrir lyfjapróf

11.4.1 *Íþróttamaður* í skráðum lyfjaprófunarhópi verður sérstaklega að vera til staðar og tiltækur fyrir lyfjapróf á hverjum tilteknum degi á viðkomandi ársfjórðungi á uppgefnu 60 mínútna tímabili sem tiltekið er fyrir viðkomandi dag í tilkynningu um dvalarstað, á þeim stað sem *íþróttamaður* kveðst ætla að vera á þeim tíma í tilkynningunni.

[11.4.1 Athugasemd: Þessi tiltekna krafa er án fyrirvara um grunnskyldu íþróttamanns að veita upplýsingar um dvalarstaði sína á næsta ársfjórðungi og gangast undir lyfjapróf, hvar og hvenær sem er á ársfjórðungnum.

Til að ná fram lyfjaprófum sem hindra og greina svindl, er best að dreifa prófum þannig að ófyrirsjáanlegt sé hvenær prófin fari fram. Þar með verður að reyna að prófa á ólíkum tímum dagsins. Tilgangurinn með 60 mínútna tímabilinu er ekki að takmarka lyfjapróf við þann tíma, eða stofna sjálfgildan tíma fyrir lyfjapróf, öllu heldur að:

- a. Gera það mjög ljóst hvenær misheppnuð tilraun til að prófa íþróttamann telst sem missir af lyfjaprófi (sem hjálpar íþróttamanninum að forðast að missa af lyfjaprófi og hjálpar einnig lyfjaeftirlitinu sem og dómstólnum, að ákveða hvenær íþróttamaður hefur misst af lyfjaprófi);
- b. Tryggja að hægt sé að finna íþróttamanninn og taka sýni, minnst einu sinni á dag (sem ætti að hindra svindl, eða, sem lágmark, að torvelda það til muna);
- c. Auka áreiðanleika annarra upplýsinga íþróttamannsins um dvalarstað, og aðstoða lyfjaeftirlitið við að hafa uppi á íþróttamanninum utan 60 mínútna tímabilsins, til lyfjaprófunar:
  - i. 60 mínútna tímabilið “bindur” íþróttamanninn við ákveðinn stað á tilteknum degi. Ásamt þeim upplýsingum sem íþróttamaðurinn verður að veita um dvalarstað, æfingar, keppni og annað atferli á þessum degi, ætti lyfjaeftirlitið að geta haft uppi á honum til lyfjaprófs utan þessa 60 mínútna tímabils, eða að öðrum kosti ákvarða hvort veittar upplýsingar íþróttamannsins um veru sína utan þessa tímabils séu ófullnægjandi og/eða ónákvæmar (sem má líta á, ef aðstæður eru þannig, sem tilkynningavanrækslu samkvæmt lyfjareglunum –grein 2.4, komist hjá sýnistöku samkvæmt lyfjareglunum –grein 2.3, og/eða fölsunartilfelli samkvæmt lyfjareglunum –grein 2.5).
  - ii. Það þjónar auðvitað hagsmunum íþróttamannsins að veita eins miklar upplýsingar og auðið er um dvalarstað sinn utan 60 mínútna tímabilsins svo að lyfjaeftirlit geti prófað hann utan þess og því á hann aldrei á hættu að missa af lyfjaprófi; og
- d. Fá gagnlegar upplýsingar sem tengjast ólöglegri lyfjanotkun, t.d. ef íþróttamaðurinn tilgreinir oft tímabil með stórum bilum á milli, og/eða breytir tímabilinu og/eða staðsetningu sinni á síðustu stundu. Slíkar upplýsingar geta orðið grunnur að afmörkuðum prófum á viðkomandi íþróttamanni.

11.4.2 Það er á ábyrgð íþróttamannsins að tryggja (með uppfærslum, ef þörf krefur) að upplýsingar sem hann veitir í tilkynningu sinni um dvalarstað nægi til að lyfjaeftirlit geti haft uppi á honum til lyfjaprófunar á hverjum degi á viðkomandi ársfjórðungi, þar á meðal en takmarkast ekki við, 60 mínútna tímabilið sem tiltekið er fyrir viðkomandi dag í tilkynningu um dvalarstað. Verði breytingar á aðstæðum sem þýða að fyrri upplýsingar sem íþróttamaðurinn veitti eða veittar voru fyrir hans hönd (í frumtilkynningu um dvalarstað eða í síðari uppfærslum) eru ekki lengur nákvæmar eða ítarlegar (þ.e. þær nægja ekki til að lyfjaeftirlit geti haft uppi á íþróttamanninum til lyfjaprófs á hverjum degi á viðkomandi ársfjórðungi, þar á meðal en takmarkast ekki við 60 mínútna tímabilið sem hann hefur tiltekið fyrir viðkomandi dag) verður íþróttamaðurinn að uppfæra tilkynningu sína um dvalarstað svo að skráðar upplýsingar séu á ný nákvæmar og ítarlegar. Hann verður að ganga frá slíkri uppfærslu eins fljótt og auðið er og alltaf fyrir 60 mínútna tímabilið sem tiltekið er í tilkynningunni fyrir viðkomandi dag. Ef þetta er hunsað hefur það eftirfarandi afleiðingar:

- a. ef, vegna hunsunar, tilraun lyfjaeftirlits að prófa íþróttamanninn á 60 mínútna tímabilinu ber ekki árangur, telst hann hafa misst af lyfjaprófi í samræmi við ákvæði 11.6.3; og

- b. Ef aðstæður heimila má líta á þessa hunsun sem tilraun til að komast hjá sýnistöku samkvæmt lyfjareglunum –grein 2.3, og/eða fölsun eða tilraun til fölsunar samkvæmt lyfjareglunum –grein 2.5; og
- c. Í öllum tilvikum skal lyfjaeftirlitið íhuga afmörkuð próf á ípróttamanninum.

[11.4.2 Athugasemd: Það er á ábyrgð lyfjaeftirlitsins að tryggja að það gái að uppfærslum frá ípróttamanninum áður en reynt er að fá sýni hjá ípróttamanninum á grundvelli tilkynningar hans um dvalarstað. Til að taka af vafa, skal ípróttamaður sem uppfærir 60 mínútna tímabilið sitt fyrir tiltekinn dag fyrir upphaflega 60 mínútna tímabilið, samt að sæta lyfjaprófi á upphaflega 60 mínútna tímabilinu, ef haft er uppi á honum til lyfjaprófs á þessu upphaflega 60 mínútna tímabili.

Uppfærslu á 60 mínútna tímabilinu má leggja fram hvenær sem er fram að byrjuninni á tímabilinu. Við viðeigandi kringumstæður, má þó líta á uppfærslur ípróttamannsins á síðustu stundu sem hugsanlegt brot á lyfjareglum með því að forðast sýnistöku samkvæmt lyfjareglunum –grein 2.3 og/eða Fölsun eða tilraun til fölsunar á lyfjaeftirliti samkvæmt lyfjareglunum –grein 2.5.

Ef ípróttamaður skráir uppfærslu en uppfærðu upplýsingarnar eru ófullkomnar eða ónákvæmar, eða nægja ekki til að lyfjaeftirlitið hafi uppi á ípróttamanninum, má líta á það sem tilkynningavanrækslu í samræmi við ákvæði 11.3.5(b).]

11.4.3 Ípróttamaður telst þá og því aðeins hafa misst af lyfjaprófi þar sem hið ábyrga lyfjaeftirlit, eftir verklag varðandi meðhöndlun niðurstaðna, samkvæmt ákvæði 11.6.3, getur sýnt fram á öll eftirfarandi atriði:

- a. Að þegar ípróttamanninum var tilkynnt að hann væri í skráðum lyfjaprófunarhópi, hafi hann verið upplýstur um viðurlög við að missa af lyfjaprófi ef hann væri ekki tiltækur fyrir lyfjapróf á 60 mínútna tímabilinu sem tilgreint er í tilkynningu hans um dvalarstað á tilgreindum stað;
- b. Að lyfjaeftirlitsmaður reyndi að prófa ípróttamanninn á tilteknum degi á þessum ársfjórðungi á 60 mínútna tímabilinu sem tiltekið var í tilkynningu ípróttamannsins um dvalarstað, með því að heimsækja uppgefin stað á tiltekna tímabilinu;

[11.4.3(b) Athugasemd: Ef ípróttamaður er ekki tiltækur til lyfjaprófs í upphafi 60 mínútna tímabilsins en verður tiltækur síðar á því, skal lyfjaeftirlitsmaðurinn taka sýnið og ekki líta á þetta sem misheppnaða tilraun til lyfjaprófs, heldur lýsa ítarlega töfum á tiltækileika ípróttamannsins í skýrslu sinni um sýnistökuna. Allt svona atferlismynstur skal hið ábyrga lyfjaeftirlit rannsaka sem hugsanlegt brot á lyfjareglum með því að komast hjá sýnistöku samkvæmt lyfjareglunum –grein 2.3 eða lyfjareglunum – grein 2.5. Þetta getur einnig leitt til afmarkaðra prófa á ípróttamanninum.

Ef haft er uppi á ípróttamanninum skal hann vera hjá lyfjaeftirlitsmanninum þar til sýnistöku lýkur, þótt það taki lengri tíma en 60 mínútna tímabilið.

Ef ípróttamaður er ekki tiltækur til lyfjaprófs á tilgreindu 60 mínútna tímabili sínu á tilgreindu stað og tíma þennan dag, telst hann hafa misst af lyfjaprófi, þótt hann finnist síðar þennan dag og veitir sýni.]

- c. Að á þessu 60 mínútna tilgreinda tímabili, gerði lyfjaeftirlitsmaðurinn það sem taldist skynsamlegt miðað við aðstæður (þ.e. eðli hins tilgreinda staðar) að reyna að hafa uppi á íþróttamanninum, án þess að gefa íþróttamanninum fyrirvara á lyfjaprófinu;

*[11.4.3(c) Athugasemd: Þegar lyfjaeftirlitsmaður er kominn á hinn tiltekna stað fyrir 60 mínútna tímabilið og getur ekki staðsett íþróttamanninn tafarlaust, skal lyfjaeftirlitsmaðurinn vera á staðnum þar til 60 mínútna tímabilinu lýkur og gera á þeim tíma það sem skynsamlegt telst miðað við aðstæður, að hafa uppi á íþróttamanninum.]*

- d. Að skilmálar ákvæðis 11.4.4 (ef við á) hafi verið uppfylltir; og
- e. Að hunsun íþróttamannsins að vera tiltækur til lyfjaprófs á tilgreindum stað á tilgreinda 60 mínútna tímabilinu hafi að minnsta kosti verið vanræksla. Íþróttamaðurinn telst þar með hafa sýnt vanrækslu samkvæmt sönnun á undirliðum 11.4.3 (a) til (d). Einungis íþróttamaðurinn getur mótmælt því með því að sýna fram á enga vanrækslu af sinni hálfu sem varð þess valdandi að hann (a) var ekki tiltækur fyrir lyfjapróf á tilgreindum stað á tilgreindum tíma; og (ii) hunsaði að uppfæra síðustu tilkynningu sína um dvalarstað og tilkynna annan dvalarstað þar sem hann yrði tiltækur fyrir lyfjapróf á tilgreindu 60 mínútna tímabili á viðkomandi degi.

*[11.4.3(e) Athugasemd: Ef brot á lyfjareglunum –grein 2.4 er staðfest, mun sektarstig íþróttamannsins (þ.e. vanræksla eða meira) eiga við matið samkvæmt lyfjareglunum –grein 10.3.3, á lengd álagðs keppnisbanns.]*

11.4.4 Til að tryggja sanngirni gagnvart íþróttamanninum, þar sem tilraun til að prófa íþróttamann á einu af 60 mínútna tímabilunum sem tilgreind eru í tilkynningu hans um dvalarstað, má aðeins líta á síðari tilraun til að prófa íþróttamanninn (af sama lyfjaeftirliti eða öðru) sem hann hafi misst af lyfjaprófi ef slík síðari tilraun er gerð eftir að íþróttamaðurinn hefur fengið tilkynningu, samkvæmt ákvæði 11.6.3 (b), um upphaflegu tilraunina sem tókst ekki.

## 11.5 Liðaiþróttir

*[11.5 Athugasemd: Við umræður um breytingar á 2007 útgáfu 3.0 á alþjóðlegu reglunum um lyfjapróf, áttu margar tillögur frá liðaiþróttum það sameiginleg að allt samræmt kerfi um tilkynningar á dvalarstöðum yrði að vera nógu sveigjanlegt til að endurspegla þá staðreynd að liðaiþróttir eru skipulagðar og framkvæmdar á grundvelli liða í stað einstaklinga, þar sem flest í viðkomandi íþrótt var gert sameiginlega en ekki einstaklingslega. Tilgangur þessa ákvæðis 11.5 er að endurspegla þetta einkenni liðaiþróttar með því að leyfa að skilgreina skráðan lyfjaprófunarhóp með tilvísun til liða. Einnig má leggja fram upplýsingar um dvalarstað liðsliðamanna sem hóps, með upplýsingum um sameiginlegt atferli liðsins ásamt upplýsingum um dvalarstað einstakra íþróttamanna þegar þeir eru ekki með liðinu. Í samræmi við kerfi sem tekin voru upp 2004-2007 í liðaiþróttum eins og sundknattleik og rugby, er hver íþróttamaðuralltaf persónulega ábyrgur á nákvæmni upplýsinga um dvalarstað hans og að vera tiltækur fyrir lyfjapróf á viðkomandi dvalarstað..]*

11.5.1 Alþjóðasamband liðaiþróttar má skilgreina skráðan lyfjaprófunarhóp sinn með tilvísun til liða, þ.e. svo að íþróttamenn í skráðum lyfjaprófunarhóp eru sumir eða allir íþróttamenn í tilteknum liðum á viðkomandi tímabili.

*[11.5.1 Athugasemd: Dæmi: Alþjóðasamband má skilgreina skráðan lyfjaprófunarhóp sinn með tilvísun til sterkustu landsliða á hverjum tíma. Á ári þar sem heimsmeistaramót alþjóðasambandsins fer fram, getur það stækka skráðan lyfjaprófunarhóp sinn til að hann nái til allra liða sem hafa áunnið sér þátttökurétt á*

heimsmeistaramótinu. Í samræmi við ákvæði 11.7.5, má alþjóðasambandið fela viðkomandi landssamböndum að veita upplýsingar um dvalarstaði slíkra íþróttamanna.

*Landslyfjaeftirlit sem hefur liðaiþrótt í skráðum lyfjaprófunarhópi sínum má taka upp sömu stefnu.*

11.5.2 Við slíkar aðstæður, í samræmi við ákvæði 11.2.4, til að endurspegla þá staðreynd að aðild að liði geti breyst reglulega, skal alþjóðasambandið gefa út reglur um breytingar á samsetningu skráðs lyfjaprófunarhóps á viðkomandi tímabili.

*[11.5.2 Athugasemd: Dæmi: Í liðaiþrótt þar sem skráður lyfjaprófunarhópur er auðkenndur með tilvísun til liða sem eru fulltrúar lands, getur alþjóðasambandið fest aðild með tilvísun til íþróttamanna í síðasta landsliðshóp sem var valinn fyrir viðkomandi ársfjórðung. Ef nýtt lið er valið á þeim ársfjórðungi sem er öðruvísi samsett en fyrra liðið, ákveða reglur alþjóðasambandsins hvort breytingarnar séu endurspeglaðar þegar í stað (t.d. sérhver íþróttamaður í fyrsta hópnum sem er ekki í seinni hópnum, fellur tafarlaust úr skráðum lyfjaprófunarhóp) eða frá upphafi næsta ársfjórðungs (þ.e. íþróttamaðurinn sem var ekki í seinni hópnum er áfram í skráða lyfjaprófunarhópnum þar til loka ársfjórðungsins).]*

11.5.3 Í liðaiþrótt þar sem skráður lyfjaprófunarhópur er skilgreindur með tilvísun til liða, er líklegt að *íþróttamenn* í þessum liðum geri flest í íþrótt sinni (t.d. þjálfun, ferðir, æfingar) saman. Því hljóta flestar upplýsingar um dvalarstað þeirra samkvæmt ákvæði 11.3 að vera eins fyrir alla *íþróttamenn* liðsins. Enn fremur, þegar *íþróttamaður* í liði tekur ekki þátt í fyrirfram ákveðnu atferli liðsins (t.d. vegna meiðsla) er líklegt að hann geri eitthvað annað undir umsjón liðsins (t.d. meðferð hjá liðslækni). Slíkt liðaatferli, saman eða á annan hátt, skal kallast liðsathafnir í þessum alþjóðlegu reglum um lyfjapróf.

11.5.4 *Íþróttamaður* í *Skráðum lyfjaprófunarhóp* með tilvísun til þess að hann leikur með ákveðnu liði, skal uppfylla sömu einstaklingskröfur um tilkynningar um dvalarstað í þessum kafla 11 og *íþróttamaður* sem er í *Skráðum lyfjaprófunarhóp* með annars konar tilvísun. Í samræmi við ákvæði 11.3.6 og 11.3.7, má þó *íþróttamaðurinn* í kringumstæðum sem lýst er í ákvæði 11.5.3, fela það verkefni að leggja fram sumar eða allar tilkynningar um dvalarstaði liðsins sem krafist er í ákvæðum 11.3.1 og 11.3.2 (og/eða allar uppfærslur á tilkynningu á dvalarstöðum sem krafist er í ákvæði 11.4.2), öðrum í hendur (til dæmis, fer eftir reglum hins ábyrga *lyfjaeftirlits*) þjálfara, umboðsmanni eða landssambandi.

*[11.5.4 Athugasemd: Til að taka af allan vafa, vegna þæginda og skilvirkni, má íþróttamaður í liðaiþrótt fela liðinu að sjá um að tilkynna dvalarstaði hans, ekki bara varðandi liðsathafnir, heldur einnig varðandi tímabili þar sem hann er ekki með liðinu, svo fremi að liðið samþykki það. Við slíkar aðstæður er nauðsynlegt fyrir íþróttamanninn að veita liðinu upplýsingar um dvalarstað sinn á umræddu tímabili, til viðbótar þeim upplýsingum sem það gefur um liðsathafnir.]*

Í liðaiþróttum þar sem *íþróttamaður* getur leikið með fleiri en einu liði og því tekið þátt í liðsathöfnum með fleiri en einu liði á hverju skráningartímabili, skulu vera skýr ákvæði í viðkomandi reglum um söfnun og framlagningu upplýsinga sem krafist er í ákvæði 11.3. Dæmi: Þar sem alþjóðasamband skilgreinir skráðan lyfjaprófunarhóp sinn með tilvísun til landsliða, munu *íþróttamenn* í slíkum liðum vera mikinn tíma með landsliðum sínum, keppa í alþjóðlegum mótum, en þeir geta einnig verið umtalsverðan tíma með félagsliðum sínum og keppt á landsmótum og/eða svæðismótum. Við slíkar aðstæður skal landssambandið safna upplýsingum um liðsathafnir *íþróttamannsins* með félagi sinu og hafa þær með í tilkynningu um dvalarstað ásamt upplýsingum um liðsathafnir landsliðsins og upplýsingum *íþróttamannsins* sjálfs um dvalarstað á viðkomandi tímabili..]

11.5.5 Í aðstæðum sem lýst er í ákvæði 11.5.4, má liðið (þ.e. landssambandið) leggja fram tilkynningu um dvalarstað fyrir hönd íþróttamanna sinna og veita upplýsingar sem krafist er í ákvæði 11.3, eins og hér segir:

- a. Fullt póstfang fyrir formlegar tilkynningar, í samræmi við ákvæði 11.3.1 (a). Ef *íþróttamaðurinn* fellst á það, má stíla tilkynninguna á liðið.
- b. upplýsingar sem tilgreindar eru í ákvæðum 11.3.1(b), (c), (d) og (f);
- c. Fyrir hvern dag á næsta ársfjórðungi, tímasetningar liðsathafna hvers dags, hvort sem um er að ræða sameiginlegar athafnir (t.d. æfingar) eða einstaklingsathafnir undir umsjón liðsins (t.d. lækni meðferð) ásamt vettvangi og aðrar upplýsingar sem þarf til að hafa uppi á *íþróttamanninum* á viðkomandi tíma; og

*[11.5.5(c) Athugasemd: Ef íþróttamaðurinn stundar aðrar reglulegar athafnir utan liðsathafna (t.d. er áhugaíþróttamaður og vinnur því eða er í skóla) þá skal upplýsa staði og tímaramma fyrir slíkar athafnir í samræmi við ákvæði 11.3.1(e)]*

- d. Fyrir hvern dag á næsta ársfjórðungi, 60 mínútna tímabil milli 6. f.h og 11 e.h, þar sem *íþróttamaðurinn* verður tiltækur og aðgengilegur fyrir lyfjapróf á tilteknum stað. Til að taka af vafa, má þetta 60 mínútna tímabil vera meðan á liðsathöfnum stendur á viðkomandi degi.

11.5.6 Fyrir *Íþróttamenn* í *Skráðum lyfjaprófunarhópum* í liðaíþróttum, skal ábyrgð á tilkynningavandrækslunum ákveðin í samræmi við ákvæði 11.3.5 og ábyrgð ef misst er af lyfjaprófum, í samræmi við ákvæði 11.4.2. Í samræmi við ákvæði:

- a. Ef liðið leggur ekki fram tilkynningu um dvalarstað samkvæmt kröfum, eða leggur fram tilkynningu um dvalarstað en hefur ekki í henni allar umbeðnar upplýsingar, þá (með fyrirvara um kröfur í ákvæði 11.3.5) ber *íþróttamaðurinn* ábyrgð á tilkynningavandrækslu samkvæmt lyfjareglunum –grein 2.4; og
- b. Ef einhverjar umbeðnar upplýsingar breytast eftir að tilkynning um dvalarstað er lögð fram, þá skal í samræmi við ákvæði 11.4.2, leggja fram uppfærslu, svo að tilkynning um dvalarstað sé ætíð nákvæm. Ef uppfærsla er ekki lögð fram og fyrir vikið tekst ekki að prófa *íþróttamanninn* á 60 mínútna tímabilinu, þá (með fyrirvara um kröfur ákvæðis 11.4.3) er *íþróttamaðurinn* ábyrgur fyrir að hafa misst af lyfjaprófi samkvæmt lyfjareglunum –grein 2.4.

*[11.5.6 Athugasemd: Dæmi: Ef tilraun til að prófa íþróttamann á 60 mínútna tímabilinu sem tiltekið er á tímabili ákveðinna liðsathafna tekst ekki vegna þess að starfsmaður liðsins skráði rangar upplýsingar um liðsathafnirnar eða uppfærði ekki fyrri upplýsingar, þar sem upplýsingar um liðsathafnir höfðu síðar breyst, getur liðið sætt viðurlögum samkvæmt gildandi reglum alþjóðasambands fyrir slíkt brot, en íþróttamaðurinn sjálfur er samt ábyrgur (að uppfylltum kröfum ákvæðis 11.4.3) fyrir að hafa misst af lyfjaprófi. Svona verður þetta að vera því ef íþróttamaður getur komið sökinni á liðið sitt að hann er ekki tiltækur til lyfjaprófa á stað sem liðið tilgreindi, þá getur hann forðast að taka ábyrgð á dvalarstað sínum fyrir lyfjapróf. Auðvitað hefur liðið sömu hagsmuni og íþróttamaðurinn að tryggja nákvæmar upplýsingar um dvalarstað og forðast hunsun á tilkynningu af hálfu íþróttamannsins..]*

11.5.7 Í samræmi við ákvæði 11.1.6, ásamt því að hafa skráðan lyfjaprófunarhóp í samræmi við skilmála þessa ákvæðis 11.5, má *lyfjaeftirlit* í liðaiþrótt koma á einum eða fleiri prófunarhópum fyrir önnur lið/iþróttamenn í lögsögu sinni, og má gera mismunandi kröfur um dvalarstaðartilkynningar til hópanna vegna lyfjareglanna –grein 2.4.

*[11.5.7 Athugasemd: Gott dæmi um slíkan viðbótarhóp er dvalarstaðarhópurinn sem enska knattspyrnusambandið kom á fyrir tímabilið 2006-2008 og í honum voru allir leikmenn ákveðinna liða. Samkvæmt aðferð sambandsins, sem FIFA og alþjóðasambönd annarra liðaiþróttatelia gagna gagnlega fyrirmynd, ber það lið sem er skráð í slíkan hóp, ábyrgð á að senda reglulega tilkynningar um dvalarstaði til knattspyrnusambandsins með nöfnum skráðra leikmanna með liðinu og æfingar og keppnisdagskrá liðsins á komandi tímabili. Knattspyrnusambandið er því upplýst um sameiginlega dvalarstaði liðsins meðan á liðsathöfnum sendur, eins og ákvæði 11.5.3 vísar til. Ef tilraun er þá gerð til að prófa iþróttamann í liðinu við slíkar liðsathafnir og viðkomandi iþróttamaður er ekki tiltækur fyrir lyfjapróf á tilgreindum stað, þá er hann rannsakaður vegna möguleika á að hafa misst af lyfjaprófi. Ef rannsókn sýnir að iþróttamaðurinn var ekki tiltækur fyrir lyfjapróf vegna þess að liðið gaf ekki upp nákvæmar upplýsingar um þátttöku iþróttamannsins og/eða staðsetningu viðkomandi liðsathafna til knattspyrnusambandsins, þá skal liðið en ekki iþróttamaðurinn sæta viðurlögum. Ef kringumstæður eru ekki sérstakar, telst iþróttamaðurinn annars hafa misst af lyfjaprófi.*

*Ekkert í þessum reglum á að koma í veg fyrir að ábyrg lyfjaeftirlit í liðaiþróttum skipi slíka hópa og geri svona kröfur um tilkynningar um dvalarstaði. Til að taka af vafa, skal þetta gert til viðbótar, (ekki í staðinn fyrir) skráðum lyfjaprófunarhópi í samræmi við fyrrnefnda skilmála þessa ákvæðis 11.5 þar sem allar kröfur þessa kafla 11 eru í gildi.]*

## 11.6 Umsjón með niðurstöðum

11.6.1 Viðauki A í *Alþjóðlegum reglum um lyfjapróf* (“Rannsókn á hugsanlegri hunsun”) gildir ekki um hunsun á tilkynningu á dvalarstað. Þess í stað gilda skilmálar þessa ákvæðis 11.6

11.6.2 Umsjónarferli niðurstaðna varðandi Tilkynningavanrækslu skal vera sem hér segir:

- a. Ef svo virðist að allar kröfur ákvæðis 11.3.5 um Tilkynningavanrækslu séu uppfylltar, þá skal hið ábyrga *lyfjaeftirlit*, ekki síðar en 14 (fjórtán) dögum eftir uppgötvun á augljósri tilkynningavanrækslu, senda viðkomandi *iþróttamanni* tilkynningu um það og bjóða honum að svara innan 14 (fjórtán) daga frá móttöku tilkynningarinnar. Í tilkynningunni skal hið ábyrga *lyfjaeftirlit* vara *iþróttamanninn* við eftirfarandi:
  - i. Ef *iþróttamaðurinn* sannfærir ekki hið ábyrga *lyfjaeftirlit* um að ekki hafi verið um tilkynningavanrækslu, þá (með fyrirvara um aðra hluta umsjónarferlisins eins og lýst er hér á eftir) verður meint hunsun á tilkynningaskyldu skráð á *iþróttamanninn*; og
  - ii. Um afleiðingar þess fyrir *iþróttamanninn* ef dómstóll staðfestir meinta hunsun á tilkynningu um dvalarstað.

*[11.6.2(a)(ii) Athugasemd: Tilkynningin skal upplýsa iþróttamanninn um hvort aðrar meintar Tilkynningavanrækslur séu skráðar á hann á átján mánaða tímabilinu fyrir þessa meintu Tilkynningavanrækslu.*

- b. Ef *iþróttamaðurinn* mótmælir augljósri tilkynningavanrækslu, skal hið ábyrga *lyfjaeftirlit* endurmeta hvort allar kröfur ákvæðis 11.3.5 séu uppfylltar. Hið ábyrga *lyfjaeftirlit* verður að

upplýsa íþróttamanninn, með bréfi sem er sent ekki síðar en 14 (fjórtán) dögum eftir móttöku svars íþróttamannsins, hvort það haldi því enn fram að um tilkynningavanrækslu hafi verið að ræða.

*[11.6.2(b) Athugasemd: Allar tilkynningar sendar íþróttamanni samkvæmt ákvæði 11.6.2(b) sem fallast á að engin tilkynningavanræksla hafi átt sér stað, skulu einnig sendar WADA og öllum öðrum aðilum sem hafa áfrýjunarrétt samkvæmt lyfjareglunum –grein 13, og WADA má áfrýja þeim og/eða slíkir aðrir aðilar samkvæmt greininni..]*

- c. Ef ekkert svar er mótttekið frá íþróttamanninum fyrir viðkomandi skilafrest, eða ef hið ábyrga lyfjaeftirlit heldur því enn fram (þrátt fyrir svar íþróttamannsins) að tilkynningavanræksla hafi átt sér stað, skal hið ábyrga lyfjaeftirlitið senda íþróttamanninum tilkynningu þess efnis að meint tilkynningavanræksla hafi verið skráð á hann. Hið ábyrga lyfjaeftirlitið skal um leið upplýsa íþróttamanninn um að hann hafi rétt á stjórnunarlegri endurskoðun á þessari ákvörðun;
- d. Þar sem íþróttamaðurinn krefst þess, skal fulltrúi hins ábyrga lyfjaeftirlits sjá um stjórnunarlega endurskoðun, sem kom ekki að fyrri mati á meintri tilkynningavanrækslu. Endurskoðunin skal byggð eingöngu á skriflegum greinargerðum og skal meta hvort allar kröfur í ákvæði 11.3.5 séu uppfylltar. Endurskoðun skal lokið innan 14 (fjórtán) daga frá móttöku beiðni íþróttamannsins og úrskurðurinn skal sendur íþróttamanninum bréflaga eigi síðar en 7 (sjö) dögum eftir úrskurðurinn er gerður;

*[11.6.2(d) Athugasemd: Ekkert í þessari grein kemur í veg fyrir að vel skipað lyfjaeftirlit noti allt að þriggja manna nefnd til að sjá um þessa stjórnunarlegu endurskoðun, svo fremi að enginn þeirra hafi tekið þátt í fyrri matinu á meintri tilkynningavanrækslu.]*

- e. Ef í ljós kemur við slíka endurskoðun að kröfur ákvæðis 11.3.5 hafi ekki verið uppfylltar, þá skal meint tilkynningavanræksla ekki meðhöndluð sem hunsun á tilkynningu um dvalarstað að neinu leyti; og

*[11.6.2(e) Athugasemd: Allar tilkynningar sendar íþróttamanni samkvæmt ákvæði 11.6.3(e) sem fallast á að engin tilkynningavanræksla hafi átt sér stað, skulu einnig sendar WADA og öllum öðrum aðilum sem hafa áfrýjunarrétt samkvæmt lyfjareglunum –grein 13, og WADA má áfrýja þeim og/eða slíkir aðrir aðilar samkvæmt greininni..]*

- f. Ef íþróttamaðurinn fer ekki fram á stjórnunarlega endurskoðun á meintri tilkynningavanrækslu fyrir viðkomandi tímamörk, eða ef stjórnunarleg endurskoðun kemst að þeirri niðurstöðu að allar kröfur ákvæðis 11.3.5 hafi verið uppfylltar, þá skal hið ábyrga lyfjaeftirlit skrá meinta tilkynningavanrækslu á íþróttamanninn og tilkynna honum það, og (á grundvelli trúnaðar) WADA og öllum öðrum viðkomandi lyfjaeftirlitum um meinta tilkynningavanrækslu og dagsetninguna sem hún átti sér stað.

*[11.6.2(f) Athugasemd: Til að taka af vafa, má hið ábyrga lyfjaeftirlit tilkynna öðrum lyfjaeftirlitum (í algerum trúnaði) um meinta tilkynningavanrækslu á fyrri stigi umsjónarferlisins. Hið ábyrga lyfjaeftirlit hefur rétt til þess þar sem það er talið viðeigandi (vegna skipulags lyfjaprófa eða annars). Tilkynningin samkvæmt ákvæði 11.6.2(f) skal upplýsa íþróttamanninn hvort um aðrar meintar tilkynningavanrækslur hafi verið að ræða gagnvart honum á áttán mánaða tímabilinu fyrir þessa meintu tilkynningavanrækslu..]*

11.6.3 Umsjónarferli niðurstaðna þegar augljóst virðist að *íþróttamaður* hafi misst af lyfjaprófi skal vera eftirfarandi:

- a. *Lyfjæftirlitsmaðurinn* sendir skýrslu um misheppnaða tilraun til *lyfjæftirlits* síns með lýsingu á reyndri sýnistöku, dagsetningu, staðsetningu, nákvæmum komutíma og brottfarartíma á staðnum, hvað gert var á staðnum til að reyna að finna *íþróttamanninn*, þar á meðal upplýsingar um öll samskipti við þriðju aðila, og allar aðrar upplýsingar um tilraunina til sýnistöku.

*[11.6.3(a) Athugasemd: WADA mun útbúa snið fyrir Skýrslu um misheppnaða tilraun sem lyfjæftirlit mega nota og aðlaga. Þegar lyfjæftirlit felur öðru lyfjæftirlit að sjá um lyfjapróf fyrir sína hönd, má lyfjæftirlitið sem fer fram á það, tilgreina tímamörk á Skýrslu um misheppnaða tilraun.]*

- b. Ef svo virðist að allir skilmálar ákvæðis 11.4.3 um missi af lyfjaprófi séu uppfylltir, þá skal hið ábyrga *lyfjæftirlit*, (þ.e. *lyfjæftirlitið* sem bað um viðkomandi lyfjapróf sem var reynt) ekki síðar en 14 (fjórtán) dögum eftir hina misheppnuðu tilraun, senda *íþróttamanninum* tilkynningu um misheppnuðu tilraunina og bjóða honum að svara innan 14 (fjórtán) daga frá móttöku tilkynningarinnar. Í tilkynningunni skal hið ábyrga *lyfjæftirlit* vara *íþróttamanninn* við eftirfarandi:

- i. Ef *íþróttamaðurinn* sannfærir ekki hið ábyrga *lyfjæftirlit* um að hann hafi ekki misst af lyfjaprófi, þá (með fyrirvara um aðra hluta umsjónarferlisins eins og lýst er hér á eftir) verður meintur missir af lyfjaprófi skráður á *íþróttamanninn*; og
- ii. Um afleiðingar þess fyrir *íþróttamanninn* ef dómstóll staðfestir missi af lyfjaprófi.

*[11.6.3(b)(ii) Athugasemd: Tilkynningin skal einnig upplýsa *íþróttamanninn* um hvort um aðrar meintar tilkynningavanrækslur hafi verið að ræða gagnvart honum á átján mánaða tímabilinu fyrir þennan meinta missi af lyfjaprófi. (Sjá einnig athugasemd við ákvæði 11.6.3(d)).]*

- c. Ef *íþróttamaðurinn* mótmælir því að hafa misst af lyfjaprófi, skal hið ábyrga *lyfjæftirlit* endurmeta hvort allar kröfur ákvæðis 11.4.3 séu uppfylltar. Hið ábyrga *lyfjæftirlit* verður að upplýsa *íþróttamanninn*, með bréfi sem er sent ekki síðar en 14 (fjórtán) dögum eftir móttöku svars *íþróttamannsins*, hvort það haldi því enn fram að hann hafi misst af lyfjaprófi.

*[11.6.3(c) Athugasemd: WADA hyggst gefa út leiðbeiningar um mat á misheppnuðum tilraunum, þar á meðal hvaða skýringar geti og geti ekki afsakað augljósan missi af lyfjaprófi.]*

*Allar tilkynningar sendar *íþróttamanni* samkvæmt ákvæði 11.6.3(c) sem fallast á að *íþróttamaðurinn* hafi ekki misst af lyfjaprófi, skulu einnig sendar WADA og öllum öðrum aðilum sem hafa áfrýjunarrétt samkvæmt lyfjareglunum –grein 13, og WADA má áfrýja þeim og/eða slíkir aðrir aðilar samkvæmt greininni]*

- d. Ef ekkert svar er móttekið frá *íþróttamanninum* fyrir viðkomandi skilafrest, eða ef hið ábyrga *lyfjæftirlit* heldur því enn fram (þrátt fyrir svar *íþróttamannsins*) að hann hafi misst af

lyfjaprófi, skal hið ábyrga lyfjaeftirlitið senda íþróttamanninum tilkynningu þess efnis að meintur missir af lyfjaprófi hafi verið skráður á hann. Hið ábyrga lyfjaeftirlitið skal um leið upplýsa íþróttamanninn um að hann hafi rétt á stjórnunarlegri endurskoðun á meintum missi af lyfjaprófi. Skýrsla um misheppnaða tilraun skal send íþróttamanninum á þessu stigi, hafi hún ekki verið afhent honum fyrir í ferlinu.

[11.6.3(d) Athugasemd: Lyfjaeftirlitið má afhenda Skýrslu um misheppnaða tilraun til íþróttamannsins fyrir þetta stig, ef það kys svo, (þ.e. þegar það sendir upphaflegu tilkynninguna í samræmi við ákvæði 11.6.3(b)), eða það getur í upphafi aðeins lagt fram grunnupplýsingar um augljósan missi af lyfjaprófi og lagt fram ítarlega Skýrslu um misheppnaða tilraun á þessu stigi.]

- e. Þar sem þess er krafist, skal fulltrúi hins ábyrga lyfjaeftirlits sjá um stjórnunarlega endurskoðun, sem kom ekki að fyrri mati á meintum missi af lyfjaprófi. Endurskoðunin skal byggð eingöngu á skriflegum greinargerðum og skal meta hvort allar kröfur í ákvæði 11.4.3 séu uppfylltar. Ef þörf krefur, má biðja viðkomandi lyfjaeftirlitsmann að veita fulltrúanum frekari upplýsingar. Endurskoðun skal lokið innan 14 (fjórtán) daga frá móttöku beiðni íþróttamannsins og úrskurðurinn skal sendur íþróttamanninum bréflega eigi síðar en 7 (sjö) dögum eftir úrskurðurinn er gerður.

[11.6.3(e) Athugasemd: Ekkert í þessari grein kemur í veg fyrir að vel skipað lyfjaeftirlit noti allt að þriggja manna nefnd til að sjá um þessa stjórnunarlegu endurskoðun, svo fremi að enginn þeirra hafi tekið þátt í fyrri matinu á meintum missi af lyfjaprófi..]

- f. Ef fulltrúinn telur að kröfur ákvæðis 11.4.3 hafi ekki verið uppfylltar, þá skal meint misheppnuð tilraun til að prófa íþróttamanninn ekki meðhöndluð sem missir af lyfjaprófi að neinu leyti; og

[11.6.3(f) Athugasemd: Allar tilkynningar sendar íþróttamanni samkvæmt ákvæði 11.6.3(f) sem fallast á að enginn missir af lyfjaprófi hafi átt sér stað, skulu einnig sendar WADA og öllum öðrum aðilum sem hafa áfrýjunarrétt samkvæmt lyfjareglunum –grein 13, og WADA má áfrýja þeim og/eða slíkir aðrir aðilar samkvæmt greininni]

- g. Ef íþróttamaðurinn fer ekki fram á stjórnunarlega endurskoðun á meintum missi af lyfjaprófi fyrir viðkomandi tímamörk, eða ef stjórnunarleg endurskoðun kemst að þeirri niðurstöðu að allar kröfur ákvæðis 11.4.3 hafi verið uppfylltar, þá skal hið ábyrga lyfjaeftirlit skrá meinan missi af lyfjaprófi á íþróttamanninn og tilkynna honum það, og (á grundvelli trúnaðar) WADA og öllum öðrum viðkomandi lyfjaeftirlitum um meintan missi af lyfjaprófi og dagsetninguna sem hún átti sér stað.

[11.6.3(g) Athugasemd: Til að taka af vafa, má lyfjaeftirlitið sem reyndi að framkvæma prófið tilkynna öðrum lyfjaeftirlitum (í algerum trúnaði) um meintan missi af lyfjaprófi á fyrri stigi umsjónarferlisins. Hið ábyrga lyfjaeftirlit hefur rétt til þess þar sem það er talið viðeigandi (vegna skipulags lyfjaprófa eða annars.

Tilkynningin samkvæmt ákvæði 11.6.3(g) skal upplýsa íþróttamanninn hvort um aðrar meintar tilkynningavanrækslur hafi verið að ræða gagnvart honum á átján mánaða tímabilinu fyrir þennan meinta missi af lyfjaprófi.]

Þegar slík tilkynning er móttækin, ef lyfjaeftirlitið sem ber ábyrgð á umsjón niðurstaðna, samkvæmt ákvæði 11.7.5, er annað en það lyfjaeftirlit sem reyndi að framkvæma prófið, þá er lyfjaeftirlitið sem ber ábyrgð á umsjón niðurstaðna hvatt til að endurskoða skýrsluna tafarlaust til að ákvarða hvort það meti að gögnin um missi af lyfjaprófi frá því lyfjaeftirliti sem reyndi að framkvæma prófið, séu nægileg til að um sé að ræða hunsun á tilkynningu á dvalarstað samkvæmt lyfjareglunum –grein 2.4. Hið endurskoðandi lyfjaeftirlit skal ræða sem fyrst öll vafaatriði við lyfjaeftirlitið sem tilkynnti þetta, þ.e. það skal ekki bíða þar til íþróttamaðurinn hefur náð þremur meintum hunsunum á tilkynningum um dvalarstað á einhverju átján mánaða tímabili. Allar ákvarðanir þess lyfjaeftirlits sem endurskoðar, þess efnis að skráð hunsun á tilkynningu um dvalarstað frá öðru lyfjaeftirliti skuli ómerkt vegna skorts á gögnum, skulu sendar hinu lyfjaeftirlitinu og WADA og má WADA áfrýja þeim samkvæmt lyfjareglunum –grein 13, og hafa þær ekki áhrif á gildi annarra hunsana um tilkynningu á dvalarstað sem eru skráðar á viðkomandi íþróttamann.]

11.6.4 Lyfjaeftirlit sem tilkynnir, eða fær tilkynningu um hunsun á tilkynningu um dvalarstað af hálfu íþróttamanns, skal ekki miðla þeim upplýsingum til annarra en þurfa að fá þær, nema og þar til staðfest er að íþróttamaður hafi gerst brotlegur samkvæmt lyfjareglunum –grein 2.4, á grundvelli (meðal annars) hunsun á tilkynningu um dvalarstað. Þeir sem þurfa að fá þessar upplýsingar skulu einnig virða trúnaðarskylduna fram að sama tímapunkti.

[11.6.4 Athugasemd: Þetta kemur ekki í veg fyrir að lyfjaeftirlit birti almenna tölfraðilega skýrslu um starfsemi sína sem upplýsir á almennan hátt fjölda hunsana á tilkynningum um dvalarstað af hálfu íþróttamanna undir lögsögu þess á tilteknu tímabili, svo fremi að engar upplýsingar séu birtar sem gætu upplýst hvaða íþróttamenn eiga í hlut. Lyfjaeftirlit skal ekki upplýsa að tiltekinn íþróttamaður hafi (eða hafi ekki) hunsað að tilkynna um dvalarstað sinn, að því að talið sé (eða að í tiltekinni íþrótt séu, eða séu ekki, íþróttamenn sem talið er að hafi hunsað tilkynningu um dvalarstað.))]

11.6.5 Hið ábyrga lyfjaeftirlit skal halda skrá yfir meintar hunsanir á tilkynningu um dvalarstað hvers íþróttamanns í skráðum lyfjaprófunarhópi sínum. Þar sem talið er að slíkur íþróttamaður hafi framið 3 (þrjú) slík brot á einhverju átján mánaða tímabili:

- a. Þar sem tvö eða fleiri meint brot á tilkynningu um dvalarstað eru að mati þess lyfjaeftirlits sem hefur íþróttamanninn í skráðum lyfjaprófunarhópi sínu á þeim tíma sem brotin áttu að eiga sér stað, skal þetta lyfjaeftirlit (alþjóðasambandið eða landslyfjaeftirlitið) vera hið ábyrga lyfjaeftirlit þegar kemur að málarekstri gagnvart íþróttamanninum samkvæmt lyfjareglunum –grein 2.4. Ef ekki (til dæmis, ef þrjú lyfjaeftirlit tilkynntu meinta hunsun á tilkynningu um dvalarstað) skal hið ábyrga lyfjaeftirlit í því tilfelli vera lyfjaeftirlitið sem hafði íþróttamanninn í skráðum lyfjaprófunarhópi sínum daginn sem þriðja hunsunin á tilkynningu um dvalarstað átti sér stað. Ef íþróttamaðurinn var bæði í alþjóðlegum og landsskráðum lyfjaprófunarhópi á þeim degi, skal alþjóðasambandið vera hið ábyrga lyfjaeftirlit.

[11.6.5(a) Athugasemd: Hið ábyrga lyfjaeftirlit hefur rétt til að fá frá öðrum lyfjaeftirlitum sem hafa skráð eitt af meintum hunsunum á tilkynningu um dvalarstað, frekari upplýsingar um meinta hunsun á tilkynningu um dvalarstað, sem hið ábyrga lyfjaeftirlit kann að þurfa á að halda til að meta styrk sönnunargagna um slíka meinta hunsun á tilkynningu um dvalarstað og hefja málarekstur samkvæmt lyfjareglunum –grein 2.4. Ef hið ábyrga lyfjaeftirlit ákveður í góðri trú að sönnunargögnin um meinta hunsun á tilkynningu um dvalarstað séu ófullnægjandi til að hefja málarekstur samkvæmt lyfjareglunum –grein 2.4, má það hafna því að hefja málarekstur á grundvelli slíkra meintra hunsana á tilkynningu um dvalarstað. Allar ákvarðanir ábyrgs lyfjaeftirlits um að yfirlýst hunsun á tilkynningu um dvalarstað skuli ógild vegna skorts á fullnægjandi sönnunargögnum, skulu sendar hinu lyfjaeftirlitinu og WADA sem má áfrýja þeim

samkvæmt lyfjareglunum –grein 13, og hafa þær ekki áhrif á gildi annarra hunsana um tilkynningu á dvalarstað sem eru skráðar á viðkomandi íþróttamann.]

- b. Þar sem hið ábyrga lyfjaeftirlit hefur ekki málarekstur gegn íþróttamanni samkvæmt lyfjareglunum –grein 2.4 innan 30 (þrjátíu) daga frá því að WADA fær tilkynningu um þriðju meintu hunsun íþróttamannsins á tilkynningu um dvalarstað á einhverju átján mánaða tímabili, skal teljast að hið ábyrga lyfjaeftirlit hafi ákveðið að ekki hafi verið um brot á lyfjareglum að ræða, hvað varðar áfrýjunarrétt samkvæmt lyfjareglunum –grein 13 (einkum grein 13.2).

[11.6.5(b) Athugasemd: Við slíkar kringumstæður, skal lyfjaeftirlitið sem taldi að um slíka hunsun á tilkynningu um dvalarstað væri að ræða, útvega WADA, samkvæmt beiðni, slíkar frekari upplýsingar um meinta hunsun á tilkynningu um dvalarstað sem WADA þarf á að halda til að meta styrk sönnunargagna um slíka meinta hunsun á tilkynningu um dvalarstað og (ef það er talið viðeigandi) að áfrýja í samræmi við lyfjareglurnar –grein 13.]

11.6.6 Íþróttamaður sem talinn er hafa gerst brotlegur samkvæmt lyfjareglunum –grein 2.4, á rétt á að úrskurðað sé um slíkt meint brot við yfirheyrslumeðferð samkvæmt lyfjareglunum –grein 8. Dómstóllinn skal ekki bundinn af neinum úrskurði sem var gerður í umsýðunarferli niðurstaðnanna, hvað varðar hæfi skýringa á hunsun á tilkynningu um dvalarstað, eða annað. Þess í stað skal lyfjaeftirlitið sem hefur slíkan málarekstur, staðfesta alla þætti hverrar meintrar hunsunar á tilkynningu um dvalarstað.

[11.6.6 Athugasemd: Ekkert í ákvæði 11.6.6 er ætlað til að hindra lyfjaeftirlitið í því að mótmæla röksemd sem fram kemur fyrir hönd íþróttamannsins við málflutninginn á þeim grundvelli að hana hefði mátt nefna á fyrra stigi umsýðunarferlisins.

Lyfjaeftirlitið sem hefur málarekstur gegn íþróttamanni samkvæmt lyfjareglunum –grein 2.4, ætti einnig að íhuga í góðri trú hvort leggja skuli bráðabirgðabrottrekstur á íþróttamanninn meðan beðið er niðurstaðna málarekstursins, í samræmi við lyfjareglurnar –grein 7.5.2.

Ef dómstóllinn úrskurðar að ein (eða tvær) meint hunsun á tilkynningu um dvalarstað hafi verið staðfestar samkvæmt reglunum, en ekki þriðja meinta hunsunin um tilkynningu á dvalarstað, þá telst ekkert brot á lyfjareglunum –grein 2.4 hafa átt sér stað. Hinsvegar, ef íþróttamaðurinn hunsar einu sinni (eða tvisvar) að tilkynna um dvalarstað innan viðkomandi átján mánaða tímabils, má hefja nýjan málarekstur á grundvelli samtölu þeirra hunsana á tilkynningu á dvalarstað sem staðfestar voru af dómstólnum í fyrri málarekstri (í samræmi við lyfjareglurnar –grein 3.2.3) og hunsun íþróttamannsins á tilkynningu um dvalarstað sem á sér stað síðar.

Úrskurður um að íþróttamaðurinn sé sekur um brot á lyfjareglum samkvæmt lyfjareglunum –grein 2.4 hefur eftirfarandi afleiðingar:

- Keppnisbann í samræmi við lyfjareglurnar –grein 10.3.3 (fyrsta brot) eða lyfjareglurnar –grein 10.7 (annað brot); og
- Ógilding, í samræmi við lyfjareglurnar –grein 10.8, (nema sanngirni krefjist annars) á öllum einstökum árangri íþróttamanns frá dagsetningu brotsins á lyfjareglunum fram að dagsetningu á upphafi bráðabirgðabrottreksturs eða keppnisbannstíma, með öllum afleiðandi afleiðingum, þar á meðal fyrirgeringu verðlaunapeninga, stiga og verðlauna. Til þess að svo verði, verður brotið á lyfjareglunum að teljast hafa átt sér stað þegar þriðja hunsunin á tilkynningu um dvalarstað var úrskurðuð af dómstólnum.

Áhrif brots á lyfjareglunum –grein 2.4 sem einstakur íþróttamaður fremur, á árangur liðs sem íþróttamaðurinn hefur leikið með á viðkomandi tíma, skal ákvarðast í samræmi við lyfjareglurnar –grein 11.]

## 11.7 Dvalarstaðarábyrgð lyfjaeftirlita

### 11.7.1 Alþjóðasambandið ber ábyrgð á eftirfarandi:

- a. tilnefna *íþróttamenn* í alþjóðlegan skráðan lyfjaprófunarhóp, og endurskoða lista yfir skráða *íþróttamenn* í honum eins og þurfa þykir með tímanum, í samræmi við lyfjareglurnar –grein 14.3 og ákvæði 11.2;
- b. Tilkynna hverjum *íþróttamanni* í alþjóðlegum skráðum lyfjaprófunarhóp, annað hvort beint eða gegnum landssambandið eða Ólympíunefndina/Ólympíuhreyfingu fatlaðra, sem alþjóðasambandið hefur falið að tilkynna *íþróttamanninum*:
  - i. Að hann hafi verið settur í alþjóðlegan skráðan lyfjaprófunarhóp;
  - ii. Um kröfur um tilkynningar um dvalarstað sem hann verður fyrir vikið að uppfylla; og
  - iii. Um hugsanlegar afleiðingar ef hann uppfyllir ekki slíkar kröfur.
- c. Ákveða með landslyfjaeftirlitinu, í samræmi við ákvæði 11.3.1, hvort þeirra ber ábyrgð á að taka við tilkynningum um dvalarstaði frá *íþróttamönnum* sem eru bæði í skráðum lyfjaprófunarhópi landslyfjaeftirlitsins og alþjóðlegum skráðum lyfjaprófunarhópi;
- d. Koma á nothæfu kerfi fyrir söfnun, umsjón og miðlun tilkynninga um dvalarstaði, einkum netkerfi (sem getur skráð hverjir færa inn upplýsingar og hvenær) eða að minnsta kosti símbréfataeki, tölvupóstur og/eða SMS skilaboðakerfi, til að tryggja að:
  - i. Upplýsingar *íþróttamannsins* séu varðveittar tryggilega og örugglega (helst í ADAMS eða öðrum miðlægum gagnagrunni með svipaða virkni og öryggi);
  - ii. Aðgang að upplýsingum geta fengið (a) einstaklingar með heimild frá alþjóðasambandinu, sem þurfa á upplýsingunum að halda; (b) WADA; og (c) önnur lyfjaeftirlit sem mega lyfjaprófa *íþróttamanninn*, í samræmi við lyfjareglurnar –grein 14.3; og
  - iii. Upplýsingarnar eru varðveittar í algerum trúnaði, notaðar af alþjóðasambandinu eingöngu til að skipuleggja, samræma eða sjá um lyfjapróf, og er eytt í samræmi við viðeigandi reglur um trúnað eftir að upplýsingar skipta ekki lengur máli;
- e. Sjá um umsjón niðurstaðna í samræmi við ákvæði 11.6, hvað varðar:
  - i. Allar augljósar tilkynningavanrækslur af hálfu *íþróttamanns* í alþjóðlegum skráðum lyfjaprófunarhópi (nema *íþróttamaðurinn* sé einnig í skráðum lyfjaprófunarhópi

landslyfjæftirlits og leggur fram tilkynningar sínar um dvalarstaði hjá landslyfjæftirlitinu, en í því tilfelli sér landslyfjæftirlitið um umsjón niðurstaðna ef um er að ræða augljósa tilkynningavanrækslu hjá þessum íþróttamanni); og

- ii. Öll augljós tilfelli þar sem íþróttamaðurinn missir af lyfjaprófi, þar sem árangurslaus tilraun var gerð af hálfu alþjóðasambandsins til að prófa íþróttamanninn; og
- f. Við aðstæður sem lýst er í ákvæði 11.6.5(a), hefja málarekstur gegn íþróttamanni samkvæmt lyfjareglunum –grein 2.4.

#### 11.7.2 Þrátt fyrir ákvæði 11.7.1:

- a. Alþjóðasamband má leggja til, og landslyfjæftirlit samþykkja, að fela landslyfjæftirlitinu sum eða öll verkefnin sem lýst er í undirákvæðum 11.7.1(b) til (e);
- b. Alþjóðasamband má fela landssambandi íþróttamannsins sum eða öll verkefnin sem lýst er í ákvæði 11.7.1; eða
- c. Þar sem WADA úrskurðar að alþjóðasambandið leysi ekki sum eða öll verkefni sem er lýst í ákvæði 11.7.1, má WADA fela einhverju öðru lyfjæftirliti sum eða öll þessi verkefni.

#### 11.7.3 Landslyfjæftirlitið ber ábyrgð á eftirfarandi:

- a. Skipa íþróttamenn í skráðan lyfjaprófunarhóp landslyfjæftirlitsins eins og við á á hverjum tíma, í samræmi við lyfjareglurnar –grein 14.3 og ákvæði 11.2;
- b. Tilkynna öllum íþróttamönnum sem skipaðir eru í skráðan lyfjaprófunarhóp landsins:
  - i. Að hann hafi verið skipaður í skráðan lyfjaprófunarhóp landsins;
  - ii. Um kröfur um tilkynningar um dvalarstað sem hann verður fyrir vikið að uppfylla; og
  - iii. Um hugsanlegar afleiðingar ef hann uppfyllir ekki slíkar kröfur;
- c. Ákveða með landslyfjæftirlitinu, í samræmi við ákvæði 11.3.1, hvort þeirra ber ábyrgð á að taka við tilkynningum um dvalarstaði frá íþróttamönnum sem eru bæði í skráðum lyfjaprófunarhópi landslyfjæftirlitsins og alþjóðlegum skráðum lyfjaprófunarhópi;
- d. Koma á nothæfu kerfi fyrir söfnun, umsjón og miðlun tilkynninga um dvalarstaði frá íþróttamönnum í skráðum lyfjaprófunarhópi landslyfjæftirlitsins, einkum netkerfi (sem getur skráð hverjir færa inn upplýsingar og hvenær) eða að minnsta kosti símbréfataeki, tölvupóstur og/eða SMS skilaboðakerfi, til að tryggja að:
  - i. Upplýsingar íþróttamannsins séu varðveittar tryggilega og örugglega (helst í ADAMS eða öðrum miðlægum gagnagrunni með svipaða virkni og öryggi);
  - ii. Aðgang að upplýsingum geta fengið (a) einstaklingar með heimild frá landslyfjæftirlitinu, sem þurfa á upplýsingunum að halda; (b) WADA; og (c) önnur

*lyfjæftirlit* sem mega lyfjaprófa *íþróttamanninn*, í samræmi við lyfjareglurnar –grein 14.3; og

- iii. Upplýsingarnar eru varðveittar í algerum trúnaði, notaðar af *landslyfjæftirlitinu* eingöngu til að skipuleggja, samræma eða sjá um lyfjapróf, og er eytt í samræmi við viðeigandi reglur um trúnaða eftir að upplýsingar skipta ekki lengur máli;
- e. Sjá um umsjón niðurstaðna í samræmi við ákvæði 11.6, hvað varðar:
  - i. Allar augljósar tilkynningavanrækslur af hálfu *íþróttamanns* í skráðum lyfjaprófunarhópi *landslyfjæftirlits* (nema *íþróttamaðurinn* sé einnig í alþjóðlegum skráðum lyfjaprófunarhópi og leggur fram tilkynningar sínar um dvalarstaði hjá alþjóðasambandinu, en í því tilfelli sér alþjóðasambandið um umsjón niðurstaðna ef um er að ræða augljósa tilkynningavanrækslu hjá þessum *íþróttamanni*); og
  - ii. Öll augljós tilfelli þar sem *íþróttamaðurinn* missir af lyfjaprófi, þar sem árangurslaus tilraun var gerð af hálfu *landslyfjæftirlitsins* til að prófa *íþróttamanninn*; og
- f. Við aðstæður sem lýst er í ákvæði 11.6.5(a), hefja málarekstur gegn *íþróttamanni* samkvæmt lyfjareglunum –grein 2.4..

#### 11.7.4 Þrátt fyrir ákvæði 11.7.3:

- a. *Landslyfjæftirlit* má fela sum eða öll verkefnin sem lýst er í ákvæði 11.7.3, landssambandi viðkomandi *íþróttamanns* eða öðru viðeigandi *lyfjæftirliti* sem hefur lögsögu yfir viðkomandi *íþróttamanni*;
- b. Þar sem ekkert viðeigandi *landslyfjæftirlit* er til staðar skal Ólympíunefnd landsins annast skyldur *landslyfjæftirlitsins* samkvæmt ákvæði 11.7.3; og
- c. Þar sem WADA úrskurðar að verkefni sem er lýst í ákvæði 11.7.1 séu ekki rétt leyst af hendi, má WADA fela einhverju öðru *lyfjæftirliti* sum eða öll þessi verkefni.

11.7.5 Ásamt öllum tilgreindum verkefnum sem landssambandi eru falin í samræmi við ákvæði 11.7.2 eða ákvæði 11.7.4, verður landssamband að kappkosta að aðstoða hið ábyrga *lyfjæftirlit* í söfnun tilkynninga um dvalarstaði frá *íþróttamönnum* sem heyra undir lögsögu landssambandsins, þar á meðal (án takmarkana) að setja sérstakt ákvæði í reglur sínar í þeim tilgangi.

11.7.6 Sérhvert *lyfjæftirlit* með vald til að lyfjaprófa *íþróttamann* í *Skráðum lyfjaprófunarhópi* (sjá *Lyfjareglurnar* - grein 15):

- a. Má hafa aðgang að tilkynningu *íþróttamannsins* um dvalarstaði sem hann hefur lagt fram hjá alþjóðasambandi eða *landslyfjæftirliti* sínu til að nota við slík lyfjapróf í samræmi við lyfjareglurnar –grein 14.3, að því tilskyldu að:
  - i. Það skal tryggja að einungis einstaklingar með heimild til þess og sem starfa fyrir hönd *lyfjæftirlitsins* hafi aðgang að slíkum upplýsingum eftir þörfum, virði algeran trúnað upplýsinganna, noti þær eingöngu til að skipuleggja, samræma eða sjá um lyfjapróf, og

er eytt í samræmi við viðeigandi reglur um trúnaða eftir að upplýsingar skipta ekki lengur máli; og

- ii. Því skal, í samræmi við lyfjareglurnar –grein 15.2, taka tillit til þarfarinnar að samræma sýnatöku sína sýnatökum annarra *lyfjaeftirlita* til að hámarka skilvirkni samþættra lyfjaprófa og til að forðast óþarfa endurtekningu prófa á einstökum íþróttamönnum;
- b. Það verður að veita *lyfjaeftirlitsmanninum* sem á að lyfjaprófa *íþróttamanninn* nýjustu upplýsingar úr tilkynningum um dvalarstað, og verður að veita *lyfjaeftirlitsmanninum* skýr fyrirmæli um hvernig hann skal reyna að hafa uppi á *íþróttamanninum*, í samræmi við ákvæði 11.4.3(d);
- c. Það verður að hafa umsjón með niðurstöðum varðandi augljós tilfelli um missi af lyfjaprófi sem verða vegna tilraunar til að prófa *íþróttamanninn* í samræmi við ákvæði 11.6.3;

*11.7.6(c) Athugasemd: Þar sem lyfjaeftirlitið reynir að lyfjaprófa með samkomulagi við annað lyfjaeftirlit, má þetta samkomulega tilgreina að það lyfjaeftirlit sem biður um prófið, skuli fara með umsjón niðurstaðnanna hvað varði tilfelli um missi af lyfjaprófi sem verður vegna slíkrar tilraunar.*

- d. Það verður að tilkynna misheppnaðar tilraunir tafarlaust til *lyfjaeftirlitsins* sem er ábyrgt fyrir viðkomandi *íþróttamanni*, í samræmi við ákvæði 11.4.3(h); og
- e. Það verður að vinna með hinu ábyrga *lyfjaeftirliti* samkvæmt réttmætum kröfum þess og/eða WADA við rannsókn á slíkum hunsunum á tilkynningu á dvalarstað og í málarekstri vegna slíkra hunsana á tilkynningu um dvalarstað, þar á meðal að veita allar frekari upplýsingar sem beðið er um og útvega vitni og/eða gögn eftir þörfum, í brotamálarekstri eða öðrum málarekstri, allar staðreyndir sem því er kunnugt um sem ákæran byggist á.

### 3. Hluti: VIÐAUKAR

#### Viðauki A – Rannsókn á hugsanlegri hunsun

##### A.1 Tilgangur

Að tryggja að öll mál sem eiga sér stað fyrir, á meðan, eða að lokinni sýnistöku sem geta leitt til staðfestingu á hunsun séu metin, við þeim brugðist og þau skráð.

##### A.2 Gildissvið

Rannsókn á hugsanlegri hunsun hefst þegar *lyfjaeftirlitið* eða *lyfjaeftirlitsmaður* verður var við mál sem er hugsanleg hunsun á reglum og endar þegar *lyfjaeftirlitið* grípur til viðeigandi ráðstafana á grundvelli niðurstöðu rannsóknar.

##### A.3 Ábyrgð

A.3.1 *Lyfjaeftirlitið* ber ábyrgð á að tryggja að:

- a) Rannsókn á hugsanlegri hunsun sé byggð á öllum viðkomandi upplýsingum og gögnum.
- b) *Íþróttamaðurinn* eða annar aðili er upplýstur skriflega um hugsanlega hunsun og fær tækifæri til andsvara.
- c) Matsferlið er skráð.
- d) Lokaúrskurður er kynntur öðrum *lyfjaeftirlitum* í samræmi við lyfjareglurnar.

A. 3.2 *Lyfjaeftirlitsmaður* ber ábyrgð á að:

- a) Upplýsa *íþróttamanninn* eða annan aðila um afleiðingar á hugsanlegri hunsun.
- b) Ljúka sýnistöku *íþróttamanns*, verði því við komið.
- c) Gera ítarlega skriflega skýrslu um hugsanlega hunsun.

A.3.3 *Sýnistökustarfsfólk* ber ábyrgð á að:

- a) Upplýsa *íþróttamanninn* eða annan aðila um afleiðingar á hugsanlegri hunsun
- b) Tilkynna *lyfjaeftirlitsmanni* um alla hugsanlega hunsun.

##### A.4 Kröfur

A.4.1 *Lyfjæftirlitsmaður* tilkynnir alla hugsanlega hunsun og *lyfjæftirlitið* fylgir því eftir um leið og hægt er.

A.4.2 Ef *lyfjæftirlitið* úrskurðar að um hugsanlega hunsun sé að ræða, skal *ípróttamanni* eða öðrum aðila tilkynnt tafarlaust skriflega:

- a) Um mögulegar afleiðingar;
- b) Að hugsanleg hunsun verði rannsökuð af *lyfjæftirlitinu* og í framhaldi af því verði gripið til viðeigandi aðgerða.

A.4.3 Allra nauðsynlegra upplýsinga um hugsanlega hunsun skal aflað frá öllum viðkomandi heimildum, þar á meðal *ípróttamanninum* eða öðrum aðila, um leið og auðið er, og skráðar.

A.4.4 *Lyfjæftirlitið* skal koma á kerfi sem tryggir að niðurstöður rannsóknar á hugsanlegri hunsun séu metnar með aðgerðir í huga og frekari skipulagningu ef það á við og afmörkuð lyfjapróf.

## Viðauki B – Breytingar fyrir fatlaða *íþróttamenn*

### B.1 Markmið

Að tryggja að sérþarfir fatlaðra íþróttamanna séu virtar eins og mögulegt er við veitingu *sýnis*, án þess að spilla heilindum sýnatökunnar.

### B.2 Gildissvið

Ákveða hvort breytinga sé þörf hefst með skilgreiningu aðstæðna þar sem sýnataka nær til fatlaðra íþróttamanna og endar með nauðsynlegum breytingum á sýnistökufærli og búnaði eins og mögulegt er fyrir þessa *íþróttamenn*.

### B.3 Ábyrgð

*Lyfjæftirlitið* ber ábyrgð á að tryggja eftir föngum að *lyfjæftirlitsmaður* hafi allar upplýsingar og sýnistökubúnað sem þarf til að taka sýni hjá fötluðum *íþróttamanni*.

*Lyfjæftirlitsmaður* ber ábyrgð á sýnistökunni.

### B.4 Kröfur

B.4.1 Allir þættir boðunar og sýnistöku fyrir fatlaða *íþróttamenn* skulu vera með sama hætti og í venjulegri boðun og sýnistöku nema breytinga sé þörf vegna fötlunar íþróttamannsins.

B.4.2 Við undirbúning og skipulag sýnistöku, skal *lyfjæftirlitið* og *lyfjæftirlitsmaður* meta hvort taka þurfi sýni hjá fötluðum íþróttamönnum sem krefjast breytinga á venjulegri boðun eða sýnistöku, þar á meðal sýnistökubúnaði og aðstöðu.

B.4.3 *Lyfjæftirlitsmaður* skal hafa vald til að gera breytingar eins og aðstæður krefjast þegar það er mögulegt og svo fremi að slíkar breytingar spilli ekki kennslum, heilindum eða öryggi sýnisins. Allar slíkar breytingar verður að skrá.

B.4.4 *Íþróttamenn* með greindarfötlun, líkamsfötlun eða skynfærafötlun mega fá aðstoð fulltrúa síns eða starfsfólks *lyfjæftirlits* við sýnistöku þar sem *íþróttamaðurinn* heimilar það og *Lyfjæftirlitsmaðurinn* samþykkir það.

B.4.5 *Lyfjæftirlitsmaðurinn* getur ákveðið að annar sýnistökubúnaður eða aðstaða verði notuð þegar þess er þörf til að gera *íþróttamanninum* kleift að veita sýnið svo fremi að það hafi ekki áhrif á kennsl, öryggi og heilindi sýnisins.

B.4.6 *Íþróttamenn* sem nota þvagsöfnunar- eða afrennslikerfi skulu fjarlægja fyrirbyggjandi þvag úr þeim áður en þeir veita þvagsýni til rannsóknar. Þar sem því er við komið, skal fyrirverandi þvagsöfnunarkerfi eða afrennslisbúnaður tekinn og nýr, ónotaður þvagleggur settur í stað hans, eða afrennsliskerfi.

B.4.7 ***Lyfjæftirlitsmaðurinn*** skráir breytingar á venjulegum reglum um sýnistöku fyrir fatlaða *íþróttamenn*, þar á meðal allar viðeigandi breytingar sem getið er um í framangreindum ákvæðum.

## Viðauki C – Breytingar fyrir ólögráða íþróttamenn

### C.1 Markmið

Að tryggja að ólögráða íþróttamanna séu virtar eins og mögulegt er við veitingu *sýnis*, án þess að spilla heilindum sýnatökunnar.

### C.2 Gildissvið

Ákveða hvort breytinga sé þörf hefst með skilgreiningu aðstæðna þar sem sýnataka nær til ólögráða íþróttamanna og endar með nauðsynlegum breytingum á sýnistökuferli og búnaði þar sem nauðsyn krefur og hægt er.

### C.3 Ábyrgð

*Lyfjæftirlitið* ber ábyrgð á að tryggja eftir föngum að *lyfjæftirlitsmaður* hafi allar upplýsingar til að sjá um sýnistöku hjá ólögráða *íþróttamanni*. Þetta felur í sér að staðfesta þar sem þess þarf, að ákvæði um samþykki foreldra séu til staðar, þegar lyfjapróf á móti eru skipulögð.

### C.4 Kröfur

C.4.1 Allir þættir boðunar og sýnistöku fyrir ólögráða *íþróttamenn* skulu vera með sama hætti og í venjulegri boðun og sýnistöku nema breytinga sé þörf vegna þess að *íþróttamaðurinn* er ólögráða.

C.4.2 Við undirbúning og skipulag sýnistöku, skal *lyfjæftirlitið* og *lyfjæftirlitsmaður* meta hvort taka þurfi sýni hjá ólögráða íþróttamönnum sem krefjast breytinga á venjulegri boðun eða sýnistöku, þar á meðal sýnistökubúnaði og aðstöðu.

C.4.3 *Lyfjæftirlitsmaður* og *lyfjæftirlitið* hafa vald til að gera breytingar eins og aðstæður krefjast þegar það er mögulegt og svo fremi að slíkar breytingar spilli ekki kennslum, heilindum eða öryggi sýnisins.

C.4.4 *Ólögráða íþróttamenn* mega hafa fulltrúa meðferðis við allt sýnatökuferlið. Fulltrúinn skal ekki vera vitnið að veitingu þvagsýnis nema hinn ólögráða *íþróttamaður* fari fram á það. Markmiðið er að tryggja að *lyfjæftirlitsmaður* fylgist rétt með veitingu sýnisins. Þótt hinn ólögráða *íþróttamaður* hafni fulltrúa, skal *lyfjæftirlitið*, *Lyfjæftirlitsmaðurinn* eða *Fylgdarmaðurinn*, eftir því hvað á við, meta hvort þriðji aðili skuli vera viðstaddur við boðun og/eða sýnisveitingu íþróttamannsins.

C.4.5 *Lyfjæftirlitsmaðurinn* ákveður fyrir ólögráða *íþróttamenn* hverjir mega vera viðstaddir sýnistökuna ásamt sýnistökustarfsfólki, þ.e. fulltrúi ólögráða íþróttamannsins sem fylgist með sýnistökunni (einnig fylgist hann með *lyfjæftirlitsmanninum* þegar ólögráða *íþróttamaðurinn* veitir þvagsýnið, en fylgist ekki beint með veitingu sýnisins, nema ólögráða *íþróttamaðurinn* fari fram á það) og fulltrúi *lyfjæftirlitsmannsins*/fylgdarmannsins til að fylgjast

með lyfjæftirlitsmanni/fylgdarmanni þegar ólögráða *íþróttamaðurinn* veitir þvagsýnið, en án þess að fulltrúinn fylgist beint með veitingu sýnisins, nema ólögráða *íþróttamaðurinn* fari fram á það.

C.4.6 Ef ólögráða *íþróttamaður* hafnar að hafa fulltrúa viðstaddan sýnistöku, skal *Lyfjæftirlitsmaðurinn* skrá það. Þetta ógildir ekki prófið en verður að skrá. Ef ólögráða *íþróttamaður* hafnar að hafa fulltrúa viðstaddan, verður fulltrúi *lyfjæftirlitsmanns/fylgdarmanns* að vera viðstaddur.

C.4.7 Ef ólögráða *íþróttamaður* er í skráðum lyfjaprófunarhópi, er æskilegast að öll lyfjapróf utan keppni fari fram þar sem líklegast er að fullorðnir séu viðstaddir, þ.e. æfingavettvangur.

C.4.8 *Lyfjæftirlitið* skal meta hvað er viðeigandi að gera þegar enginn fullorðinn er viðstaddur lyfjapróf á *íþróttamanni* sem er ólögráða og skal hjálpa *íþróttamanninum* að finna fulltrúa til að geta haldið áfram með lyfjaprófið.

## Viðauki D – Taka þvagsýna

### D.1 Markmið

Að taka þvagsýni íþróttamanns á þann hátt sem tryggir að:

- a) Farið sé eftir viðkomandi meginreglum alþjóðlegra viðurkennda varúðar-ráðstafana í heilsugæslu svo að heilsu og öryggi íþróttamannsins og sýnistöku-starfsfólks sé ekki stefnt í hættu;
- b) Sýnið uppfyllir kröfur um hæfilega eðlisþyngd fyrir greiningu og Nægilegt þvagmagn til greiningar. Uppfylli sýni ekki þessar kröfur ógildir ekki hæfni *sýnis* til greiningar. Viðkomandi rannsóknarstofa ákveður um hæfni *sýnis* í samráði við *lyfjaeftirlitið*.
- c) Sýnið er ekki falsað, umskipt, mengað eða spillt að einhverju öðru leyti;
- c) Sýnið er greinilega og nákvæmlega merkt; og
- d) Sýnið er tryggilega innsiglað.

### D.2 Gildissvið

Taka þvagsýnis byrjar með því að tryggja að *íþróttamanninum* eru kynntar sýnistökukröfur og endar með förgun alls aukaþvags sem er eftir að lokinni sýnistöku.

### D.3 Ábyrgð

*Lyfjaeftirlitsmaður* ber ábyrgð á að tryggja að hvert sýni sé rétt tekið, merkt og innsiglað. *Lyfjaeftirlitsmaður/fylgdarmaður* ber ábyrgð á að fylgjast beint með veitingu þvagsins í sýnið.

### D.4 Kröfur

D.4.1 *Lyfjaeftirlitsmaðurinn* skal tryggja að *íþróttamaðurinn* sé upplýstur um kröfur við sýnistöku, þar á meðal allar breytingar eins og kveðið er á um í Viðauka B-Breytingar fyrir fatlaða *íþróttamenn*.

D.4.2 *Lyfjaeftirlitsmaðurinn* skal tryggja að *íþróttamaðurinn* geti valið úr viðeigandi búnaði til að veita sýnið. Ef eðli fötlunar hans krefst þess að hann verði að nota aukabúnað eða annan búnað eins og kveðið er á um í Viðauka B-Breytingar fyrir fatlaða *íþróttamenn*, skal *Lyfjaeftirlitsmaðurinn* skoða búnaðinn til að tryggja að hann hafi ekki áhrif á kennsl eða heilindi sýnisins..

D.4.3 *Lyfjaeftirlitsmaðurinn* skal fyrirskipa *íþróttamanninum* að velja sýnisílát.

D.4.4 Þegar *íþróttamaðurinn* velur þvagílát og fyrir val á öllum öðrum búnaði sem inniheldur þvagsýnið skal *Lyfjaeftirlitsmaðurinn* fyrirskipa *íþróttamanninum* að ganga úr skugga um að öll innsigli á hinum valda búnaði séu órofin og ekki hafi verið átt við búnaðinn. Ef *íþróttamaðurinn*

er ekki ánægður með hinn valda búnað má hann velja annan. Ef *ípróttamaðurinn* er ekki sáttur við neinn búnað sem í boði er skal Lyfjaeftirlitsmaðurinn skrá það.

Ef Lyfjaeftirlitsmaðurinn er ósammála þeirri skoðun ípróttamannsins að allur búnaðurinn í boði sé ófullnægjandi skal Lyfjaeftirlitsmaðurinn fyrirskipa *ípróttamanninum* að halda áfram með sýnisveitinguna

Ef Lyfjaeftirlitsmaðurinn er sammála framkomum ástæðum ípróttamannsins að allur búnaðurinn sem er í boði sé ófullnægjandi, skal Lyfjaeftirlitsmaðurinn hætta töku þvagsýnis ípróttamannsins og færa það til bókar.

D.4.5 *Ípróttamaðurinn* hefur umráð yfir þvagilátinu og veittu þvagsýni þar til sýnið er innsiglað, nema aðstoðar sé þörf vegna fötlunar ípróttamannsins eins og kveðið er á um í Viðauka B-Breytingar fyrir fatlaða *ípróttamenn*. Frekari aðstoð má veita *ípróttamanninum* í sérstökum aðstæðum af hálfu fulltrúa ípróttamannsins eða sýnistökustarfsfólks þar sem *ípróttamaðurinn* heimilar það og lyfjaeftirlitsmaður samþykkir það.

D.4.6 Lyfjaeftirlitsmaðurinn/Fylgdarmaðurinn sem er vitni að veitingu þvagsýnis skal vera af sama kyni og *ípróttamaðurinn* sem veitir sýnið..

D.4.7 Lyfjaeftirlitsmaður/fylgdarmaður skal þar sem því verður við komið, tryggja að *ípróttamaðurinn* þvoi hendur sínar vandlega áður en sýnið er veitt.

D.4.8 Lyfjaeftirlitsmaðurinn/Fylgdarmaðurinn og *ípróttamaðurinn* skulu vera í einrúmi við veitingu þvagsýnis.

D.4.9 Lyfjaeftirlitsmaðurinn/Fylgdarmaðurinn skal tryggja að geta séð óhindrað þegar þvagið yfirgefur líkama ípróttamannsins og skal halda áfram að fylgjast með sýninu eftir veitingu þess og skrá að hafa orðið vitni að þessu. Til að tryggja óhindraða sýn á sýnisveitinguna skal Lyfjaeftirlitsmaður/fylgdarmaður fyrirskipa *ípróttamanninum* að fjarlægja fatnað eða færa fatnað til að sjá sýnisveitinguna greinilega. Að veittu sýni skal Lyfjaeftirlitsmaður/fylgdarmaður einnig tryggja að ekkert frekara magn fari frá *ípróttamanni* sem hefði getað farið í sýnisilátið.

D.4.10 Lyfjaeftirlitsmaðurinn staðfestir að *ípróttamanninum* viðstöddum að nægilegt greiningarmagn hafi verið veitt.

D.4.11 Þegar magn þvagsins er ófullnægjandi skal Lyfjaeftirlitsmaðurinn sjá um hlutasýnisveitingu eins og lýst er í viðauka F –Þvagsýni-ófullnægjandi magn.

D.4.12 Lyfjaeftirlitsmaðurinn skal fyrirskipa *ípróttamanninum* að velja sýnistökubúnað með A og B flöskum í samræmi við ákvæði C.4.4..

D.4.13 Þegar sýnistökubúnaður hefur verið valinn, skulu Lyfjaeftirlitsmaðurinn og *ípróttamaðurinn* ganga úr skugga um að öll kóðanúmer passi og að Lyfjaeftirlitsmaðurinn skrái kóðanúmer nákvæmlega

Ef *íþróttamaðurinn* eða *Lyfjæftirlitsmaðurinn* sér að númerunum ber ekki saman, skal *Lyfjæftirlitsmaðurinn* fyrirskipa *íþróttamanninum* að velja annan búnað í samræmi við C.4.4. *Lyfjæftirlitsmaðurinn* skal færa þetta til bókar.

D.4.14 *Íþróttamaðurinn* skal hella tilskildu lágmarks þvagmagni til greiningar í B flöskuna (minnst 30 ml) og hella síðan afgangnum í A flöskuna (minnst 60 ml). *Íþróttamaðurinn* skal síðan fylla B flöskuna eins og auðið er með þvagleifunum. *Íþróttamaðurinn* skal tryggja að örlítið þvag sé eftir í ílátinu. Ef meira en lágmarksþvagmagn til greiningar hefur verið veitt, skal *Lyfjæftirlitsmaðurinn* tryggja að *íþróttamaðurinn* fylli A flöskuna að því marki sem framleiðandi segir til um. Ef enn er eftir þvag að þessu loknu, skal *Lyfjæftirlitsmaðurinn* tryggja að *íþróttamaðurinn* fylli B flöskuna að því marki sem framleiðandi segir til um. *Lyfjæftirlitsmaðurinn* fyrirskipar *íþróttamanninum* að tryggja að svólítið þvag verði eftir í sýnisíláti, og nefna til skýringar að þetta sé til að *lyfjæftirlitsmaður* geti mælt þvagleifarnar í samræmi við ákvæði D.4.17.

D.4.15 Þvagi skal einungis fleygt þegar bæði A og B flaska eru fullar samkvæmt ákvæði D.4.14 og eftir að þvagleifar hafa verið mældar samkvæmt ákvæði D.4.17. Nægilegt þvagmagn til greiningar skal teljast algert lágmark.

D.4.16 *Íþróttamaðurinn* skal innsigla flöskuna samkvæmt fyrirmælum *lyfjæftirlitsmannsins*. *Lyfjæftirlitsmaðurinn* skal ganga úr skugga um í augsýn *íþróttamannsins* að flöskurnar hafi verið rétt innsiglaðar

D.4.17 *Lyfjæftirlitsmaðurinn* skal mæla þvagleifarnar í sýnisílatinu til að ákvarða hvort sýnið hafi hæfilega eðlisþyngd fyrir greiningu. Ef mæling *lyfjæftirlitsmanns* á vettvangi gefur til kynna að sýni hafi ekki hæfilega eðlisþyngd til greiningar, þá skal *lyfjæftirlitsmaður* fara eftir viðauka G (Þvagsýni sem uppfylla ekki kröfur um hæfilega eðlisþyngd fyrir greiningu).

D.4.18 *Lyfjæftirlitsmaðurinn* skal tryggja að *íþróttamaðurinn* geti krafist þess að öllum þvagleifum sem eru ekki sendar í greiningu skuli fleygt í augsýn *íþróttamannsins*

## Viðauki E – Taka blóðsýna

### E.1 Tilgangur

Að taka blóðsýni *íþróttamanns* á þann hátt sem tryggir að:

- Heilsu og öryggi *íþróttamanns* og sýnistökustarfsfólks sé ekki stefnt í hættu;
- Sýnið uppfyllir kröfur rannsóknarstofu um magn og gæði;
- Sýnið sé ekki falsað, umskipt, mengað eða spillt að einhverju öðru leyti;
- Sýnið sé greinilega og nákvæmlega merkt; og
- Sýnið sé tryggilega innsiglað.

## E.2 Gildissvið

Taka blóðsýnis hefst með því að tryggja að *íþróttamaðurinn* sé upplýstur um kröfur við töku blóðsýnis og endar með réttum frágangi á sýninu áður en það er flutt til greiningar á rannsóknarstofu sem WADA hefur löggilt eða sem WADA hefur annars samþykkt.

## E.3 Ábyrgð

E.3.1 *Lyfjæftirlitsmaðurinn* ber ábyrgð á að tryggja að:

- a) Hvert sýni sé rétt tekið, merkt og innsiglað; og
- b) Öll sýni séu rétt varðveitt og flutt samkvæmt viðeigandi greiningarreglum.

E.3.2 *Blóðtökustarfsmaður* ber ábyrgð á að taka blóðsýnið, svara spurningum við töku sýnisins og réttum frágangi á notuðum blóðtökubúnaði sem er óþarfur til að ljúka sýnistökunni.

## E.4 Kröfur

E.4.1 Verklagsreglur sem tengjast blóði skulu vera samkvæmt staðarreglum og reglugerðum varúðarráðstafanir á heilsugæslu.

E.4.2 Blóðtökubúnaður skal samanstanda af, (a) einu sýnishylki fyrir blóðgreiningu; eða (b) bæði A sýnishylki og B sýnishylki fyrir blóðgreiningu; eða (c) eins og rannsóknarstofan kveður annars á um. .

E.4.3 *Lyfjæftirlitsmaðurinn* skal tryggja að *íþróttamaðurinn* sé upplýstur um kröfur við blóðtöku, þar á meðal allar breytingar eins og kveðið er á um í Viðauka B-Breytingar fyrir fatlaða *íþróttamenn*.

E.4.4 *Lyfjæftirlitsmaðurinn/Fylgdarmaðurinn* og *íþróttamaðurinn* skulu fara á það svæði þar sem sýnið verður tekið.

E.4.5 *Lyfjæftirlitsmaðurinn* skal tryggja að *íþróttamanninum* sé boðnar þægilegar aðstæður þar sem hann getur slakað á í minnst 10 mínútur áður en hann veitir sýni.

E.4.6 *Lyfjæftirlitsmaðurinn* skal fyrirskipa *íþróttamanninum* að velja búnað fyrir blóðtökuna og að ganga úr skugga um að öll innsigli á hinum valda búnaði séu órofin og ekki hafi verið átt við búnaðinn. Ef *íþróttamaðurinn* er ekki ánægður með hinn valda búnað má hann velja annan. Ef *íþróttamaðurinn* er ekki sáttur við neinn búnað sem í boði er skal *Lyfjæftirlitsmaðurinn* skrá það

Ef *Lyfjæftirlitsmaðurinn* er ósammála þeirri skoðun *íþróttamannsins* að allur búnaðurinn í boði sé ófullnægjandi skal *Lyfjæftirlitsmaðurinn* fyrirskipa *íþróttamanninum* að halda áfram með sýnisveitinguna.

Ef *Lyfjæftirlitsmaðurinn* er sammála röksemdum *íþróttamannsins* að allur búnaðurinn sé ófullnægjandi, skal hann stöðva blóðtökuna og færa þessa ákvörðun til bókar.

E.4.7 Þegar sýnistökubúnaður hefur verið valinn, skulu lyfjæftirlitsmaðurinn og íþróttamaðurinn ganga úr skugga um að öll kóðanúmer passi og að lyfjæftirlitsmaðurinn skrái kóðanúmer nákvæmlega.

Ef íþróttamaðurinn eða lyfjæftirlitsmaðurinn sér að númerunum ber ekki saman, skal lyfjæftirlitsmaðurinn fyrirskipa íþróttamanninum að velja annan búnað. Lyfjæftirlitsmaðurinn skal færa þetta til bókar.

E.4.8 Blóðtökustarfsmaðurinn skal hreinsa húðina með sótthreinsandi þurrku eða þvegli á stað sem er ólíklegur til að hafa hamlandi áhrif á íþróttamanninn eða árangur hans og nota snarvöl ef þörf krefur. Blóðtökustarfsmaðurinn skal taka blóðið úr lítilli æð í safnhylkið. Hafi snarvölur verið notaður, skal hann losaður strax að lokinni ástungu

E.4.9 Tekið blóðmagn skal uppfylla kröfur fyrir greiningu sýnisins..

E.4.10 Ef ekki er hægt að ná nógu miklu blóði úr íþróttamanninum í fyrstu tilraun skal blóðtökustarfsmaðurinn endurtaka ferlið. Hámarksfjöldi tilrauna er þrjár. Ef allar tilraunirnar mistakast skal blóðtökustarfsmaðurinn tilkynna lyfjæftirlitsmanninum það. Lyfjæftirlitsmaðurinn stöðvar töku blóðsýnisins og færir það til bókar ásamt ástæðum þess að hætt var blóðtöku.

E.4.11 Blóðtökustarfsmaðurinn skal setja umbúðir á stungusvæðið/n.

E.4.12 Blóðtökustarfsmaðurinn fargar notuðum blóðtökubúnaði sem er óþarfur til að ljúka blóðtökunni í samræmi við staðarreglur um meðferð blóðs.

E.4.13 Ef þarf að vinna sýnið frekar á vettvangi, svo sem skiljun eða aðskiljun blóðvatns, skal íþróttamaðurinn vera viðstaddur það, þar til sýnið hefur verið innsiglað í tryggunum, falsheldum umbúðum.

E.4.14 Íþróttamaðurinn skal innsigla sýni sitt í sýnishylkinu samkvæmt fyrirmælum lyfjæftirlitsmannsins. Í augsýn íþróttamannsins skal lyfjæftirlitsmaðurinn ganga úr skugga um að innsiglið sé fullnægjandi.

E.4.15 Innsiglaða sýnið skal varðveitt þannig að heilindi, þess, kennsl og öryggi spillist ekki, fyrir flutning frá lyfjæftirlitsstöð til löggiltrar rannsóknarstofu WADA, eða samþykkttri af WADA með öðrum hætti.

## Viðauki F – Þvagsýni –ófullnægjandi magn

### F.1 Tilgangur

Að tryggja þar sem Nægilegt þvagmagn til greiningar er ekki veitt, sé réttum verklagsreglum fylgt.

### F.2 Gildissvið

Verklagið hefst með því að upplýsa *ípróttamanninn* um að magn sýnisins sé ófullnægjandi til greiningar og endar með veitingu *sýnis* í nægilegu magni.

### F.3 Ábyrgð

*Lyfjæftirlitsmaðurinn* ber ábyrgð á að úrskurða magn sýnisins ófullnægjandi og á að taka frekari sýni til að ná samtals nægilega miklu magni.

### F.4 Kröfur

F.4.1 Ef magn sýnisins er ófullnægjandi skal *Lyfjæftirlitsmaðurinn* tilkynna *ípróttamanninum* að frekari sýni verði að veita til að uppfylla kröfur rannsóknarstofunnar um Nægilegt þvagmagn til greiningar

F.4.2 *Lyfjæftirlitsmaðurinn* skal fyrirskipa *ípróttamanninum* að velja hlutasýnisbúnað samkvæmt C.4.4.

F.4.3 *Lyfjæftirlitsmaðurinn* skal þá fyrirskipa *ípróttamanninum* að opna viðkomandi búnað, hella hinu ófullnægjandi sýni í ílátið og innsigla það samkvæmt fyrirmælum *lyfjæftirlitsmannsins*. *Lyfjæftirlitsmaðurinn* skal ganga úr skugga um í augsýn *ípróttamannsins* að ílátið hafi verið rétt innsiglað.

F.4.4 *Lyfjæftirlitsmaður* og *ípróttamaðurinn* skulu athuga að kóðanúmer á búnaði og magn og auðkenni sýnisins séu skráð af hálfu *lyfjæftirlitsmanns*. Annað hvort *ípróttamaðurinn* eða *Lyfjæftirlitsmaðurinn* skulu hafa umsjón með innsigluðu hlutasýni.

F.4.5 Meðan *ípróttamaður* bíður þess að veita viðbótarsýni skal fylgjast náið með honum og gefa honum möguleika á vökvainntöku.

F.4.6 Þegar *ípróttamaðurinn* getur gefið viðbótarsýni skal endurtaka verklagið við veitingu þess sem lýst er í viðauka D-Taka þvagsýnis þar til samanlagt magn sýnanna er orðið nægilega mikið.

F.4.7 Þegar *lyfjæftirlitsmanni* þykir þvagmagnið orðið nægilegt skal hann ásamt *ípróttamanninum* aðgæta heilindi innsiglisins á hlutasýnisílatinu með áður veittu ófullnægjandi sýni. *Lyfjæftirlitsmaður* skráir sérhverja óreglu við heilindi innsiglisins og skal það rannsakað frekar samkvæmt viðauka A-Rannsókn á hugsanlegri hunsun.

F.4.8 *Lyfjæftirlitsmaðurinn* skal síðan fyrirskipa *ípróttamanninum* að rjúfa innsiglið/in og blanda saman sýnunum og tryggja að viðbótarsýninu sé bætt í frumsýnið þar til fullnægjandi magni til greiningar er náð.

F.4.9 *Lyfjæftirlitsmaðurinn* og *ípróttamaðurinn* halda síðan áfram með ákvæði D.4.12 eða ákvæði D.4.14 eins og við á..

F.4.10 *Lyfjæftirlitsmaðurinn* athugar þvagleifar til að tryggja að þær uppfylli kröfur um hæfilega eðlisþyngd fyrir greiningu.

F.4.11 Þvagi skal þá og því aðeins fargað þegar bæði A og B flöskur hafa verið fylltar eins og lýst er í ákvæði D.4.1.4. Nægilegt þvagmagn til greiningar telst algert lágmark.

## **Annex G – Þvagsýni sem uppfylla ekki kröfur um hæfilega eðlisþyngd fyrir greiningu**

### **G.1 Tilgangur**

Að tryggja að þegar þvagsýni uppfyllir ekki kröfur um hæfilega eðlisþyngd fyrir greiningu, um pH eða tilgreinda þyngd sé fylgt viðeigandi verklagsreglum.

### **G.2 Umfang**

Verklagið hefst með því að Lyfjæftirlitsmaðurinn upplýsir *íþróttamanninn* um að frekari sýnis sé þörf og endar með töku sýnis sem uppfyllir kröfur um hæfilega eðlisþyngd fyrir greiningu eða viðeigandi eftirfylgni af hálfu lyfjæftirlitsins ef þörf krefur

### **G.3 Ábyrgð**

Lyfjæftirlitið ber ábyrgð á því að setja verklagsreglur til að tryggja að hæfileg sýni séu tekin. Ef upphaflega sýnið uppfyllir ekki kröfur um hæfilega eðlisþyngd fyrir greiningu, skal lyfjæftirlitsmaður bera ábyrgð á að taka frekari sýni þar til hæfilegt sýni hefur fengist.

### **G.4 Kröfur**

G.4.1 Lyfjæftirlitsmaðurinn skal skera úr um að kröfur um hæfilega eðlisþyngd fyrir greiningu hafi ekki verið uppfylltar.

G.4.2 Lyfjæftirlitsmaðurinn skal upplýsa *íþróttamanninn* um að hann verði að gefa viðbótarsýni.

G.4.3 Meðan *íþróttamaðurinn* bíður þess að veita viðbótarsýni skal fylgjast náið með honum.

G.4.4 *Íþróttamaðurinn* skal hvattur til að forðast vökvaþurrð því það gæti tafið veitingu á hæfilegu sýni.

G.4.5 Þegar *íþróttamaðurinn* er fær um að veita viðbótarsýnið, skal lyfjæftirlitsmaðurinn endurtaka verklagið fyrir sýnatökuna eins og lýst er í viðauka D-Taka þvagsýna.

G.4.6 Lyfjæftirlitsmaðurinn skal halda áfram að taka frekari sýni þar til kröfur um hæfilega eðlisþyngd fyrir greiningu hafa verið uppfylltar, eða þar til lyfjæftirlitsmaður ákveður að þetta séu undantekningaraðstæður, sem þýðir að ekki sé hægt að halda sýnistöku áfram. Lyfjæftirlitsmaður skráir þessar sérstöku aðstæður.

*G.4.6 Athugasemd: Það er á ábyrgð íþróttamannsins að veita sýni sem hefur hæfilega eðlisþyngd fyrir greiningu. Ef fyrsta sýnið er of þunnt, þarf íþróttamaðurinn ekki frekari vökvagjöf og skal forðast drykkju eftir fongum þar til sýni sem hefur hæfilega eðlisþyngd fyrir greiningu, hefur verið veitt. Lyfjæftirlitsmaðurinn skal biða sem lengst með að taka slíkt sýni. Lyfjæftirlitið má gefa út fyrimæli*

*fyrir lyfjæftirlitsmann til að ákvarða hvort einstakar aðstæður séu fyrir hendi sem gerir ókleift að halda áfram sýnistöku.*

G.4.7 *Lyfjæftirlitsmaðurinn* skal skrá að tekin sýni tilheyri einum *íþróttamanni* og í hvaða röð þau voru tekin.

G.4.8 *Lyfjæftirlitsmaðurinn* skal svo halda áfram með sýnistökuna í samræmi við D.4.16

G.4.9 Ef úrskurðað er að ekkert sýna íþróttamanns uppfylli kröfur rannsóknarstofunnar um hæfilega eðlisþyngd fyrir greiningu og *lyfjæftirlitsmaðurinn* telur ógerlegt að halda sýnatöku áfram, má *Lyfjæftirlitsmaðurinn* enda sýnatöku. Við þessar aðstæður má *lyfjæftirlitið* rannsaka hugsanlegt brot á lyfjareglum.

G.4.10 *Lyfjæftirlitsmaðurinn* sendir til greiningar á rannsóknarstofuna öll tekin sýni, án tillits til þess hvort þau uppfylltu kröfur um hæfilega eðlisþyngd fyrir greiningu.

G.4.11 Rannsóknarstofan skal í samráði við *lyfjæftirlitið* ákveða hvaða sýni skulu greind.

## Viðauki H – Kröfur fyrir *Sýnistökustarfsfólk*

### H.1 Tilgangur

Að tryggja að sýnistökustarfsfólk hafi engra hagsmuna að gæta og hafi næga menntun og reynslu til að sjá um sýnistökur.

### H.2 Gildissvið

Kröfur fyrir sýnistökustarfsfólk byrja með skilgreiningu hæfileika sem sýnistökustarfsfólk þarf að hafa og endar með ákvæðum um staðfesta gildingu.

### H.3 Ábyrgð

*Lyfjaeftirlitið* ber ábyrgð á öllum aðgerðum sem eru skilgreindar í þessum viðauka H.

### H.4 Kröfur-Hæfni og þjálfun

H.4.1 *Lyfjaeftirlitið* skal ákvarða nauðsynlega hæfileika og hæfniskröfur fyrir stöður *lyfjaeftirlitsmanns*, fylgdarmanns og blóðtökustarfsmanns. *Lyfjaeftirlitið* skal gera verklýsingu fyrir sýnistökustarfsfólk sem lýsir ábyrgð þeirra. Lágmarkskröfur:

- a) Sýnistökustarfsfólk skal vera lögráða.
- b) Blóðtökustarfmenn skulu hafa nægilega menntun og starfsreynslu sem þurfa þykir fyrir að taka blóð úr æð.

H.4.2 *Lyfjaeftirlitið* skal tryggja að sýnistökustarfsfólk sem hefur hagsmuna að gæta hvað varðar niðurstöðu sýnistöku eða prófun á sýni frá einhverjum *ípróttamanni* sem gæti þurft að gefa sýni við sýnistöku sé ekki skipað til starfa við sýnistökuna. Sýnistökustarfsfólk telst hafa hagsmuna að gæta við töku *sýnis* ef það er:

- a) Þátttakandi í skipulagi *ípróttarinnar* sem prófað er í; eða
- b) Tengt eða viðriðið persónuleg mál einhvers *ípróttamanns* sem gæti þurft að gefa sýni við viðkomandi sýnistöku.

H.4.3 *Lyfjaeftirlitið* skal koma á kerfi sem tryggir að sýnistökustarfsfólk sé nægum hæfileikum búið og þjálfað til að framfylgja skyldum sínum.

H.4.3.1 Þjálfunaráætlun fyrir blóðtökustarfmenn skal að lágmarki fela í sér að þeir læri rannsóknir á öllum viðkomandi kröfum fyrir sýnistökufærlið og kynni sér helstu varúðarráðstafanir við heilsugæslustörf.

H.4.3.2 Þjálfunaráætlun fyrir *lyfjaeftirlitsmenn* skal að lágmarki innihalda:

- a) Viðtæk fræðilega þjálfun í mismunandi tegundum prófaðgerða sem tengjast stöðu *lyfjaeftirlitsmanns*;

- b) Athugun á allri starfsemi *lyfjaeftirlits* sem tengjast kröfum í þessum viðmiðum, helst á vettvangi;
- c) Fullnægjandi framkvæmd á einni heilli sýnistöku á vettvangi undir eftirliti hæfs *lyfjaeftirlitsmanns* eða samsvarandi aðila. Kröfur sem tengjast veitingu *sýnis* skulu ekki tilheyra athugun á vettvangi.

H.4.3.3 Þjálfunaráætlun fyrir fylgdarmenn skal fela í sér lærdóm á öllum helstu kröfum fyrir sýnatökuferlið.

H 4.4 *Lyfjaeftirlitið* skal halda skrá um menntun, þjálfun, hæfni og reynslu.

## H.5 Kröfur–faggilding–endurveiting faggildingar og úthlutun verkefna

H.5.1 *Lyfjaeftirlitið* skal koma á kerfi fyrir faggildingu og endurveitingu faggildinga fyrir sýnistökustarfsfólk.

H.5.2 *Lyfjaeftirlitið* skal tryggja að sýnistökustarfsfólk hafi lokið þjálfunaráætluninni og sé kunnugt kröfum við þessi próf áður en faggilding er veitt.

H.5.3 Faggilding skal aðeins gilda að hámarki tvö ár. Sýnistökustarfsfólki er skylt að endurtaka fulla þjálfun hafi það ekki tekið þátt í sýnistökustarfi á árinu fyrir endurveitingu faggildingar.

H.5.4 Aðeins sýnistökustarfsfólk með faggildingu sem *lyfjaeftirlitið* viðurkennir hefur heimild *lyfjaeftirlitsins* að sjá um sýnistökustörf fyrir hönd *lyfjaeftirlitsins*.

H.5.5 *Lyfjaeftirlitsmenn* mega sjálfir framkvæma öll störf sem tengjast sýnistökunni að frátaldri blóðtöku nema þeir séu sérhæfðir til þess, eða þeir mega fela fylgdarmanni að framkvæma sérstakar aðgerðir sem falla undir heimilaðar skyldur fylgdarmanna.